

Bryndís Zoëga
Guðmundur St. Sigurðarson

Strandminjar við vestanverðan Skagafjörð 1. áfangi



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2016/159

Forsíðumynd: Sjóbúðatóft í landi Fossárteigs



© **Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson**
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2016/159

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	4
AÐFERÐARFRÆÐI	5
UM ORSAKIR LANDBROTS	6
ÚTRÆÐI FRÁ REYKJASTRÖND OG SKAGA	6
GAUKSSTAÐIR - SÖGUÁGRIP	8
FORNLEIFASKRÁNING	9
SKEFILSSTAÐIR - SÖGUÁGRIP	10
FORNLEIFASKRÁNING	11
BAKKI/BAKKAKOT (TILHEYRIR NÚ ÞORBJARGARSTÖÐUM)- SÖGUÁGRIP	16
FORNLEIFASKRÁNING	17
SÆVARLAND - SÖGUÁGRIP	22
FORNLEIFASKRÁNING	23
REYKIR - SÖGUÁGRIP	29
FORNLEIFASKRÁNING	30
INGVELDARSTAÐIR - SÖGUÁGRIP	47
FORNLEIFASKRÁNING	48
HÓLKOT - SÖGUÁGRIP	59
FORNLEIFASKRÁNING	59
DAÐASTAÐIR - SÖGUÁGRIP	65
FORNLEIFASKRÁNING	65
HÓLAKOT - SÖGUÁGRIP	68
FORNLEIFASKRÁNING	68
FOSSÁRTEIGUR - SÖGUÁGRIP	72
FORNLEIFASKRÁNING	72
FAGRANES - SÖGUÁGRIP	77
FORNLEIFASKRÁNING	78
STEINN	87
FORNLEIFASKRÁNING	87
MEYJARLAND - SÖGUÁGRIP	89
FORNLEIFASKRÁNING	89
INNSTALAND - SÖGUÁGRIP	97
FORNLEIFASKRÁNING	98
SKARÐ – SÖGUÁGRIP	106

FORNLEIFASKRÁNING	107
SAUÐÁ OG SAUÐÁRKRÓKUR – SÖGUÁGRIP	108
FORNLEIFASKRÁNING	109
SJÁVARBORG - SÖGUÁGRIP	112
FORNLEIFASKRÁNING	112
SAMANTEKT	113
NIÐURLAG	115
HEIMILDASKRÁ.....	116

Inngangur

Á árunum 2012-14 skráði Byggðasafn Skagfirðinga sjóminjar meðfram strandlínu Skagafjarðar að austanverðu fyrir styrk úr Fornminjasjóði. Ákveðið var að halda áfram með verkefnið og skrá einnig minjar að vestanverðu og fékkst einnig til þess styrkur úr Fornminjasjóði árið 2015.

Undirbúningur og heimildavinna hófst í apríl mánuði 2015 og var unnin af Bryndísi Zoëga landfræðingi. Vettvangsvinnan var unnin á haustmánuðum sama ár af Bryndísi og Guðmundi Stefáni Sigurðarsyni fornleifafræðingi. Skráð var strandlína 13 jarða frá Gauksstöðum að Innstalandi í suðri. Í skýrslunni er einnig gerð grein fyrir fornleifum í landi Innstalands, Sauðárkróksbæjar (áður Sauðár) og Sjávarborgar sem þegar hafði verið skráð af hálfu Byggðasafns Skagfirðinga.

Landeigendum og heimildamönnum þökkum við veitta aðstoð.

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt. Fornleifaskráningu er þó í raun aldrei lokið og staðir geta bæst við síðar sem einhverra hluta vegna hafa farið framhjá skrásetjurum við vettvangsskoðun. Þeim minjum þarf þá að bæta inn á fornleifaskrána. Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga.

Um tilgang Menningarminjalaga segir í 1. g. laga nr. 80 frá 29. júní 2012:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.”

3. gr.

Fornminjar.

Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. [...] Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

6. gr.

Rannsóknir á fornleifum.

Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.¹

Aðferðarfræði

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Í þessu tilviki var gengið með strandlínu jarðanna og minjar sem lágu við eða í nágrenni hennar skráðar. Skráð var um 100m breitt svæði við strandlengjuna en minjar sem lágu við eða skammt utan svæðisins voru einnig teknar með í skráningunni. Þær minjar fá að fylgja með í skýrslunni þar sem óvíst er hvort eða hvenær skráning fer aftur fram á svæðinu.

Í skýrslunni fá allar fornleifar verkefnisnúmer sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer, t.d. fær stekkjartóft í landi Skefilsstaða raðnúmerið 4 og framan við það er sett verkefnisnúmer (auðkennt Skefilsstaðir – 1733-74). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hífýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Hættumat kann að breytast síðar vegna aukinnar eða minnkaðrar hættu. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Þá er reynt að leggja mat á aldur minjanna í grófum dráttum og það birt í töflu aftast í skýrslunni. Þar sem heimildir eru um aldur minja er þess sérstaklega getið, annars staðar er aldur áætlaður útfrá útliti og ástandi, auk gróðurfars og grósku í og við minjarnar. Ástand getur verið fjölbreytt eftir aðstæðum, minjar fallið og troðist út á skömmum tíma meðan aðrar haldast stæðilegar um langan aldur. Gróðurfar er oft betri vísbending, þar sem minjar geta verið grænni og gróskumeiri en umhverfið í allt að tvö til þrjú hundruð ár, en fara eftir það að samlagast umhverfinu betur. Það verður því að taka þessum áætlaða aldri með fyrirvara.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Grunnflötur og útlit minjanna var mælt upp með gps tækjum eða punktur tekinn eftir atvikum. Þessar teikningar, punktar og línur voru færð inn á

¹ Heimasíða Alþingis. <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðuð þann 14.12.2015.

loftmyndir frá Loftmyndum ehf. í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Minjar sem ekki sjást á yfirborði en traustar heimildir eru fyrir hvar hafi staðið, s.s. minjar sem heimildamenn töldu sig geta staðsett með öryggi, voru sömuleiðis hnitsettar en þar má gera ráð fyrir allt að 50m skekkju.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Um orsakir landbrots

Hafstraumar og sjávarfallsstraumar eru alla jafna svo hægir að þeir megna ekki að rjúfa fast berg en þeir síðarnefndu geta þó í þröngum sundum og á landgrunni orðir nógu sterkir til að rofs af þeirra völdum gæti nokkuð. Bylgjuhreyfing sjávar er afkastamest sjávaraflanna við rof. Áhrifa hennar gæti einkum á grunnsævi með ströndum fram. Einna mestu spjöllin verða þegar djúpar lægðir ganga yfir í stórstraumi en þá hækkar sjávarborð um 1sm fyrir hvert millibar sem þrýstingur lækkar. Mikið tjón getur orðið á skömmum tíma eins og gerðist 8-9. janúar 1799 í mesta stormflóði sem um getur hérlandis. Þá gekk ofsaveður af suðvestri yfir landið á stórstraumi og eyddi m.a. verslunarstaðnum Básenda á Garðskaga.² En það er ekki eingöngu sjávarrof sem getur haft áhrif á minjar við ströndina því árrof, vindrof, vindsvörfun og frostþensla hafa einnig áhrif.

Útræði frá Reykjaströnd og Skaga

Af fornsögum má ráða að Gönguskarðsárós hafi verið skipgengur og þar skipalægi en í Landnámu segir frá því að landnámsmennirnir Sæmundur hinn suðureyski og Skefill hafi komið á skipum sínum í Gönguskarðsárós.³ Útræði hefur verið frá flestum jörðum á Reykjaströnd og Skaga þar sem að lendingar eru af náttúrunnar hendi. Í jarðabók frá 1709 eru lendingar sagðar á 25 jörðum af 34 en 6 þeirra sagðar lélegar og/eða aðeins nýttar að sumarlagi. Á þeim jörðum þar sem að lending var ekki fyrir hendi höfðu ábúendur oft skipsuppsátur á nálíggjandi jörðum. Þannig er þess t.d. getið að Skefilsstaðir eigi skipsuppsátur í Sævarlandsvík mót hrísrifi og hafa þessi ítök „brúkast í manna minni, en skipsuppsátrið ekki í nokkur ár.“⁴ Í sóknarlýsingum frá 1840 er getið um helstu lendingar. Í lýsingu Hvamms- og Ketusóknar eru lendingar sagðar bestar í Laxárvík og Selvík og var þar „sæmileg höfn fyrir kaupskip.“ Aðrar lendingar eru taldar í Fossvík, Fúlúvík, Hvalvík, Ketu, Mallandsvík, Kelduvíkurvík, Hraunsvík, Mánavíkurvík og Víknvík (eru tvær síðasttöldu í Húnavatnssýslum).⁵ Í sóknarlýsingu sr. Jóns Reykjalín fyrir Fagraness- og Sjávarborgarsókn segir hann lendingar hvergi vera góðar meðfram ströndinni og það sé brimasamara en við austanverðan Skagafjörð. Þrautalendingin sé, ef einhvers staðar, á Innstalandi. „Á sumri og vori má lenda rétt á hverjum bæ“. Aðrar lendingar telur hann Reykjavör, lendingu fyrir landi

² Þorleifur Einarsson, 174-175.

³ Íslendingasögur I. Landssaga og landnám, 142.

⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 21.

⁵ Sýslu og Sóknarlýsingar II, 11.

Ingveldarstaða, Búðarvík, Danskabás, lendingu á Meyjarlandi, Skarðskrók og Sauðárkrók.⁶ Í jarðabókinni 1709 er ekki getið um heimræði frá Steini og sagt að skipsuppsátur sé ekki á Meyjarlandi. Þó hefur verið róið frá báðum þessum jörðum í síðari tíð en lendingar sagðar slæmar.⁷

⁶ Sýslu- og sóknalýsingar II, 26.

⁷ Byggðasaga Skagafjarðar I, 235; 239.

Gauksstaðir - söguágrip

Gauksstaða er fyrst getið árið 1389 þegar Benedikt Brynjólfsson bóndi gaf Þórði Þórðarsyni presti jarðirnar Gauksstaði og Foss á Skaga.⁸ Í vitnisburði Jóns Þorvaldssonar ábóta á Þingeyrum um reka og rekamáldaga Reynistaðaklausturs frá 1511 kemur fram að klaustrið hafi átt fjórðung í reka milli Gauksstaðá og Fossár og allan viðarreka í Litlabási fyrir utan Gauksstaðá. Gauksstaðir áttu hússtöðu og fjárbeit í Skefilsstaðalandi.⁹ Í jarðabók frá 1709 er jarðarmat 20 hundruð og var jörðin bændaeign. Eigendur voru 2 en leigjandi bjó á jörðinni. Landskuld var 80 álnir og leigukúgildi 3,5 á öðrum helmingi en 2 á hinum. Rekavon er lítil „því festifjara er engin.“ „Heimræði hefur hjer ei brúkast, því lending er engin.“¹⁰ Í jarðamati frá 1918 segir að hvorki sé lending né fjörubeit en reki nokkur.¹¹ Eitthvað útræði mun þó hafa verið í svonefndum Gauksstaðabás en lending þar er slæm.¹²

Í manntali frá 1703 voru fjórir til heimilis að Gauksstöðum, Guðmundur Þorsteinsson skráður bóndi¹³ en hann var þar einnig búandi 1709 þegar að jarðabókin var skráð.¹⁴ Tólf bjuggu á Gauksstöðum þegar flest var árið 1855.¹⁵

⁸ Íslenskt fornbréfasafn III, 442.

⁹ Íslenskt fornbréfasafn VIII, 343.

¹⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 19-20.

¹¹ Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.myndir.handrit.is. Fasteignamat 1916-1918 – Skagafjarðarsýsla. ((242) 0119v). Skoðaður þann 13. 05.2015.


¹² Byggðasaga Skagafjarðar I, 127.

¹³ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is. Skoðaður 13.05.2015.

¹⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 19.

¹⁵ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is. Skoðaður 13.05.2015.

Fornleifaskráning



Mynd 1. Jón Stefánsson á Gauksstöðum í tóft 1733-1. Horft er til norðvesturs.

Gauksstaðir 1733-1

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: **Hætta vegna rofs.** Tóftin er innan við 4m frá sjávarbakkanum. Frá sjávarbakkanum og niður að klettunum hefur verið gróðurþekja sem nú er rofin að líkindum vegna veðurs og vinda og haldi það rof áfram getur minjunum stafað hætta af því. Við sjóinn eru snarbrattir klettur sem verja minjarnar og þeim ekki talin bráð hætta vegna landbrots nema fari að brjóta mikið úr klettunum.

Staðhættir

Merkin milli Gauksstaða og Foss við sjóinn eru við Landamerkjálæk. Austan við lækinn og innan við 4m frá sjávarbakkanum er tóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, 5x10m að utanmáli og snýr NV/SA. Dyr eru ógreinilegar en hafa mögulega verið við vesturhorn byggingarinnar. Veggir eru jarðsokknir, mest um 30sm háir og 1-2m á breidd. Tóftin er algróin grasi.

Gauksstaðir 1733-2

Sérheiti: Miðgötur

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Gamlar götur fundust ekki á þessum slóðum og heimildamaður Jón Stefánsson bóndi á Gauksstöðum mundi ekki eftir þeim en akfær vegslóði liggur til norðausturs og síðan norðurs frá Gauksstaðabænum í átt til sjávar. Ekki er ólíklegt að göturnar hafi horfið þegar byrjað var að keyra þessa leið.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Miðgatnalág heitir lægð, sem er skammt fyrir norðan Gauksstaðabæ, stutt frá sjó. Sennilega dregur hún nafn af götutroðningum, sem liggja til sjávar og heita Miðgötur.“ (Örnefnaskrá Gauksstaða, 1).

Skefilsstaðir - söguágrip

Skefilsstaðir koma fyrst fyrir í jarðakaupabréfi frá 1388 þegar Helluland og Ásgrímsstaðir í Hegræsi voru seldir fyrir Skíðastaði í Laxárdal. Áttu þá Skíðastaðir fjórðung í hvalreka fyrir Skefilsstöðum milli Sauðár og Gauksstaðaár.¹⁶ Skefilsstaðir komust í eign Reynistaðaklausturs 1434 þegar Húsfrú Margrét Bjarnadóttir gaf klaustrinu jörðina „með öllum þeim gögnum og gæðum. Hlutum og hlunnindum sem þeirri jörðu hefur fylgt að fornu og nýju (...).“¹⁷ Árið 1446 átti klaustrið Skefilsstaði með 8 kúgildum og var hún byggð fyrir 2 hundruð og kálf.¹⁸ Árið 1556 voru kúgildin 5 og landskuld 2 vættir og 10 aurar.¹⁹ Skefilsstaðir voru þingstaður Hvamms- og Ketúsókna.²⁰ Í jarðarbók 1709 er jarðardýrleiki sagður 16 hundruð og jörðin enn eign Reynistaðaklausturs. Landskuld var það ár 60 álnir en fyrir bóluna hafði það verið 90 álnir. Leigukúgildi voru 3 en höfðu verið 5. Rekavon var lítil „og varla teljandi“ en rekaítak í Gauksstaðabás sem þá hafði ekki verið nýtt í a.m.k. 16 ár. Skipsuppsátur var ekkert en skipstöðu átti jörðin aftur á móti í Sævarlandi fyrir hrísrif og höfðu ítök þessi brúkast í manna minni en skipsuppsátrið þó ekki í nokkur ár.²¹

Þegar manntal var tekið 1703 voru fjórir til heimilis að Skefilsstöðum en 16 þegar mest var árið 1860.²² Í fasteignamati frá 1918 segir að reki sé dálítill og lítið æðarvarp. Lending er vond og hættur fyrir sauðfé við sjó.²³

¹⁶ Íslenskt fornbréfasafn III, 426.

¹⁷ Íslenskt fornbréfasafn IV, 551.

¹⁸ Íslenskt fornbréfasafn IV, 701.

¹⁹ Íslenskt fornbréfasafn VIII, 143.

²⁰ Sýslu- og sóknalýsingar II, 13; Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.myndir.handrit.is. Fasteignamat 1916-1918- Skagafjarðarsýsla. ((241) 0119r). Skoðaður þann 13. 05.215.

²¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 20.

²² Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is. Skoðaður 13.05.2015.

²³ Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.myndir.handrit.is. Fasteignamat 1916-1918 – Skagafjarðarsýsla. ((241) 0119r). Skoðaður þann 13. 05.215.

Fornleifaskráning



Mynd 2. Atlahaugur 1733-3. Horft er til suðausturs.

Skefilsstaðir 1733-3

Sérheiti: Atlahaugur/Atladys

Hlutverk: Óþekkt, legstaður, torf/móstaflí

Tegund: Hóll/þúst

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Á mörkum þýfðs móa og mýrar (Atlamýrar) til suðvesturs, um 100m frá sjávarbakkanum er hóll sem nefndur er Atlahaugur.


Lýsing

Hóllinn eða þústin er um 2x4m að utanmáli og 100-130sm á hæð,

gróin grasi, mosa og lyngi. Ekki er hægt að ákvarða hvort um sé að ræða heiðinn legstað nema með frekari rannsókn. Ofan við er mýri og möguleg ummerki um mó- eða torftekju, hugsanlega eru þetta leifar af torfi eða mó sem staflað hefur verið til þurrkunar en aldrei sótt.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Nokkru innar [innan við Selabás] eru enn tvö sker stutt frá landi og heita Atlasker sem brýtur þó yfir á flóði. Ofan við sjávarbakkann er Atlamýri og ofan hennar Atlahaugur (65.55.01/19.52.30) u.þ.b. 100 metrum upp frá sjávarbakkanum, en Skálmarlækur, þar sem Þorbjörg þvoði blóðið af skálm sinni eftir víg Atla, fellur þarna vatnslítill í dálitlu vatnsgili fram til sjávar sunnan og austan við hauginn.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 132). Um Atlahaug segir í örnefnaskrá Skefilsstaða segir: „Nokkru innar er enn (tvö) sker fyrir landi, er nefnast Atlasker og fjaran þar upp af Atlaurð; þar er niðurgöngufært. Þar uppi á bakkanum er Atlamýri, og ofan við hana er Atlahaugur eða Atladys, er það þúfa, aflöng og ávöl, sem næst 3-4 metrar á lengd og 1 ½ metri á breidd, og er það alls ekki ólíkt því sem mannvirki væri.“ (Örnefnaskrá Skefilsstaða, 3).



Skefilsstaðir 1733-4

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: **Hætta vegna rofs.** Tóftin er um 4m frá sjávarbakkannum þar sem er brött gróin brekka, með vindsorfnunum brúnum, sem nær niður að klettum við sjóinn. Klettarnir verja höfðann fyrir sjávangi og eru minjarnar ekki í bráðri hættu meðan ekki brýtur úr klettunum.

Staðhættir

Merkin milli Skefilsstaða og Bakka eru við Bakkaá. Stekkjarhvammur er neðst í árgilinu að norðan og þar eru nokkrar tóftir auk matjurtagarða. Á grónum höfða við ána er stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt með lambakró til suðausturs en rétt til norðvesturs og hefur verið hlið á réttinni til austri. Hún liggur NV/SA og er 8x12m að utanmáli.

Veggir eru grasi grónir 30-60sm háir og mest um 2m á breidd. Að líkindum er tóftin byggð á eldri minjum (sjá 1733-5).

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Neðst í gilinu er Stekkjarhvammur. Þar er dálítill gróinn höfði sem áin sveigir suður fyrir áður en hún fellur í litlum fossi til sjávar.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 132). Í myndatexta á sömu blaðsíðu segir: „Stekkjarrústir í Stekkjarhvammi, horft yfir Sævarlandsvík yfir á Landsenda Tindastóls. Sævarland lengst til hægri. Í norðurvanga gilsins voru kartöflugarðar frá Skefilsstöðum og niðri á höfðanum er stekkjarrúst, raunar tvennar rústir, sú syðri lítil og mjög gömul, um 3,5x3m. Sú ytri er hálfhringlaga, opið er framúr til austurs fram á sjávarbakkann, sem er í fárra m fjarlægð, 9x7 m að utanmáli. Norðan við þessa rúst er smágarðstubbur sem girt hefur af höfðann eins og síkisgröf. Neðst í brekkunni, í kafgresi, er svo enn ein tóft.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 132).



Mynd 3. Horft eftir garðalagi nr. 1733-6 að stekkjartóft nr. 1733-4.

Skefilsstaðir 1733-5

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Hættumat: **Hætta vegna rofs.**

Minjarnar er um 4m frá frá sjávarbakkanum þar sem er brött gróin brekka, með vindsorfnum brúnum, sem nær niður að klettum við sjóinn. Klettarnir verja höfðann fyrir sjávangangi og eru minjarnar ekki í bráðri hættu meðan ekki brýtur úr klettunum.

Staðhættir

Merkin milli Skefilsstaða og Bakka

eru við Bakkaá. Stekkjarhvammur er neðst í árgilinu að norðan og þar eru nokkrar tóftir auk matjurtagarða. Á grónum höfða við ána er stekkjartóft á smá hól, líklega byggð á eldri minjum.

Lýsing

Hóllinn er grasi gróinn um 13x18m að utanmáli og er líklega leifar eldri minja.

Skefilsstaðir 1733-6

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hættu.

Staðhættir

Merkin milli Skefilsstaða og Bakka eru við Bakkaá. Stekkjarhvammur er neðst í árgilinu að norðan og þar eru nokkrar tóftir auk matjurtagarða. Á grónum höfða við ána er stekkjartóft (sjá 1733-4) og vestan við hana er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er grasi gróið, tæplega 17m langt, 40sm hátt og mest tæplega 2m á breidd. Það liggur frá árgili Bakkaár í vestri að stekkjartóft 1733-4. Á loftmynd virðist sem það geti verið framhald af garðinum austan við tóftina og fram á sjávarbrún en sá hluti sást ekki á vettvangi.

Skefilsstaðir 1733-7

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: **Hætta vegna rofs.** Tóftin er rúmlega 5m frá frá sjávarbakkanum þar sem er brött gróin brekka, með vindsorfnum brúnum, sem nær niður að klettum við sjóinn. Klettarnir verja höfðann fyrir sjávangangi og eru minjarnar ekki í bráðri hættu meðan ekki brýtur úr klettunum. Minjunum gæti hinsvegar stafað hættu af vindrofi.

Staðhættir

Merkin milli Skefilsstaða og Bakka eru við Bakkaá. Stekkjarhvammur er neðst í árgilinu að norðan og þar eru nokkrar tóftir auk matjurtagarða. Á grónum höfða við ána er stekkjartóft (nr. 1733-4) og 20m sunnan við hana fremst á höfðanum er önnur tóft.

Lýsing

Tóftin snýr austur/vestur og hafa dyr snúið til vesturs. Hún er algróin, 4x5m að utanmáli, veggir 10-30sm háir og rétt rúmlega metri á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Neðst í gilinu er Stekkjarhvammur. Þar er dálítill gróinn höfði sem áin sveigir suður fyrir áður en hún fellur í litlum fossi til sjávar.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 132). Í myndatekta á sömu blaðsíðu segir: „Stekkjarrústir í Stekkjarhvammi, horft yfir Sævarlandsvík yfir á Landsenda Tindastóls. Sævarland lengst til hægri. Í norðurvanga gilsins voru kartöflugarðar frá Skefilsstöðum og niðri á höfðanum er stekkjarrúst, raunar tvennar rústir, sú syðri lítil og mjög gömul, um 3,5x3m. Sú ytri er hálfhringlaga, opið er framúr til austurs fram á sjávarbakkann, sem er í fárra m fjarlægð, 9x7 m að utanmáli. Norðan við þessa rúst er smágarðstubbur sem girt hefur af höfðann eins og síkisgröf. Neðst í brekkunni, í kafgresi, er svo enn ein tóft.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 132).



Mynd 4. Matjurtagarður 1733-8 og ofan við hann er hleðsla nr. 1733-9. Horft er til NNV.

Skefilsstaðir 1733-8

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta vegna rofs. Minjarnar eru þegar að hluta uppblásnar og hætta er vegna áframhaldandi vindrofs.

Staðhættir

Merkin milli Skefilsstaða og Bakka eru við Bakkaá. Stekkjarhvammur er neðst í árgilinu að norðan og þar eru nokkrar tóftir auk matjurtagarðar. Í hvammbrekkunni efst að austan er garðlag og þar hefur að líkindum verið

matjurtagarður sem nú er að mestu uppblásinn.

Lýsing

Garðlagið er 20-40sm hátt, 30sm breitt og afmarkar sem svæði sem er rúmlega 600m² það er.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar eru eftirfarandi myndatekta: „Í norðurvanga gilsins [gili Bakkaár] voru kartöflugarðar frá Skefilsstöðum og niðri á höfðanum er stekkjarrúst, (...).“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 132).

Skefilsstaðir 1733-9**Hlutverk:** Girðing**Tegund:** Hleðsla**Hættumat:** Engin hætt.**Staðhættir**

Merkin milli Skefilsstaða og Bakka eru við Bakkaá. Stekkjarhvammur er neðst í árgilinu að norðan og hefur verið girtur af með girðingu og sést hleðslan undan henni.

Lýsing

Hleðslan er 30-50sm há og 20-40sm breið, hlaðin úr torfi og grjóti. Girðingin sem er tæplega 240m löng, liggur á norður og austurbrún Stekkjarhvamms og að hluta á árbakka Bakkaár vestast.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar eru eftirfarandi myndatexti: „Í norðurvanga gilsins [gili Bakkaár] voru kartöflugarðar frá Skefilsstöðum og niðri á höfðanum er stekkjarrúst, (...).“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 132).

Bakki/Bakkakot (tilheyrir nú Þorbjargarstöðum)- söguágrip

Jörðin hét upphaflega Bakki og kemur fyrst fyrir í heimildum 1379 þegar jörðin Sævarland í Laxárdal var seld með tilteknum hlunnindum.²⁴ Árið 1461 átti kirkjan á Miklabæ Bakka í Laxárdal með reka.²⁵ Vitnisburðarbréf var ritað á Ökrum í Blönduhlíð 1476 um að húsfrú Kristín Þorsteinsdóttir hafi gefið kirkjunni á Miklabæ jörðina Bakka með þeim ítökum, rekum og landamerkjum sem bréfið greinir. Þar er svo lýst: „Hálfan reka hvala og viðá frá nausttóft þeirri sem stendur undir melshorni við sjóinn í Bakka landi og út til Stóru Urðu fyrir sunnan Fjörustúf. Liggur sú urð undir mel. Í milli tveggja sandgilja er og réttsýni af þeim mel upp í tóftir þær sem standa undir garðendum fyrir sunnan völlinn á Bakka. Enn frá urðinni og út til Sauðár allar flutningar og að varðveita vogrek og skotmannshlut og slíkt fleira sem landeiganda ber til móts við rekamann. Á Bakki land fyrir ofan Fjörustúf. Enn Kristín sjálf á reka frá Stóruurð til Sauðár. Er sá reki kallaður Fjörustúfur.“²⁶ Árið 1709 hafði jörðin verið í eyði síðastliðin 8 ár og jarðardýrleiki hennar óviss. Landskuld var 20 álnir og leigukúgildi eitt og stundum tvö. Rekavon var sögð lítil og „heppnast sjaldan“ en þó átti jörðin engjatak í Þorbjargarstaðalandi fyrir rekapláss í Bakkakotslandi. Heimræði var en lendingin sögð bæði brimasöm og hættuleg og var sjaldan notuð nema um hásumar.²⁷

²⁴ Íslenskt fornbréfasafn III, 337.

²⁵ Íslenskt fornbréfasafn V, 325.

²⁶ Íslenskt fornbréfasafn VIII, 63-64.

²⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 21.

Fornleifaskráning



Mynd 5. Horft eftir sjávarbökkunum til suðurs í landi Bakkakots (nú Þorbjargarstaða). Meðfram bökkunum er gata 1733-10.

Bakkakot 1733-10

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata


Hættumat: **Hætta.** Minjarnar liggja nærri háum sjávarbökkum þar sem að rofs gætir vegna landbrots af völdum sjávar, veðurs og vinda.

Staðhættir

Gata liggur meðfram sjávarbakkanum til suðurs frá Bakkaá sem er á merkjum milli Skefilsstaða og Bakkakots.

Lýsing

Gatan var mæld bæði á vettvangi og af loftmyndum þar sem hún sést ágætlega. Hún er um 700m löng og endar við gamla akveginn (þjóðveginn). Þar hverfur hún og ekki er ólíklegt að hún hafi legið áfram til suðurs þar sem akvegurinn er nú.



Bakkakot 1733-11

Hlutverk: Sjóbúð, óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: **Hætta.** Tóftin er um 14m frá sjávarbakka þar sem að sjórinn hefur greinilega brotið af landi. Í rofbökkum sjást mannvistarleifar og byggingaleifar (nr. 1733-13 og 1733-14) sem nú eru að mestu leyti horfnar.

Staðhættir

Sævarlandsvík eða Víkin

nefnist víkin utan við Sævarland og Þorbjargarstaði. Þar rennur Laxá til sjávar. Vestur frá víkinni liggja háir og brattir sjávarbakkar og austur undir þeim er grasspilda og á henni tóftir. Sunnan og suðaustan við minjarnar liggur vegslóði niður í víkina. Samkvæmt ábúendum á Sævarlandi er svæðið kallað Naustin (Munnleg heimild: Jósefína Erlendsdóttir 23.09.15). Syðsta tóftin þarna er líklega sjóbúðartóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður, 4x5m að utanmáli og hafa dyr snúið mót austri. Veggir eru grjóthlaðnir og sér í hleðslur en tóftin að öðru leyti gróin grasi og mosa. Veggirnir standa nokkuð vel eru 20-50sm háir og rúmlega metri á breidd og aðeins hrúnið úr þeim við dyrnar.

Aðrar upplýsingar

Í vitnisburðarbréfi frá 1476 er getið um naust: „Hálfan reka hvala og viðá frá nausttóft þeirri sem stendur undir melshorni við sjóinn í Bakka landi og út til Stóru Urð fyrir sunnan Fjörustúf.“ (Íslenskt fornbréfasafn VIII, 64).



Mynd 6. Horft ofan á naustin. Minjarnar eru á bakkanum fyrir miðri mynd vinstra megin við vegslóðann (1733-11-14). Horft er ofan í Sævarlandsvík til austurs og efst á mynd sést Króksréttin (1733-15).

Bakkakot 1733-12

Hlutverk: Óþekkt, naust, hjallur

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta. Tóftin er um 5m frá sjávarbakka þar sem að sjórinn hefur greinilega brotið af landi. Í rofbökkum sjást mannvistarleifar og byggingaleifar sem nú eru að mestu leyti horfnar (sjá 1733-13-1733-14).

Staðhættir

Sævarlandsvík eða Víkin nefnist víkin utan við Sævarland og Þorbjargarstaði. Þar rennur Laxá til sjávar. Vestur frá víkinni liggja háir og brattir sjávarbakkar og austur undir þeim er grasspilda og á henni tóftir. Sunnan og suðaustan við minjarnar liggur vegslóði niður í víkina. Samkvæmt ábúendum á Sævarlandi er svæðið kallað Naustin (Munnleg heimild: Jósefína Erlendsdóttir 23.09.15). Norðan við tóft nr. 1733-11 er önnur tóft eða tvö samsíða garðlög/veggjalög.

Lýsing

Tóftin liggur norður/suður og er 5x7,5m að utanmáli. Hún er opin til beggja enda þar sem mögulega hefur verið timburþil. Veggir eru um 30sm háir og mest um 1,5m á breidd. Þeir eru grjóthlaðnir og sér í grjót í austari vegg en að öðru leyti eru þeir grónir grasi og mosa. Einnig er mögulegt að ekki sé um eina tóft að ræða heldur tvö garð- eða veggjalög. Hlutverk er óvíst en mögulega hefur verið þarna naust eða hjallur.

Aðrar upplýsingar

Í vitnisburðarbréfi frá 1476 er getið um naust: „Hálfan reka hvala og viðá frá nausttóft þeirri sem stendur undir melshorni við sjóinn í Bakka landi og út til Stóru Urð fyrir sunnan Fjörustúf.“ (Íslenskt fornbréfasafn VIII, 64).

Bakkakot 1733-13

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dældir

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots. Minjarnar eru á sjávarbakka og eru mjög illa farnar vegna landbrots af völdum sjávar. Þó er 40m breið fjara framan við minjarnar.

Staðhættir

Sævarlandsvík eða Víkin nefnist víkin utan við Sævarland og Þorbjargarstaði. Þar rennur Laxá til sjávar. Vestur frá víkinni liggja háir og brattir sjávarbakkar og austur undir þeim er grasspilda og á henni tóftir. Sunnan og suðaustan við minjarnar liggur vegslóði niður í víkina. Samkvæmt ábúendum á Sævarlandi er svæðið kallað Naustin (Munnleg heimild: Jósefína Erlendsdóttir 23.09.15). Fremst á bakkanum eru tvennar dældir og í rofnum bakkanum sést í mannvistarleifar.

Lýsing

Dældirnar eru skráðar saman en ekki er hægt að segja nema með frekari rannsókn hvort um eitt eða fleiri mannvirki er að ræða. Vestari dældin er 3,5x4m að utanmáli og mest um 30sm djúp en austari dældin er 2,5x4m að utanmáli og 5-20sm djúp. Hreinsað var snið í bakkann framan við dældirnar. Í sniðinu mátti sjá koladreif undir gjósku frá 1104 og mannvistarleifar ofan og neðan við gjóskulagið frá 1300. Þarna hafa verið mannvirki frá því fyrir árið 1104 og fram eftir öldum.

Aðrar upplýsingar

Í vitnisburðarbréfi frá 1476 er getið um naust: „Hálfan reka hvala og viðá frá nausttóft þeirri sem stendur undir melshorni við sjóinn í Bakka landi og út til Stóru Urð fyrir sunnan Fjörustúf.“ (Íslenskt fornbréfasafn VIII, 64).

Bakkakot 1733-14

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Mannvistarleifar

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots. Mannvistarleifar eru í rofnum sjávarbakka í Sævarlandsvík.


Staðhættir og lýsing

Sævarlandsvík eða Víkin nefnist víkin utan við Sævarland og Þorbjargarstaði. Þar rennur Laxá til sjávar. Vestur frá víkinni liggja háir og brattir sjávarbakkar og austur undir þeim er grasspilda og á henni tóftir. Sunnan og suðaustan við minjarnar liggur vegslóði niður í víkina.

Samkvæmt ábúendum á Sævarlandi er svæðið kallað Naustin (Munnleg heimild: Jósefína Erlendsdóttir 23.09.15).

Lýsing

Í rofi í sjávarbakkanum eru greinilegar mannvistarleifar, kolasalli 6-8mm þykkur yfir og undir meintri gjósku frá 1300 en ekki undir gjóskulagi frá 1104.



Bakkakot 1733-15

Sérheiti: Bakkarétt/Króksrétt

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots. Þegar hefur brotið af réttinni að norðan vegna ágangs sjávar.

Staðhættir

Í Sævarlandsvík rúmlega 100m vestan Laxár er rétt. Sjávarkambur er norðan réttarinnar, mýri að sunnan og lítil

tjörn suðvestan við.

Lýsing

Réttin er hringlaga, ytri hringur 54m í þvermál en innri hringurinn eða almenningurinn 26m í þvermál. Þeir eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Neðsti hlutinn er grjóthleðsla en ofan á henni er torfhleðsla úr klömbu. Torfveggir eru almennt stæðilegir en á köflum minni 10-140sm háir og mest um 2m á breidd. Veggir milli dilka hafa verið úr timbri og eru litlar leifar eftir af þeim aðrar en nokkrir staurar (punktar á teikningu). Aðalhlið réttarinnar hefur verið til norðvesturs og annað hlið til suðausturs og legið út í afgirt hólf, safngirðingu, sem var austan réttarinnar. Safngirðingin var tæplega 30x30m að innanmáli girt með vírgirðingu.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Inni í Sævarlandsvík stóð skilarétt fyrir Gönguskörð í Skarðshreppi, Laxárdal og Skaga út að Selá. Þar sér til tvennra rétta. Hin eldri er mjög vallgróin og var austur á bakka Laxár. Sú yngri var byggð sumarið 1908 og í notkun til 1972 (1973 samkvæmt örnefnaskrá bls. 4). Hún stendur spölkorn utar og vestar, útundir sjávarkambi við víkina, fallega hlaðin úr klömburhnausum, tveir hringir, almenningur og ytri hringur en skilveggir milli dilka voru úr timbri. Kostnaður við réttarbygginguna var samtals kr. 1.518 og var dilkspláss í réttinni talið vera fyrir 5.120 fjár, alls 19 dilkar. Réttin var á þessum tíma oft köllum Króksrétt.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 136). Í örnefnaskrá Þorbjargarstaða er getið um safngirðinguna: „Með klettunum að vestan heitir Holkrókur. Í honum var fé passað þegar réttað var, áður en safngirðingin kom austan við Bakkaréttina.“ (Örnefnaskrá Þorbjargarstaða, 3-4).

Bakkakot 1733-16

Hlutverk: Naust

Tegund: Heimild

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hálfan reka hvala og viðá frá nausttóft þeirri, sem stendur undir melshorni við sjóinn í Bakkalandi og út til Stóruðar fyrir sunnan Fjörustúf.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 135).

Lýsing

Samkvæmt heimildinni hefur naust verið undir melshorninu vestast í Sævarlandsvík. Þar eru minjar en engin greinileg tóft nausts. Mögulega er þó um að ræða minjar nr. 1733-15- 1733-17.

Sævarland - söguágrip

Sævarlands er fyrst getið árið 1379 þegar jörðin var seld Guðbjarti Eyjólfsyni presti. Þá var þar bænhus.²⁸ Björn Brynjólfsson kaupir Skíðastaði í Laxárdal 1388 og átti Sævarland þá þriggja vikna verk, engjar, stakkgarðsgjörð og upp höggvið gras í Skíðastaða jörð.²⁹ Í Jarðabókinni frá 1709 segir: „Hjer hefur að fornu bænhus verið, en affallið fyrir manna minni.” Jarðardýrleiki var óviss en landskuld eitt hundrað og 20 álnir og leigukúgildi 3 en höfðu áður verið 5. Selveiði hafði verið en ekki verið um nokkurt skeið og rekavon sögð lítil. Engjatak sem kallað var Sævarlandsteigur sem getið er um hér að framan var 1709 „mestalt komið í holt og mosa.” Skefilsstaðir höfðu skipsuppsátur í Sævarlandi fyrir hrísrif í Skefilsstaðalandi. „Heimræði er hjer og lending í betra lagi og gengur hjer eitt skip ábúanda, fleiri mætti gánga, ef hann fengi því við komið. Inntökuskip hafa hjer stundum verið tvö, og tók þá ábúandi í fisk af róðri af hvörju skipi í undirgift þeirra, sem kallast lóðarfiskur. Nú er hjer ekkert inntökuskip.”³⁰ Í jarðamati frá 1918 segir að trjáreki sé nokkur, ofurlítið æðarvarp og jörðin hafi útræði. Þá átti Hvammskirkja nokkuð af reka fyrir landi jarðarinnar.³¹ Árið 1703 bjuggu fimm að Sævarlandi en 15 þegar mest var 1880 og 1901.³²

²⁸ Íslenskt fornbréfasafn III, 336-337.

²⁹ Íslenskt fornbréfasafn III, 426.

³⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX bindi, 30-31.

³¹ Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.myndir.handrit.is. Fasteignamat 1916-1918 – Skagafjarðarsýsla. ((240) 0118v). Skoðaður þann 13. 05.2015.

³² Manntalsvefur Þjóðskjalasafn Íslands. www.manntal.is. Skoðaður 15.05.2015.

Fornleifaskráning

Sævarland 1733-17

Hlutverk: Lending

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið.

Staðhættir

Samkvæmt heimildum var lendingin framan við Skipagilin rúmlega 500m norðaustur frá bæ. Þar kemur jafnframt fram að útræði hafi veið hætt frá Sævarlandi um miðja 20. öld. Punktur var tekinn samkvæmt lýsingum í heimild. Samkvæmt Jósefínu Erlendsdóttur bónda á Sævarlandi er fjaran ekki svipur hjá sjón frá því sem áður var og hefur mikið breyst á síðustu árum (Munnl. heimild: Jósefína Erlendsdóttir 23.09.15).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Sævarlands segir: „Lending er fram af Skipagiljum og voru bátar settir upp í vestasta gilið yfir veturinn.“ (Örnefnaskrá Sævarlands, 3). Um lendinguna í Sævarlandsvík segir í Byggðasögu Skagafjarðar I. bindi: „Útræði og sjósókn hafa verið frá Sævarlandi um aldaraðir. Laxárvík, öðru nafni Sævarlandsvík, var talin önnur besta lending í Skefilsstaðahreppi.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 140). Þar segir einnig: „Norðaustur frá bænum skerst svokallað Skipagil í sjávarbakkann. Þar var lending og uppsátur bátanna. Niðri í gilinu var m.a. fisktökuskúr sem verslanir á Sauðárkróki áttu. Þar lét Valgarð Claessen kaupmaður m.a. veita móttöku fiski um eða fyrir aldamótin 1900. Skúr mun hafa staðið þarna fram um 1940 eða lengur. Var hér stundum skipað upp vörum og sumt af þeim geymt í skúrnum. Í Sævarlandsvík liggur brim miklu meira vestanmegin í norðanátt heldur en austan. Þess vegna var útræði úr Skipagilinu austan til í víkinni. Ófært gat verið svo vikum skipti að koma út báti vestan megin þótt fært væri austan megin. Víkin er óhrein af skerjum austan til og siglingaleið inn á víkina drjúgur spölur fyrir Landsendahorn og Sævarlandstapa. Miðað var þegar Sigguhól vestan við Laxá bar í Hrísgötur fyrir sunnan og ofan Þorbjargarstaði. Sjósókn var stunduð úr Sævarlandsvík fram um miðja 20. öld Síðastir reru þaðan bátum sínum Guðmundur Árnason á Þorbjargarstöðum og Hannes Benediktsson í Hvammi.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 140).



Mynd 7. Skúr nr. 1733-20 hefur að líkindum staðið á grasbalanum vinstra megin á myndinni. Horft er til NV.

búið á Sævarlandi síðan 1935 (Munnl. heimild: Regína Vilhjálmsdóttir 27.10.15). Þarna var mikill gróður og mannvirkjaleifar fundust ekki en þarna lágu hlutir af ýmsu tagi og framan við var um 90sm hár bakki sem gæti verið manngerður. Austan og norðaustan við er árabátur úr timbri. Hnit var tekið á grasbalanum, en gera má ráð fyrir allt að 30m skekkju á staðsetningu skúrsins.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Norðaustur frá bænum skerst svokallað Skipagil í sjávarbakkann. Þar var lending og uppsátur bátanna. Niðri í giliinu var m.a. fisktökuskúr sem verslanir á Sauðárkróki áttu. Þar lét Valgarð Claessen kaupmaður m.a. veita móttöku fiski um eða fyrir aldamótin 1900. Skúr mun hafa staðið þarna fram um 1940 eða lengur. Var hér stundum skipað upp vörum og sumt af þeim geymt í skúrnum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 140).



Mynd 8. Árabátur neðst í vestasta Skipagilinu. Þarna var uppsátur frá Sævarlandi. Horft er til austurs.

Sævarland 1733-18

Hlutverk: Skúr, geymsla

Tegund: Frásögn

Hættumat: Hætta vegna

landbrots. Minjarnar eru við fjöru þar sem landbrots gætir.

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt Regínu Vilhelmsdóttur á Sævarlandi var skúr á grasbala vestur af Skipagiljum (umræddur grasbali er tæpa 550m norðaustur af bænum). Þennan bala sagði hún vera nokkurn veginn það eina sem eftir er af fjörunni eins og hún man eftir henni fyrst en Regína hefur

Sævarland 1733-19

Hlutverk: Uppsátur

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna landbrots. Minjarnar eru við fjöru þar sem landbrots gætir.

Staðhættir

Fremst í vestasta Skipagilinu, efst í fjörunni, um 550m norðaustur frá bæ liggur tréarábátur.

Lýsing

Samkvæmt Regínu Vilhelmsdóttur á Sævarlandi voru bátarnir dregnir upp og hafðir á þessum slóðum, vestan við lækinn sem rann niður

gilið og til sjávar (Munnl. heimild: Regína Vilhjálmisdóttir 27.10.15). Bátarnir voru dregnir upp með spili. Árabáturinn sem liggur neðst í giliu virðist vera í manngerðu bátalægi.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Norðaustur frá bænum skerst svokallað Skipagil í sjávarbakkann. Þar var lending og uppsátur bátanna.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 140).



Mynd 9. Garðlag eða hleðsla nr. 1733-20 vestast á Fjöruhól. Horft er til suðvesturs og sést Laxá í baksýn. Handan árinna sést í gömlu skilaréttina upp af Sævarlandsvík.

Sævarland 1733-20

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag, hleðsla

Hættumat: Engin hætt.

Staðhættir

Sunnanvert á vesturenda Fjöruhóls er lítil hleðsla eða garðlag.

Lýsing

Garðlagið liggur SV/NA og er tæplega 9m langt. Það er 20-30sm hátt og mest tæplega 2m á breidd. Hlutverk og aldur er óþekkt. Í Byggðasögu Skagafjarðar segir að fornlegar tóftir (1733-24) séu á tveimur stöðum úti undir sjávarbakkanum. Þessar tóftir

fundust ekki við skráningu en mögulegt er að átt sé við umrædda hleðslu þó það virðist ekki sennilegt.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Norður frá bænum, upp af Fjöruhólnum, út undir sjávarbakkanum eru fornlegar tóftir á tveim stöðum í brekkuhalla með stuttu millibili, sennilegast af sjóbúðum, enda er hér skammt út og upp að Skipagili. Neðri tóftin virðist þrískipt en efri tóftin er tvískipt.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 140).



Mynd 10. Stallur, mögulega tóftaleifar nr. 1733-21 sunnanvert í Fjöruhól. Horft er eftir hólbrekkunni til VNV.

ógreinilegir 10-40sm háir, hæstir til norðurs upp í brekkuna. Óvíst er hvort að um sé að ræða tóftaleifar eða náttúrulegt fyrirbrigði en í Byggðasögu segir að tvennar fornar sjóbúðatóftir (nr. 1733-24) séu á þessum slóðum. Engar greinilegar tóftir fundust við skráningu haustið 2015 en mögulega er átt við umrædda dæld.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Norður frá bænum, upp af Fjöruhólnum, út undir sjávarbakkanum eru fornlegar tóftir á tveim stöðum í brekkuhalla með stuttu millibili, sennilegast af sjóbúðum, enda er hér skammt út og upp að Skipagili. Neðri tóftin virðist þrískipt en efri tóftin er tvískipt.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 140).



Mynd 11. Stallur 1733-22 sunnanvert í Fjöruhól. Mögulega mannvirkjaleifar. Horft er til norðvesturs.

Sævarland 1733-21

Hlutverk: Óþekkt, náttúrulegt, sjóbúð

Tegund: Dæld, stallur

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Sunnanmegin í Fjöruhól um 70m austur af vesturendanum er stallur í brekkuna.

Lýsing

Stallurinn er 5x12m að utanmáli og eru þúfur eða hleðsluleifar á honum sem skipta honum í tvennt. Stallurinn liggur þvert á brekkuna frá austri til vesturs. Veggir eru

Sævarland 1733-22

Hlutverk: Óþekkt, náttúrulegt, sjóbúð

Tegund: Stallur

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Sunnanmegin í Fjöruhól um 110m austur af vesturendanum er stallur eða dæld í brekkuna, mögulega tóftaleifar.


Lýsing

Stallurinn er um 1x4m að utanmáli og meðfram honum 20-30sm brún. Hann er grasi gróinn og óvíst hvort um leifar mannvirkis er að ræða. Í

Byggðasögu segir að tvennar fornar sjóbúðatóftir (nr. 1733-24) séu á þessum slóðum. Engar greinilegar tóftir fundust við skráningu haustið 2015 en mögulega er átt við stallinn/dældina sem skráð er hér.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Norður frá bænum, upp af Fjöruhólnum, út undir sjávarbakkanum eru fornlegar tóftir á tveim stöðum í brekkuhalla með stuttu millibili, sennilegast af sjóbúðum, enda er hér skammt út og upp að Skipagili. Neðri tóftin virðist þrískipt en efri tóftin er tvískipt.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 140).



Sævarland 1733-23

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Nyrst á Landsenda, rétt tæplega 1,5km norðaustur af Sævarlandsbænum er stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt 7x13m að utanmáli og snýr NV/SA. Hún er algróin grasi, veggir eru 30-40sm

háir og mest tæpir 2m á breidd. Hlið hefur verið til norðvesturs á NV-hólfi tóftarinnar en tvenn hlið virðast hafa verið á hólfinu sem liggur til SA.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Norðast á Landsenda undir brekkuhallanum eru rústir af rétt eða stekk. Árið 1918 var þetta notað sem aðhald fyrir kindur að sögn konu sem þá var unglingur á Sævarlandi. Tóftin er tvískipt, að nokkru hringlaga, 6-7 m á kant. Fyrir ofan er annar hálfhringur.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 139).

Horfnar óstaðsettar minjar

Sævarland 1733-24

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Sævarlands segir: „Sjóbúðir stóðu áður suðvestan í Fjöruhólnum, ofanverðum, og sjást tóftir tveggja þeirra ennþá, en syðstu tóftirnar eru komnar í tún.“ (Örnefnaskrá Sævarlands, 3).

Lýsing

Engar tóftir fundust við skráningu í september 2015. Regína Vilhelmsdóttir á Sævarlandi þekkti ekki til þessara minja en hún hefur búið á Sævarlandi frá árinu 1935 (Munnl. heimild: 27.10.15). Á þremur stöðum í brekkunni sunnan í Fjöruhólnum eru hleðslur og dældir (1733-20-22) sem gætu verið leifar sjóbúða en engar greinilegar tóftir fundust þar.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Norður frá bænum, upp af Fjöruhólnum, út undir sjávarbakkanum eru fornlegar tóftir á tveim stöðum í brekkuhalla með stuttu millibili,

sennilegast af sjóbúðum, enda er hér skammt út og upp að Skipagili. Neðri tóftin virðist þrískipt en efri tóftin er tvískipt.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 140).

Sævarland 1733-25

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt heimildamanni er gatan horfin og tún þar sem hún lá áður. Gatan lá í gegnum vik í Fjöruhólnum en hann er mikið breyttur frá því sem áður var (Munnl. heimild: Regína Vilhjálmsdóttir 27.10.15).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Sævarlands segir: „Sjávargatan lá meðfram Hornhúsi að ofan og Draugatóft að neðan. Hún lá niður í fjöru um miðjan Fjöruhól. Oft var erfitt að koma hestum fram hjá Draugatóft.“ (Örnefnaskrá Sævarlands, 3). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Norður frá bænum, upp af Fjöruhólnum, út undir sjávarbakkanum eru fornlegar tóftir á tveim stöðum í brekkuhalla með stuttu millibili, sennilegast af sjóbúðum, enda er hér skammt út og upp að Skipagili. Neðri tóftin virðist þrískipt en efri tóftin er tvískipt. Suður og niður frá þessum búðatóftum var Draugatóft og lá sjávargatan frá bænum rétt fyrir ofan. Oft var erfitt að koma hestum fram hjá Draugatóft.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 140).

Reykir - söguágrip

Reykir koma fyrst fyrir í Grettis sögu en þar segir m.a. frá því er Grettir synti úr Drangey. Eftir víg þeirra bræðra Grettis og Illuga í Drangey voru lík þeirra fyrst dysjuð í Drangey en síðar flutt í kirkjugarðinn á Reykjum.³³ Það er elsta og eina forna heimildin um kirkju og kirkjugarð þar. Reykir koma næst fyrir í afsalsbréfi fyrir Sævarland í Laxárdal frá 1379 og segir þar um landamerki milli jarðanna: „ræður háfjallið suður í Miðtind á fjallinu, en þaðan réttsýni ofan eftir Merki hólum og yfir í Gróhól fyrir sunnan Þorbjargarstaði en fyrir vestan ræður Laxá meðan hún fellur í fornum farveg (...).“³⁴ Reykir voru framan af í bændaeygn en á 16. öld voru þeir komnir í eign Reynistaðaklausturs³⁵ og árið 1556 þegar Gunnar Gíslason tók við klaustrinu af Oddi lögmanni Gottskálkssyni var landskuld 6 vættir og 10 aurar og kúgildi voru 4.³⁶ Í jarðabók 1709 segir að jörðinni sé sundur skipt í tvo bæi, Reyki og Minni-Reyki og var fyrrnefnda metin á 20 hundruð en Minni-Reyki á 10 hundruð.³⁷ Reykjakots er getið í heimildum frá 18. og 19. öld. Ekki er ólíklegt að um sama býli sé að ræða.³⁸ Ekki er vitað hvar þetta eða þessi býli voru. Bessakot var húsmannsbýli í landi Reykja og var síðast búið þar á árunum 1897-1904.³⁹

Árið 1703 bjuggu níu manns á Reykjum en 22 þegar flest var árið 1890 og var oft tvíbýli á jörðinni.⁴⁰

Í jarðabók frá 1709 er rekavon sögð sæmileg en hrognkelsatekja lítil. Lending er sögð grýtt og brimsöm „og brúkast því sjaldan nema um hásumar eður vor, og gengur hjer eitt skip ábúanda, fleiri ef hann kæmi því við.“⁴¹ Úr jarðamati 1918: „Fjörubeit mjög góð. Lending allgóð. Hrognkelsaveiði talsverð. Stutt og hægt til fiskveiða. Trjáreki talsverður.“⁴²

³³ Íslendingasögur sjötta bindi, 240; 272.

³⁴ Íslenskt Fornbréfasafn III, 337.

³⁵ Byggðasaga Skagafjarðar I, 196.

³⁶ Íslenskt Fornbréfasafn XIII, 143.

³⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. bindi, 33.

³⁸ Byggðasaga Skagafjarðar I, 202-203.

³⁹ Byggðasaga Skagafjarðar I, 203.

⁴⁰ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is. Skoðaður 15.05.2015.

⁴¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. bindi, 34.

⁴² Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.myndir.handrit.is. Fasteignamat 1916-1918 – Skagafjarðarsýsla. ((42) 0019v). Skoðaður 13.05.2015.

Fornleifaskráning



Mynd 12. Stekkjartóft (1733-26) vestast í Sandvíkinni. Horft er til norðurs.

Reykir 1733-26

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hættu vegna landbrots. Norðurveggir tóftar eru þegar hrundir vegna ágangs sjávar.

Staðhættir

Sandvík nefnist víkin vestan við Reykjadisk og í fjörunni vestast í henni er stekkjartóft. Fjaran umhverfis tóftina er hálfgróin en grýtt.


Lýsing

Tóftin snýr NV/SA er tvískipt og 10x11m að utanmáli. Um 25m

langur veggur liggur frá tóftinni til austurs og hefur að líkindum verið notaður til að auðvelda innrekstur. Réttin hefur verið nær brekkunni til suðvestur en króin norðaustan hennar. Hlið hefur verið á þeim báðum og snúið mót suðaustri. Veggir eru 20-100sm háir og rúmlega metri á breidd. Veggir mót norðri eru mikið hrundir vegna ágangs sjávar og tóftin full af reka.

Aðrar upplýsingar

Í Örnefnaskrá Reykja segir: „Nyrzt í Sandvíkinni er gamall Stekkur. Hann stendur að mestu enn. Upp af honum, uppi á bakkanum, heitir Stekkjarlaut. Í henni eru á nokkrum stöðum (a.m.k. þrem) húsatættur, en þar voru áður beitarhús frá Reykjum.“ (Örnefnaskrá Reykja, 7).



Reykir 1733-27

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna landbrots. Tóftin er fremst á brekkubrún ofan grýttrar fjöru. Neðan við eru grónir bakkar en um 80m utar brýtur sjórinn úr bökkunum.

Staðhættir

Fremst á hárrí en gróinni brekkubrún upp af grýttri fjörunni í Sandvík er stekkjartóft. Hún er tæplega 30m vestur af stekkjartóft nr. 1733-24.

Lýsing

Tóftin snýr NA/SV og er 9x14m að utanmáli. Réttin hefur verið til norðausturs en króin til suðvesturs og hefur að líkindum verið innangengt á milli. Hlið er á réttinni til til suðurs og mögulega hefur annað verið til norðausturs. Tóftin er algróin grasi og mosa, veggir eru 30-60sm háir og mest 2m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Stekkjarlaut heitir víðáttumikið kvosarsvæði vestur og upp af Sandvík. Þar er gróðurvænt og falla smálækir úr Lækjarhlíð um lautina. Í kvosinni vestur af víkurbotninum eru húsarústir á þrem hólum með stuttu millibili, hverjum upp af öðrum og slægjur talsverðar í grasmóðum. Rústirnar eru ekki auðráðnar en sú neðsta a.m.k. virðist vera af stekk. Hugsanlega hefur þarna einhvern tíma verið hjáleiga sem nú hefur týnt nafni sínu, tæplega þó Minni-Reykir, en e.t.v. er aðeins um að ræða beitarhús og stekki frá Reykjum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 203). Í Örnefnaskrá Reykja segir: „Upp af honum, uppi á bakkanum, heitir Stekkjarlaust. Í henni eru á nokkrum stöðum (a.m.k. þrem) húsatættur, en þar voru áður beitarhús frá Reykjum.“ (Örnefnaskrá Reykja, 7).

Reykir 1733-28**Hlutverk:** Óþekkt, beitarhús**Tegund:** Tóft**Hættumat:** Engin hætt.**Staðhættir**

Fremst á hárrí en gróinni brekkubrún upp af grýttri fjörunni í Sandvík er stekkjartóft nr. 1733-25 og um 35m vestan við hana er önnur tóft. Tóftin er í aflíðandi þýfðum móa- og mýrabolla innan um urðarhóla. Gróinn bakki er frá tóftinni til norðausturs í átt til sjávar.

Lýsing

Tóftin er þrískipt og snýr norðaustur/suðvestur, 9x11m að utanmáli. Tvennar dyr hafa verið og snúið mót norðaustri en óvíst er með dyr á milli hólfa þar sem innra fyrirkomulag er óljóst. Veggir eru að nokkru þýfðir, 20-40sm háir og um 2m á breidd, algrónir grasi og mosa.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Stekkjarlaut heitir víðáttumikið kvosarsvæði vestur og upp af Sandvík. Þar er gróðurvænt og falla smálækir úr Lækjarhlíð um lautina. Í kvosinni vestur af víkurbotninum eru húsarústir á þrem hólum með stuttu millibili, hverjum upp af öðrum og slægjur talsverðar í grasmóðum. Rústirnar eru ekki auðráðnar en sú neðsta a.m.k. virðist vera af stekk. Hugsanlega hefur þarna einhvern tíma verið hjáleiga sem nú hefur týnt nafni sínu, tæplega þó Minni-Reykir, en e.t.v. er aðeins um að ræða beitarhús og stekki frá Reykjum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 203). Í Örnefnaskrá Reykja segir: „Upp af honum, uppi á bakkanum, heitir Stekkjarlaust. Í henni eru á nokkrum stöðum (a.m.k. þrem) húsatættur, en þar voru áður beitarhús frá Reykjum.“ (Örnefnaskrá Reykja, 7).

Reykir 1733-29**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Hættumat:** Engin hætt.**Staðhættir**

Fremst á hárrí en gróinni brekkubrún upp af grýttri fjörunni í Sandvík er stekkjartóft nr. 1733-25 og 60m vestan við hana í aflíðandi móa er önnur tóft. Lækur rennur norðan við tóftina.

Lýsing

Tóftin er þrískipt, 12x13m að utanmáli. Veggir eru grasi og mosa grónir, 30-100sm háir og mest um 1,5m á breidd. Dyr hafa mögulega verið á NA-horni tóftar en aðrar dyr eru ekki greinanlegar. Við norðausturhorn tóftar er gróin ávöl þúst rúmlega 3m í þvermál og mest um 30sm há. Tóftin er á lágum grónum hól sem er um 16x20m að ummáli og hefur mögulega verið byggð á eldri minjum.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Stekkjarlaut heitir víðáttumikið kvosarsvæði vestur og upp af Sandvík. Þar er gróðurvænt og falla smálækir úr Lækjarhlíð um lautina. Í kvosinni vestur af víkurbotninum eru húsarústir á þrem hólum með stuttu millibili, hverjum upp af öðrum og slægjur talsverðar í grasmóðum. Rústirnar eru ekki auðráðnar en sú neðsta a.m.k. virðist vera af stekk. Hugsanlega hefur þarna einhvern tíma verið hjáleiga sem nú hefur týnt nafni sínu, tæplega þó Minni-Reykir, en e.t.v. er aðeins um að ræða beitarhús og stekki frá Reykjum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 203). Í Örnefnaskrá Reykja segir: „Upp af honum, uppi á

bakkanum, heitir Stekkjarlaust. Í henni eru á nokkrum stöðum (a.m.k. þrem) húsatættur, en þar voru áður beitarhús frá Reykjum.“ (Örnefnaskrá Reykja, 7).

Reykir 1733-30

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Ómetið. Þar sem að tóftin var ekki skráð á vettvangi er ekki unnt að meta hættu almennt en vegna nálægðar við aðrar skráðar minjar er hægt að segja að tóftin er ekki í hættu vegna landbrots af völdum sjávar.

Staðhættir og lýsing

Á lækjarbakka um 25m vestur af tóft nr. 1733-27 er mjög líklega tóft. Tóftin fannst ekki við vettvangsskráningu 2015, en mikill gróður var á svæðinu, á loftmynd má hins vegar greina mannvirki á þessum stað sem er mun ógreinilegra á myndinni en tóftir nr. 1733-25-27.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Stekkjarlaut heitir víðáttumikið kvosarsvæði vestur og upp af Sandvík. Þar er gróðurvænt og falla smálækir úr Lækjarhlíð um lautina. Í kvosinni vestur af víkurbotninum eru húsarústir á þrem hólum með stuttu millibili, hverjum upp af öðrum og slægjur talsverðar í grasmóðum. Rústirnar eru ekki auðráðnar en sú neðsta a.m.k. virðist vera af stekk. Hugsanlega hefur þarna einhvern tíma verið hjáleiga sem nú hefur týnt nafni sínu, tæplega þó Minni-Reykir, en e.t.v. er aðeins um að ræða beitarhús og stekki frá Reykjum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 203). Í Örnefnaskrá Reykja segir: „Upp af honum, uppi á bakkanum, heitir Stekkjarlaust. Í henni eru á nokkrum stöðum (a.m.k. þrem) húsatættur, en þar voru áður beitarhús frá Reykjum.“ (Örnefnaskrá Reykja, 7).



Mynd 13. Horft eftir suðurenda túngarðsins (1733-31) til norðausturs.

Reykir 1733-31

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hættu vegna landbrots. Norðurendi garðsins nær niður í fjöru þar sem að landbrots gætir.

Staðhættir

Vegur liggur frá Reykjum og að Sandvíkinni. Garðlag liggur meðfram honum á kafla áður en hann beygir til vesturs og fer með bakkanum ofan við víkina.

Lýsing

Garðlagið er tæplega 170m langt og liggur vestan við fyrrnefndan veg frá suðaustri til norðvesturs en beygir svo til norðausturs þar sem vegurinn fer í gegnum það. Það er 40-120sm hátt og um 2má breidd. Norðurendi garðsins nær niður í fjöru og hverfur þar.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Meðal annarra mannvirkja eru þá talin skemma, rangali og brunnhús, sjóbúðartóftir og hjallveggir, grjóthbyrgi kringum laugina, súrheysgröf er tekur 40 hesta af heyi, nýgerð hlandfor og vörslugarður utan frá sjó og suður fyrir ofan tún.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 1977).



Mynd 14. Hleðsla 1733-32 á sjávarbakkanum nyrst á Reykjadiski. Til hægri á mynd sést vel hvernig sjórinn er að naga úr bakkanum. Horft er til vesturs.

Reykir 1733-32

Hlutverk: Óþekkt, rétt

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots. Minjarnar standa yst á sjávarbakka og eru þegar að stórum hluta farnar í sjó.

Staðhættir

Nyrst á Reykjadiski, fremst á sjávarbakka er hleðsla, einföld röð stórra grjóthnullunga sem margir eru jarðfastir. Hleðslan er 8m löng frá sjávarbakkanum til suðausturs þar til hún beygir til austurs og nær þá 15m aftur að sjávarbakkanum. Grjótið er 10-30sm hátt og um

hálfur metri á breidd. Búið er að taka grjót úr hleðslunni og hlaða lítinn hálfhring innan hennar.

Reykir 1733-33

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag.


Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Fremsti hluti Reykjadisks er nefndur Grasdiskur og sunnanvert á honum þar sem hann er hæstur er matjurtagarður.

Lýsing

Garðlagið er 8x23m að utanmáli og snýr NA/SV. Veggir er 40sm háir og um 60sm á breidd.





Mynd 15. Matjurtagarður (1733-34) sunnan í Grasdisknum. Horft er til austurs.

eru greinanlegar. Leifar af vírneti eru utan við NV-horn.

Aðrar upplýsingar

Í Örnefnaskrá Reykja segir: „Tættur af gömlum kálgarði eru í brekkunni sunnan í Grasdiskinum.“ (Örnefnaskrá Reykja, 6).



Mynd 16. Hólarnir í tjörninni fyrir miðri mynd eru manngerðir og eru frá fyrri hluta 20. aldar. Horft er til suðurs.

Lýsing

Á tjörninni eru fjórir hólmar (3 segir í heimildum) sem munu vera gerðir af Friðvin Ásgrímssyni sem bjó á Reykjum 1894-1924. Hólmarnir voru mældir af loftmynd.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Ofan við Mölina er tjörn með þrem hólum í sem Friðvin Ásgrímsson lét gera í henni, væntanlega til að koma þar upp æðarvarpi, en æðarvarp hefur aldrei lánast á Reykjum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 198).

Reykir 1733-34

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Fremsti hluti Reykjadisks er nefndur Grasdiskur og undir brekkunni sunnan í honum er tóft. Þar sunnan við er starengi sem nefnist Flæðar og austan við það Tjörnin (sjá örnefnaskrá Reykja, 7).

Lýsing

Tóftin er 7x8m að utanmáli og snýr norður/suður. Veggir eru 40-70sm háir og metri á breidd. Engar dyr

Reykir 1733-35

Hlutverk: Óþekkt, varpstaður

Tegund: Hólmar

Hættumat: Hætta vegna

landbrots. Tjörnin er austan við Mölina, malarkamb sem skilur að sjóinn og tjörnina. Þarna gætir töluverðs landbrots af völdum sjávar.

Staðhættir og lýsing

Vestan við Mölina og norður af höfninni á Reykjum er tjörn sem nefnist Tjörnin.



Mynd 17. Reykjaleug hét áður þar sem að Grettislaug er í dag. Hún var hlaðin og notuð til þvotta.

Reykir 1733-36

Sérheiti: Reykjaleug

Hlutverk: Laug

Tegund: Uppspretta, heimild

Hættumat: Engin hættu. Mikið landbrot hefur verið þarna en búið er að reisa háa sjóvarnargarða sem að verja laugarnar.

Staðhættir

Tvær hlaðnar laugar eru á Mölinni, norðan við höfnina á Reykjum. Minni laugin (vestari) og jafnframt eldri er nefnd Grettislaug og var hlaðin 1980 en stærri laugin (austari) er nefnd Jarlslaug og var

hlaðin árið 2006 (sjá heimasíðu Drangeyjarferða. www.drangey.net. Skoðuð 28.10.15).

Lýsing

Reykjaleug og grjóthleðsla við hana hvarf í miklu brimi veturinn 1934 en samkvæmt heimildamanni var laugin þar sem Grettislaug, minni laugin er í dag (Munnl. heimild: Jón Eiríksson 23.09.15).

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hár og grýttur malarkambur liggur frá Diskinum suður að vörinni og sjóbúðunum og nefnist Mölin. Í henni miðja vegu er jarðhiti, allt að 70 gráðu heitt vatn sem kemur upp úr klöppum. Áður var hlaðin laug í kambinum, notuð til þvotta og nefndist Reykjaleug. Lítil pollur, rétt ofan og norðan Reykjaleugar, var kallaður Grettislaug. Í foráttubrimi um veturnætur 1934 tók af bæði Reykjaleug og Grettislaug og var brimið svo ofsafengið að gekk yfir Reykjadisk. Þá hefur Mölin færst ofar og kemur heita vatnið nú einkum upp sjávarmegin í kambinum. Annars hefur brim jafnan öðru hverju náð að skola yfir laugarnar og eyðileggja þar mannvirki í tímanna rás.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 198). Í Byggðasögu Skagafjarðar er getið um grjótbyrgi í kringum Reykjaleug: „Meðal annarra mannvirkja eru þá talin skemma, rangali og brunnhús, sjóbúðartóftir og hjallveggir, grjótbyrgi kringum laugina, súrheysgröf er tekur 40 hesta af heyi, nýgerð hlandfor og vörslugarður utan frá sjó og suður fyrir ofan tún.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 197). Þar kemur jafnframt fram að sund hafi verið kennt í Reykjaleug: „Ofan við Mölina er tjörn með þrem hólum í sem Friðvin Ásgrímsson lét gera í henni, væntanlega til að koma þar upp æðarvarpi, en æðarvarp hefur aldrei lánast á Reykjum. Velgja er í Tjörninni upp af þar sem Reykjaleug var og þar mun Hallgrímur Halldórsson bóndi á Steini hafa kennt sund á árunum 1730-1740.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 198).



Mynd 18. Jarlslaug frá 2006. Þar var áður laug sem nefnd var Grettislaug og hvarf í miklu brimi 1934.

Reykir 1733-37

Sérheiti: Grettislaug

Hlutverk: Laug

Tegund: Uppspretta, heimild

Hættumat: Engin hætta. Mikið landbrot hefur verið þarna en búið er að reisa háa sjóvarnargarða sem að verja laugarnar.

Staðhættir

Tvær hlaðnar laugar eru á Mölinni, norðan við höfnina á Reykjum. Minni laugin (vestari) og jafnframt eldri er nefnd Grettislaug og var hlaðin 1980 en stærri laugin (austari) er nefnd Jarlslaug og var

hlaðin árið 2006 (sjá heimasíðu Drangeyjarferða. www.drangey.net. Skoðuð 28.10.15).

Lýsing

Grettislaug hvarf í miklu brimi veturinn 1934 en samkvæmt heimildamanni var laugin þar nokkurn veginn þar sem Jarlslaug (hlaðin 2006) er í dag (Munnl. heimild: Jón Eiríksson 23.09.15).

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hár og grýttur malarkambur liggur frá Diskinum suður að vörinni og sjóbúðunum og nefnist Mölin. Í henni miðja vegu er jarðhiti, allt að 70 gráðu heitt vatn sem kemur upp úr klöppum. Áður var hlaðin laug í kambinum, notuð til þvotta og nefndist Reykjalaug. Lítill pollur, rétt ofan og norðan Reykjalaugar, var kallaður Grettislaug. Í foráttubrimi um veturnætur 1934 tók af bæði Reykjalaug og Grettislaug og var brimið svo ofsafengið að gekk yfir Reykjadisk.



Reykir 1733-38

Sérheiti: Naustið

Hlutverk: Naust, sjóbúð

Tegund: Tóft

Hætta: Hætta vegna landbrots. Sjóvarnargarðar verja höfnina að hluta sem og laugarnar og veginn að þeim en þeir ná ekki suður að tóftinni. Þó hefur nokkrum stórum steinum verið komið fyrir í fjörunni neðan tóftarinnar.

Staðhættir

Suðvestan við höfnina á Reykjum er búið að endurreisa tvennar sjóbúðir og hjall sem þar stóðu. Sunnan við sjóbúð nr. 1733-39 eru tóftir nausts og áfast að sunnan eru tvö hús, a.m.k. annað sjóbúð.

Lýsing

Tóftin snýr NNV/SSA og er 9x16m að utanmáli. Hún er þrískipt og hefur naust fyrir bát verið til norðurs NNV en tvö minni hús til SSV, annað þeirra sjóbúð sem síðast var notað sem reykkofi. Veggir eru grjóthlaðnir 20-120sm háir, hærri í syðri húsunum en naustinu en þar hafa veggir líklega að einhverju leyti verið úr torfi. Það er svolítið hrútið úr vegggleðslum sem eru 1-1,5m á breidd. Dyr hafa verið á öllum húsum og snúið til NNV, SV og SSA.

Aðrar upplýsingar

Í Örnefnaskrá Reykja segir: „Stórt, bátanaust, kallað Naustið, var á bakkanum, stutt sunnan við ytri sjóbúðina en orðan við syðri sjóbúðina. Niður af sjóbúðunum er Vörin. Bátaspil var á milli Naustsins og ytri sjóbúðarinnar, beint upp undir Vörinni.“ (Örnefnaskrá Reykja, 5). Í Byggðasögu Skagafjarðar kemur fram að naustið hafi verið þaklaust (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 201).



Mynd 19. Gamla sjóbúðin á Reykjum. Í Byggðasögu Skagafjarðar (I. bindi bls. 202) kemur fram að báturinn hafi verið eign Gunnars Guðmundssonar bónda. Ljósmyndari Páll Jónsson. Birt með leyfi Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.

verið að mestu byggt úr timbri með timburgrind og -pili til norðurs og suðurs en grjót og mögulega torfhlaðnir veggir hafa verið til austurs og vesturs. Stór hurð hefur verið á framþili sem snéri til suðurs auk tveggja glugga. Húsið sem reist var á tóftinni er í gömlum stíl en þó ekki líkt upprunalegu byggingunni. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti og timburpil til norðurs og suðurs. Það er 7,5x9m að utanmáli og ekki er ósennilegt að sjóbúðin sem stóð þarna áður hafi verið svipuð að grunnmáli. Sjóbúðin var byggð á árunum 1994-1998 (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 201).

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Meðal annarra mannvirkja eru þá talin skemma, rangali og brunnhús, sjóbúðartóftir og hjallveggir, grjótbyrgi kringum laugina, súrheysgröf er tekur 40 hesta af heyi, nýgerð hlandfor og vörslugarður utan frá sjó og suður fyrir ofan tún.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 197). Í Örnefnaskrá Reykja segir: „Niður af Ýsulaut, á sjávarkambinum var Hjallurinn og tvær sjóbúðir. Sjóbúðirnar eru nú báðar hrundar. Önnur stóð fast fyrir neðan hjallinn og hrundi hún í fyrra.“ (Örnefnaskrá Reykja, 5).

Reykir 1733-39

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Heimild

Hætta: Hætta vegna landbrots.

Sjóvarnargarður sem ver höfnina nær suður að húsinu og endar þar. Þarna er hann umfangsminni og mögulegt að sjórinn nái að minjunum í mjög miklu brimi.

Staðhættir

Sjóbúð var við fjöruna suðvestan við höfnina sem nú er þar sem lendingin var áður. Þar stendur nú hús sem endurreist var á sjóbúðatóftinni (Munnl. heimild. Jón Eiríksson 23.09.15).

Lýsing

Sjóbúðina má sjá á ljósmynd Páls Jónssonar sem tekin var ca. 1945-46 og er í eigu Héraðsskjalasafns Skagfirðinga. Húsið hefur



Mynd 20. Á myndinni er húsið sem reist var á grunni sjóbúðarinnar. Það er nú nýtt við ferðaþjónustu



Mynd 21. Hjallurinn sem reistur var á tóftum eldri hjalls (sjá nr. 1733-40).

Reykir 1733-40

Hlutverk: Hjallur

Tegund: Heimild

Hætta: Hætta vegna landbrots.

Húsið er reist á grunni hjalls sem þarna stóð. Það er aðeins um 15m frá fjörunni þar sem að landbrots gætir. Sjóvarnagarðar verja þó strandlengjuna að hluta.

Staðhættir

Sjóbúð (nr. 1733-36) var við fjöruna suðvestan við höfnina sem nú er þar sem lendingin var fyrrum og 15m suðvestan við hana var hjallur og naust (nr. 1733-36) 5m

austur af honum.

Lýsing

Timburhjallur hefur verið endurreistur á rústum eldri hjalls. Húsið er um 7x9m að utanmáli og má gera ráð fyrir að stærðin sé svipuð og eldra hjallsins. Húsið snýr NV/SA og er timburþil að framan og aftan en grjóthleðslur utan með veggjum til NA og SV. Gras er á þaki. Mögulega eru einhverjar hleðslur varðveittar undir húsinu.

Aðrar upplýsingar

Um hjallinn segir í Byggðasögu Skagafjarðar I. bindi: „Sunnan við búðina var spil til að draga báta upp úr fjörunni og síðan kom þaklaust naust. Fast sunnan við það var reykkofi en hjallur stuttu ofar. Sjást tóftir þessara mannvirkja en spilið er með öllu horfið.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 201). Í Örnefnaskrá Reykja segir: „Niður af Ýsulaut, á sjávarkambinum var Hjallurinn og tvær sjóbúðir. Sjóbúðirnar eru nú báðar hrundar. Önnur stóð fast fyrir neðan hjallinn og hrundi hún í fyrra.“ (Örnefnaskrá Reykja, 5).

Reykir 1733-41

Hlutverk: Spil

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt heimildum var spil til að draga báta upp úr fjörunni sunnan við sjóbúðina (sjá nr. 1733-38).

Lýsing

Spilið er horfið en punktur var tekinn af loftmynd og má gera ráð fyrir allt að 15m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Um hjallinn segir í Byggðasögu Skagafjarðar I. bindi: „Sunnan við búðina var spil til að draga báta upp úr fjörunni og síðan kom þaklaust naust. Fast sunnan við það var reykkofi en hjallur stuttu ofar. Sjást tóftir þessara mannvirkja en spilið er með öllu horfið.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 201).

Reykir 1733-42**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Heimild**Staðhættir og lýsing**

Við sjávarbakkann er hús sem byggt er með gömlu lagi og nýtt sem salernisaðstaða. Samkvæmt heimildamanni voru einhverjar tóftir en enginn uppistandandi mannvirki þegar húsið var reist nú horfið undir bygginguna (Munnl. heimild: Jón Eiríksson 18.12.15). Ekki er vitað um ástand minjanna undir húsinu.

Reykir 1733-43**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Hleðsla

Hætta: Mikil hætta vegna landbrots. Hleðslan er við fjöru þar sem töluvert landbrot hefur verið.

Staðhættir

Við sjávarbakkann suðaustan við hús sem byggt er með gömlu lagi og nýtt sem salernisaðstaða er hleðsla, mögulega leifar mannvirkis.

Aðrar upplýsingar

Hleðslan er um 9m löng frá NV til SA og 1,5-3m á breidd. Hún er grasi gróin en sér í grjót í útbrún. Hæð er 10-40sm. Hleðslan liggur niður á sjávarbakka og er mögulega leifar mannvirkis sem er þá líklega brotið af til NA.

Reykir 1733-44**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Þúst


Hætta: Mikil hætta vegna landbrots. Þústin er á sjávarbakka þar sem landbrot er og þegar er brotið af minjunum.

Staðhættir

Um 100m suðaustur frá húsunum við gömlu landinguna á Reykjum er þúst á sjávarbakkanum.

Lýsing

Þústin er 2x7m að ummáli og liggur NV/SA. Hún er 30-60sm há og grasi gróin nema endinn sem snýr til sjávar og er rofinn af ágangi sjávar. Í rofinu er greinileg torf með gjósku frá 1104, endi af mannvirki af einhverju tagi.



Reykir 1733-45

Hlutverk: Fjárhús, hesthús

Tegund: Tóft

Hættumat: **Hætta.** Minjarnar eru um 60m frá sjávarbakka þar sem að landbrot er töluvert.

Staðhættir

Í túni um 200m suður af höfninni á Reykjum og 60m vestur frá sjávarbakkanum er fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin er 10x23m að utanmáli

og snýr NA/SV. Til NA eru fjárhús með garða en til SV heytóft. Veggir eru 40-120sm háir og 1,5x2,5m að utanmáli. Leifar af timburgrind hússins og bárujárnir eru í tóftinni. Í fjárhúsinu eru veggir grjóthlaðnir í eins metra hæð.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Bessakot var húsmannsbýli niðri á mounum spölkorn upp frá sjónum. Þar bjó síðast fólk á árunum 1897-1904. Á Bessakoti voru síðar byggð fjárhús og sjást þar skýrar tóftir þeirra en umhverfis var stórþýfður mór en grasgefinn, óbilandi land til beitar og óx þar mikið af ilmrey. Samt var mórinn ekki heyjaður á seinni tíð utan einu sinni á árunum fyrir 1950 vegna þess hve illt var að slá hann. Það gerði Málfræð Friðriksson á Sauðárkróki og bjó hann þar með fjölskyldu sína í fjárhúsunum á meðan hann heyjaði.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 203). Í Örnefnaskrá Reykja segir: „Utan (norðan) við Lækjarhvamminn var áður kargaþýfður vallendismór sem hét Bessakotsmór. Þar í mounum var hjáleigukotið Bessakot. Nú er búið að slétta þetta svæði en þaklaus fjárhús standa þar sem Bessakotstóftirnar voru. Alltaf stóð einhvert hús á Bessakotsrústunum. Síðast stóð þar hesthús áður en Gunnar byggði þar fjárhúsin (þ.e. þaklausu fjárhúsin sem áður eru nefnd).“ (Örnefnaskrá Reykja, 4).

Reykir 1733-46

Sérheiti: Bessakot?

Hlutverk: Óþekkt, híbýli

Tegund: Tóft

Hættumat: **Hætta.** Minjarnar eru frá 60m frá sjávarbakka þar sem að landbrot er töluvert.

Staðhættir

Í túni um 200m suður af höfninni á Reykjum og 60m vestur frá sjávarbakkanum er fjárhústóft og fast vestan við hana önnur tóft minni.

Lýsing

Tóftin er 5x6m að utanmáli og snýr NV/SA. Hún er grasi gróin og veggir um 10sm háir og 1,3-2m á breidd. Mögulega er þarna hluti af húsmannsbýlinu Bessakoti sem þarna var.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Á Bessakoti voru síðar byggð fjárhús og sjást þar skýrar tóftir þeirra en umhverfis var stórþýfður mór en grasgefinn, óbilandi land til beitar og óx þar

mikið af ilmrey. Samt var mórinn ekki heyjaður á seinni tíð utan einu sinni á árunum fyrir 1950 vegna þess hve illt var að slá hann. Það gerði Málfréð Friðriksson á Sauðárkróki og bjó hann þar með fjölskyldu sína í fjárhúsunum á meðan hann heyjaði.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 203). Í Örnefnaskrá Reykja segir: „Utan (norðan) við Lækjarhvamminn var áður kargaþýfður vallendismór sem hét Bessakotsmór. Þar í mónum var hjáleigukotið Bessakot. Nú er búið að slétta þetta svæði en þaklaus fjárhús standa þar sem Bessakotstóftirnar voru. Alltaf stóð einhvert hús á Bessakotsrústunum. Síðast stóð þar hesthús áður en Gunnar byggði þar fjárhúsin (þ.e. þaklausu fjárhúsin sem áður eru nefnd).“ (Örnefnaskrá Reykja, 4).

Reykir 1733-47

Sérheiti: Bessakot

Hlutverk: Híbyli

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í túni um 200m suður af höfninni á Reykjum og 60m vestur frá sjávarbakkanum er fjárhústóft og fast vestan við hana önnur tóft minni. Tóftirnar standa þar sem áður var Bessakot í Bessakotsmó. Bessakot er nú að líkindum alveg horfið nema að tóft sjá nr. 1733-46 séu leifar af kotinu.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Bessakot var húsmannsbýli niðri á mónum spölkorn upp frá sjónum. Þar bjó síðast fólk á árunum 1897-1904. Á Bessakoti voru síðar byggð fjárhús og sjást þar skýrar tóftir þeirra en umhverfis var stórþýfður mór en grasgefinn, óbilandi land til beitar og óx þar mikið af ilmrey. Samt var mórinn ekki heyjaður á seinni tíð utan einu sinni á árunum fyrir 1950 vegna þess hve illt var að slá hann. Það gerði Málfréð Friðriksson á Sauðárkróki og bjó hann þar með fjölskyldu sína í fjárhúsunum á meðan hann heyjaði. Nú er Bessakotsmór orðinn að sléttu túni. Bessakot byggðist í móðuharðindunum en féll síðan í eyði og er ekki kunnugt um fólk þar fyrr en um síðustu aldamót þótt trúlegt verði að telja að þar hafi húsfólk verið mun oftár.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 203). Í Örnefnaskrá Reykja segir: „Utan (norðan) við Lækjarhvamminn var áður kargaþýfður vallendismór sem hét Bessakotsmór. Þar í mónum var hjáleigukotið Bessakot. Nú er búið að slétta þetta svæði en þaklaus fjárhús standa þar sem Bessakotstóftirnar voru. Alltaf stóð einhvert hús á Bessakotsrústunum. Síðast stóð þar hesthús áður en Gunnar byggði þar fjárhúsin (þ.e. þaklausu fjárhúsin sem áður eru nefnd).“ (Örnefnaskrá Reykja, 4).

Reykir 1733-48

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í túni um 200m suður af höfninni á Reykjum og 60m vestur frá sjávarbakkanum er fjárhústóft og fast vestan við hana önnur tóft minni. Þar stóð hesthús áður en fjárhúsin voru reist. Hesthúsin er horfin og þarna eru nú aðeins tættur fjárhúsa sem byggð voru á sama stað.

Aðrar upplýsingar

Í Örnefnaskrá Reykja segir: „Utan (norðan) við Lækjarhvamminn var áður kargaþýfður vallendismór sem hét Bessakotsmór. Þar í mótum var hjáleigukotið Bessakot. Nú er búið að slétta þetta svæði en þaklaus fjárhús standa þar sem Bessakotstóftirnar voru. Alltaf stóð einhvert hús á Bessakotsrústunum. Síðast stóð þar hesthús áður en Gunnar byggði þar fjárhúsin (þ.e. þaklausu fjárhúsin sem áður eru nefnd).“ (Örnefnaskrá Reykja, 4).

Reykir 1733-49

Sérheiti: Húkkandi

Hlutverk: Mið

Staðhættir

Í Örnefnaskrá Reykja segir: „Í fjörunni sunnan og neðan við Bessakotið er stór steinn nefndur Húkkandi. Fiskimið er í suðaustur af honum, í stefnu norðaustan við Ingveldarstaðahólma. –Á þá Húkkandinn að bera í Bessakotið. Miðið heitir Húkkandi og talað er um að vera á Húkkandanum.“ (Örnefnaskrá Reykja, 4).

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni var steinn í fjörunni neðan við Bessakotið og aðeins sunnar. Lítið sést eftir af honum núna og voru hnit tekin af loftmynd og því má gera ráð fyrir allt að 50sm skekkju (Munnl. heimild: Jón Eiríksson 18.12.15).

Reykir 1733-50

Sérheiti: Litlaborg

Hlutverk: Huldufólksbústaður


Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Lág klettaborg, Litlaborg er um 60m upp (vestur/suðvestur) af Daufuvík og 700m suður af höfninni á Reykjum. Þar var samkvæmt heimildum bústaður huldufólks. Klettaborgin var mæld af loftmynd.

Aðrar upplýsingar

Í Örnefnaskrá Reykja segir: „Rétt ofan við Daufuvík, sunnan Reykjaár, eru nokkrir stórir staksteinar og klettabrík. Heitir það Litlaborg. Hún var talin bústaður huldufólks.“ (Örnefnaskrá Reykja, 3).



Reykir 1733-51

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Lág klettaborg, Litlaborg er um 60m upp (vestur/suðvestur) af Daufuvík og 700m suður af höfninni á Reykjum. Á litlum hóli norðaustan undir klettaborginni er tóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og liggur NA/SV, 8x11m að utanmáli.

Veggir eru þýfðir að innan sem utan og tóftin virðist gömul. Þeir eru 30-60sm háir og eru 1,5x2,5m á breidd. Dyr hafa mögulega verið á skammveggjum annars vegar til norðausturs og aðrar mögulega til suðurs. Tóftin gæti verið byggð á eldri minjum.

Reykir 1733-52

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots. Tóftin er á sjávarbakka þar sem að landbrots gætir.


Staðhættir

Daufavík nefnist vík um 740m SSA af höfninni á Reykjum og upp af henni eru minjar. Frá Reykjadiski að Daufuvík hefur strandlengjan legið nokkurn veginn frá norðri til suðurs, frá vikinni stefnir hún til sauðausturs. Á smáþýfður, grasgefnum sjávarbakkanum upp af suðurenda víkurinnar er tóft.

Á smáþýfður, grasgefnum sjávarbakkanum upp af suðurenda víkurinnar er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr NA/SV, 6x10m að utanmáli. Hún er þýfð og fremur óljós, veggir 30-40sm háir og 1-2,5m breiðir. Tóftin er grasi gróin en talsvert er af grjóti við suðvestur enda hennar.



Reykir 1733-53

Hlutverk: Óþekkt, mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots. Minjarnar eru á sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

Staðhættir

Daufavík nefnist vík um 740m SSA af höfninni á Reykjum og upp af henni eru minjar. Frá Reykjadiski að Daufuvík hefur strandlengjan legið nokkurn veginn frá norðri til suðurs, frá víkinni stefnir hún til sauðausturs. Á smápýfður, grasgefnum sjávarbakkanum upp af víkinni eru nokkrir niðurgreftir.

Lýsing

Niðurgreftirnir eru fimm og eru 30-80sm djúpir. Hlutverk er óvisst en mögulega hafa verið þarna mógrafir en um 50sm mólag er á um 25sm dýpi í rofnum sjávarbakkanum framan við minjarnar.

Ingveldarstaðir - söguágrip

Ingveldarstaðir koma fyrst fyrir í heimildum frá árinu 1471.⁴³ Í jarðabók 1709 segir að bænhús hafi verið á Ingveldarstöðum að fornu „affallið hjer um fyrir vel 20 árum, en ekki tíðir veittar í manna minni.“ Hólkot var upprunalega hjáleiga frá Ingveldarstöðum en varð síðar sér jörð og var 1709 talin fimmtungur jarðarinnar. Auk Hólkots er getið um fjórar eyðihjáleigur: Snorrakot, Garðakot, Sveinskot sem síðar hét Pálskot og Efrakot.⁴⁴ Í Byggðasögu Skagafjarðar I. bindi er nefnt Ekrukot og talið líklegt að það sé hið sama og Efrakot sem áður er getið. Þar er jafnframt getið um Rollugerði en þar mun aðeins hafa verið búið í fáein ár.⁴⁵ Kvaðir á kotunum eru almennt sagðar engar nema á Garðakoti og Snorrakoti þar sem hjáleigumaður skyldi stundum róa á skipum heimabónða.⁴⁶ Ingveldarstaðir voru stærsta jörð á Reykjaströnd metin á 50 hundruð.⁴⁷

Í jarðabók 1709 eru hlunnindi tengd sjó talin: eggver lítið og dúntekja í Ingveldarstaðarhólma en „fer mjög til rýrðar“, lundatekja í sama hólma en sagt varla vera með hlunnindum teljandi, rekavon í minna lagi, sölvaðjara slæm. Lending er sögð góð en ekki nýtt vegna efnaleysis ábúanda en áður hafi verið eitt til tvö skip.⁴⁸ Úr jarðamati 1918: „Jörðin hefir hlunnindi af trjáreka, allgóðri hrognkelsaveiði og æðavarpum um 20 h. árl.“⁴⁹ Aðallendingin var niður undan Bátagili.⁵⁰

Eignarhald virðist oftast hafa verið a.m.k. tvískipt eftir að farið var að gera manntöl. Árið 1703 voru tveir ábúendur á Ingveldarstöðum og samtals 10 manns í heimili. Árið 1890 eru 27 skráðir til heimilis og var jörðin þá þríbýl.⁵¹ Ingveldarstaðir skiptast nú í Syðri- og Ytri-Ingveldarstaði en sami eigandi er af báðum jörðum.⁵²

⁴³ Íslenskt Fornbréfasafn V, 652.

⁴⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 34-37.

⁴⁵ Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 207-208.

⁴⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 36.

⁴⁷ Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 205.

⁴⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 36.

⁴⁹ Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.myndir.handrit.is. Fasteignamat 1916-1918 – Skagafjarðarsýsla. (42) 0019v. Skoðaður þann 13.05.2015.

⁵⁰ Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 207.

⁵¹ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. Skoðaður 14.12.2015.

⁵² sjá m.a. Þjóðskrá Íslands. www.skra.is.

Fornleifaskráning

Ingveldarstaðir 1733-54

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgroftur

Hættumat: **Hætta vegna landbrots.** Minjarnar eru á sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

Staðhættir

Um 600m í hánorður frá íbúðarhúsinu á Ytri-Ingveldarstöðum eru mógrafir upp af lítilli vík sem nefnist Þaravík (örnefnið kemur fyrir á bls. 4 í Örnefnaskrá Ingveldarstaða).

Lýsing

Mógrafirnar eru nokkrar og ná yfir svæði sem er um 40x70m að ummáli. Þær eru 40-70sm djúpar, grasi grónar og þýfðar.

Ingveldarstaðir 1733-55

Hlutverk: Mókofi

Tegund: Tóft


Hættumat: **Engin hætt.** Minjarnar eru um 50m frá sjávarbakka þar sem að landbrots gætir en vegna fjarlægðar eru þær ekki taldar í bráðri hættu.

Staðhættir

Um 600m í hánorður frá íbúðarhúsinu á Ytri-Ingveldarstöðum eru mógrafir og mótóft við þær, upp af lítilli vík sem nefnist Þaravík (örnefnið kemur fyrir á bls. 4 í Örnefnaskrá Ingveldarstaða).

Lýsing

Mótóftin er 3x3,5m að utanmáli og veggir mest 40sm háir og grasi grónir.



Ingveldarstaðir 1733-56

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft

Hættumat: **Hætta vegna landbrots.** Tóftin er um 35m vestur af sjávarbakkanum á Ekirutanga þar sem landbrots gætir.

Staðhættir

Ekirutangi er rúman hálfan kílómetra norður af bæjarhúsum á Ingveldarstöðum. Grasgefinn en þýfður. Tvennar tóftir eru

syðst á tanganum önnur um 35m vestur af sjávarbakkanum.

Lýsing

Tóftin snýr nokkurn veginn austur/vestur 7x14m að utanmáli. Hún er algróin grasi, tvískipt og dyr hafa verið verið til norðurs og mögulega innangengt á milli hólfa. Veggir eru 40-60sm háir og 1-2m á breidd. Hlutverk er óþekkt en líklega er um einhverskonar gripahús að ræða.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Ekrutangi er afar grasgefinn og hefur hér verið dagott heyskaparkot. Þarna eru tvær glöggar rústir með svo sem 15-20 m milli bili. Sú efri er um 13 m löng og 6-7,5 m breið að utanmáli, mjórri að ofan, tvíhólfa rúst, lítil heytóft og væntanlega beitarhús.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 207-208). Í örnefnaskrá segir: „Sunnan hennar, að áðurnefndu Ekrugili, er Ekrutangi. Hann er grösugur vallendismói og gæti nafnið bent til þess að þar hafi einhvern tímann verið reynd kornrækt. Á honum eru tvenn tóftarbrot.“ (Örnefnaskrá Ingveldarstaða, 4).

Ingveldarstaðir 1733-57

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots. Minjarnar eru á sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

Staðhættir

Ekrutangi er rúman hálfan kílómetra norður af bæjarhúsum á Ingveldarstöðum. Grasgefinn en þýfður. Tvennar tóftir eru syðst á tanganum önnur fremst á sjávarbakkanum en hin 16m vestar (nr. 1733-56)

Lýsing

Tóftin snýr austur/vestur og er 8x13m að utanmáli. Útbrúnir tóftarinnar eru vel greinanlegar en innra fyrirkomulag óljóst og veggir og gólf þýft. Veggirnir eru 20-60sm háir og 1,5-2,5m á breidd. Tóftin er algróin grasi.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Ekrutangi er afar grasgefinn og hefur hér verið dagott heyskaparkot. Þarna eru tvær glöggar rústir með svo sem 15-20 m milli bili (...) Sama er að segja um neðri rústina sem virðist sama kyns, um 15 m löng og 6-7 m á breidd. Veggjamörk eru þó ekki glögg því þetta er hálfgerður hóll. Þessi hús hafa trúlega verið byggð í eldri rústum og kann því vel að hafa verið hér bær.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 207-208).

Ingveldarstaðir 1733-58

Hlutverk: Æðarvarp

Lýsing: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots. Minjarnar ná fram á sjávarbakka sem brýtur af.

Staðhættir

Syðst og neðst á Ekrutanga er garðlag fremst á sjávarbakkanum. Garðlagið er tæplega 30m suður af tóft nr. 1733-57.

Lýsing

Garðlagið er tæplega 20m langt og liggur í vinkel þannig að báðir endar liggja fram á sjávarbakkann. Það er grasi gróið, 40-50sm hátt og um metri á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Syðst og neðst á tanganum [Ekrutanga] stendur eftir vinkelgarður með báða enda fram af sjávarbakkanum. Hann mun hafa verið gerður um eða eftir aldamótin 1900 og var tilraun til að koma upp æðarvarpi þar á tanganum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 208).

Ingveldarstaðir 1733-59

Hlutverk: Óþekkt, túngarður

Lýsing: Garðlag

Hættumat: **Hætta vegna landbrots.** Garðlagið liggur innan við 10m frá sjávarbakka sem brýtur af.

Staðhættir


Syðst og neðst á Ekrutanga er garðlag fremst á sjávarbakkanum. Garðlagið er tæplega 30m suður af tóft nr. 1733-56.

Lýsing

Garðlagið liggur frá sjávarbakkanum og rúmlega 100m til VSV. Það er algróið og þýft, 1-2m á breidd og 30-60sm hátt.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Þessi hús hafa trúlega verið byggð í eldri rústum og kann því vel að hafa verið hér bær. Til þess benda glöggar leifar vallargarðs sem hlykkjast upp tangann að sunnan en þegar dregur upp að brekkunni verður hann mjög óglöggur og vart greindur frá öðrum þúfum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 208).



Ingveldarstaðir 1733-60

Hlutverk: Óþekkt

Lýsing: Tóft

Hættumat: **Engin hættu.** Minjarnar eru ekki taldar í bráðri hættu vegna landbrots en þær eru um 30m frá grónum sjávarbökkum. Skammt norðan við virðist þó vera nokkuð landbrot.

Staðhættir

Við suðurbakka Sveinkotsgils um 25m suðvestur af sjávarbakkanum og tæpa 350m norðaustur af íbúðarhúsinu á Syðri-Ingveldarstöðum er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr nokkurn veginn austur/vestur og er 7-10x15m að utanmáli. Hún er fjórskipt til suðurs eru þrenn hólf sem liggja hlið við hlið frá austri til vesturs en þriðja hólfíð er norðan við tóftina heldur óljósara en hin. Að minnsta kosti þrennar dyr hafa verið og snúið til norðurs og austurs. Veggir eru grasi og mosa grónir, 30-60sm háir og um 1,5m á breidd.

Ingveldarstaðir 1733-61

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Hættumat: **Hætta vegna landbrots.** Minjarnar eru fram á grónum sjávarbakka og ekki talðar í mikilli hættu vegna landbrots en skammt norðan við brýtur greinilega af landi.

Staðhættir

Á sjávarbakkanum um 20m suðaustur af Sveinkotsgili eru tvær þústir hlið við hlið.

Lýsing

Nyrðri þústin er rétt rúmlega metri í þvermál en syðri rústin um 1x1,5m að ummáli. Þær eru grasi og mosa grónar og 30sm háar. Hlutverk er óvíst en mögulega eru þetta leifar mannvirkis af einhverju tagi s.s. fisktökuskúr Gránufélagsins (sjá nr. 1733-74) eða hjalls sem skráður er nr. 1733-75.



Mynd 22. Horft úr fjörunni upp í Bátagil til suðvesturs. Lendingin var í fjörunni framan við gilið.

Ingveldarstaðir 1733-62

Hlutverk: Lending

Lýsing: Heimild

Hættumat: Ómetið.

Staðhættir

Lendingin var í fjörunni framan við Bátagil (Örnefnaskrá bls. 5) tæpa 400m norðaustur af íbúðarhúsinu á Syðri-Ingveldarstöðum og 50m norður af fjárhúsunum sem eru niður við sjó.

Lýsing

Punktur var tekinn af loftmynd samkvæmt lýsingu í örnefnaskrá og má gera ráð fyrir allt að 50m

skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fyrrum voru hér gerðir út nokkrir bátar en aðallendingin niður undan Bátagili í langri sandfjöru sem nær út undir Ekrugil og Ekrutanga. Er allgott dýpi upp að landinu en skerin eru mest út frá Ekrutanga í átt að Ingveldarstaðahólma og heitir þar Tangaklökk.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 207). Í örnefnaskrá segir: „Á sjávarbakkanum sunnan við Sveinkotsgil er móastykki nefnt Hjalli. Á Hjallanum eru tóftir af

gömlum fiskhjalli. Upp í sunnanverðan Hjallann gengur lítið gil nefnt Bátagil eða Skipagil. Sandur heitir í fjörunni niður undan Skipagili og þar suður. Þar er lendingin. Á vetrum eru bátarnir settur upp í Skipagilið.“ (Örnefnaskrá Ingveldarstaða, 5).



Mynd 23. Niðurgrafin tóft í suðurvanga Bátagils. Horft er til suðausturs.

gilsins er niðurgrafin tóft.

Lýsing

Tóftin er grafin inn í brekku en hleðslur eru að norðaustan og suðvestan en hún hefur verið opin til norðvesturs. Innanmál er 2x2,7m, hæð veggja 60-120sm og breidd þeirra um 1,5m. Veggir eru algrónir en sér í einstaka grjót við vegg og í tóft, mögulega úr hleðslunni.

Ingveldarstaðir 1733-64

Hlutverk: Óþekkt, brú

Lýsing: Garðlag, hleðsla

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru rúmlega 20m frá grónum sjávarbakka en skammt þar norðan er byrjað að brjóta neðst úr bökkunum og því gæti hættumat breyst á stuttum tíma.

Staðhættir

Þrjú gil eru í sjávarbakkanum norðan við fjárhúsin sem eru niður við sjó og tæpa 370m norðaustur frá íbúðarhúsinu á Syðri-Ingveldarstöðum. Mið gilið nefnist Bata- eða Skipagil og liggur garðlag þvert yfir það ofarlega.

Lýsing

Garðlagið er tæplega 8m langt og liggur frá norðvestri til suðausturs yfir gilið. Það er rof (eða hlið?) í það um 1,5m frá NV enda þess og þar sér í grjót í hleðslu en annars er garðlagið grasi og mosa gróið. Það er 30-70sm hátt og um 2m á breidd.

Ingveldarstaðir 1733-63

Hlutverk: Óþekkt, uppsátur

Lýsing: Tóft, niðurgröftur

Hættumat: Hætta vegna landbrots. Minjarnar eru fremst í gili við sjóinn. Sjávarbakkarnir umhverfis eru grónir en skammt norðan við er byrjað að brjóta neðst úr bökkunum.

Staðhættir

Lendingin var í fjörunni framan við Bátagil (Örnefnaskrá Ingveldarstaða bls. 5) tæpa 400m norðaustur af íbúðarhúsinu á Syðri-Ingveldarstöðum og neðst í suðurvanga

Ingveldarstaðir 1733-65

Hlutverk: Óþekkt, matjurtagarður, hjalli, fisktökuhús

Lýsing: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru rúmlega 20m frá grónum sjávarbakka en skammt þar norðan er byrjað að brjóta neðst úr bökkunum og því gæti hættumat breyst á stuttum tíma.

Staðhættir

Þrjú gil eru í sjávarbakkanum norðan við fjárhúsin sem eru niður við sjó og tæpa 370m norðaustur frá íbúðarhúsinu á Syðri-Ingveldarstöðum. Ofan suðausturbrún syðsta gilsins sem er nafnlaust er garðlag.

Lýsing

Garðlagið liggur samsíða gilbrúninni frá suðvestri til norðausturs og er tæplega 10m langt. Það er gróð grasi og arfa er 20-40sm hátt og um metri á breidd. Suðaustan við það er rofin brún efst í gilinu og og snýr mót suðri. Hlutverk er óvíst en mögulega getur hafa verið þarna matjurtagarður sem hefur snúið mót suðri eða leifar af fisktökuskúr Gránufélagsins (sjá nr. 1733-74) eða hjalli (sjá nr. 1733-75) sem heimildir eru um að hafi verið á þessum slóðum.

Ingveldarstaðir 1733- 66

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta vegna landbrots. Minjarnar ná fram á sjávarbakka þar sem að landbrots hefur gætt en sjávarbakkinn var þó gróinn þegar skráning fór fram í október 2015.

Staðhættir

Þrjú gil eru í sjávarbakkanum norðan við fjárhúsin sem eru niður við sjó og tæpa 370m norðaustur frá íbúðarhúsinu á Syðri-Ingveldarstöðum. Á suðurgilbarmi syðsta gilsins er hleðsla, leifar sjóbúðatóftar.

Lýsing

Hleðslan liggur samsíða gilbarminum og snýr SV/NA alls 16m á lengd. Hún er 50-110sm há og 1-1,5m á breidd, hlaðin úr torfi og grjóti. Suðaustan við hleðsluna virðist móta fyrir útlínum byggingarinnar en það er mjög óljóst. Samkvæmt Byggðasögu Skagafjarðar I. bindi bls. 207 er þetta hluti sjóbúðartóftar frá Ytri-Ingveldarstöðum og mun þetta þá vera hluti af norðvestur langvegg. Í Byggðasögunni kemur jafnframt að fjárhús hafi verið sunnan við (nú horfin) þau en samkvæmt örnefnaskrá voru þau byggð 1928 og teljast því ekki til fornleifa.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Þrjú lítil gil eru í sjávarbakkann: Sveinskotsgil yst, svo Bátagil og loks nafnlaust gil sem lækur rann eftir áður en framræsla færði vatnið í Sveinskotsgil. En á bakkanum fast sunnan við syðsta gilið eru tóftarbrot eftir sjóbúðir frá Ytri-Ingveldarstöðum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 207). Í örnefnaskrá segir: „Norðaustur af gamla bænum, niður undir bakka, voru gömul fjárhús og áfast hesthús norðan við þau. Þar fyrir neðan, alveg niður á bakkabrún, var 20 kinda einhölukofi. Sjóbúð var áföst norðan við hann. Þar sem fjárhúsin stóðu, voru byggð þrenn fjárhús 1928 og stendur eitt þeirra enn. Þar sem einhölukofinn og búðir voru, standa nú 100 kinda fjárhús“ (Örnefnaskrá Ingveldarstaða, 3). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir í myndatexta af myndum af rústum á sjávarbakkanum: „Rústir fjárhúsa á Ingveldarstöðum. Á sjávarbakka utan og neðan við (í stefnu á Drangey) var

einhöluð og sjóbúð áföst norðan við hann. Ekrutangi gengur fram vinstra megin á mynd.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 208).



Mynd 24. Messuklökk. Horft til austurs. Norðan við hana var lending (1733-67) sem helst var notuð yfir sumartímann.

Ingveldarstaðir 1733- 67

Sérheiti: Messuklökk

Hlutverk: Lending

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið.

Staðhættir

Messuklökk nefnist klökk sem skagar úti sjó um 430m norðaustur af íbúðarhúsinu á Syðri-Ingveldarstöðum og tæplega 100m austur af fjárhúsunum sem eru niður við sjóinn.

Lýsing

Þarna var áður lending en samkvæmt heimildamanni var

aðeins lent þarna yfir sumartímann (Munni. heimild. Úlfar Sveinsson 15.12.15).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Sunnan við Sandinn er klökk er gengur í sjó fram. Hún heitir Messuklökk. Á klökkinni átti Guðmundur góði að hafa messað og vígt þá um leið aðurnefndan Gvendarbrunn, sem er þar upp af. Oft var bátum frá Syðri-Ingveldarstöðum lent við Messuklökk. Þarna var áður sjóbúð á bakkanum sunnan við bæjarlækinn.“ (Örnefnaskrá Ingveldarstaða, 5).



Mynd 25. Gvendarbrunnur (1733-68).

Ingveldarstaðir 1733- 68

Sérheiti: Gvendarbrunnur

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Lind

Hættumat: Engin hætt. Lindin er um 50m frá sjávarbakka þar sem að landbrot er mikið en vegna fjarlægðar frá sjávarbakka eru þær ekki taldar í mikilli hættu.

Staðhættir

Bæjarlækurinn rennur til sjávar 400m norðaustur af íbúðarhúsinu á Syðri-Ingveldarstöðum og sunnan í því um 40m vestur af sjávarbakkanum er uppspretta sem nefnist Gvendarbrunnur.

Lýsing

Uppsprettan er í suðurvanga Bæjarlækjargilsins og rennur lækur frá henni til norðausturs í Bæjarlækinn. Lítið vatn var í Gvendarbrunni þegar skráning fór fram í október 2015.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Norðan við Timburhól er smáuppspretta sunnan í litlu lækjargili, Bæjarlækjargili, og kallast Gvendarbrunnur, ósjálegur orðinn. Þar er kalt og gott vatn og var vígt af Guðmundi góða.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 205). Í örnefnaskrá segir um Gvendarbrunn: „Þar rétt fyrir ofan er uppsprettulind, sem heitir Gvendarbrunnur. Guðmundur góði átti að hafa vígt hann. Vatn þetta er mjög kalt og gott. Það rennur norður í Bæjarlækinn, en þangað er örstutt.“ (Örnefnaskrá Ingveldarstaða, 2).



Mynd 26. Veggur sjóbúðartóftarinnar á sjávarbakkanum. Torf- og grjóthleðsla sést í sniðinu sem snýr að sjónum. Horft er til suðvesturs.

(mót sjónum) eru neðst 1-2 grjótraðir mest um 30sm háar og ofan á er klömbruhleðsla en til vesturs sér í grjóthleðslu neðst í veggnum en að öðru leyti er hleðslan grasi og mosa gróin. Hæð er 70-90sm og rétt rúmlega metri á breidd. Hleðslan er vesturveggur sjóbúðartóftar sem er að öðru leyti horfin í sjó vegna landbrots af völdum sjávar.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Sjóbúðir frá Syðri-Ingveldarstöðum voru niðri á sjávarbakka út og niður frá Timburhólnum, sunnan við bæjarlækinn. Þær munu hafa verið tvær og stóðu uppi a.m.k. fram um 1950 en nú eru tóftir þeirra horfnar að mestu vegna landbrots, aðeins hluti veggja eftir á bakkanum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 207). Í örnefnaskrá segir: „Sunnan við Sandinn er klöpp er gengur í sjó fram. Hún heitir Messuklöpp. Á klöppinni átti Guðmundur góði að hafa messað og vígt þá um leið áður nefndan Gvendarbrunn, sem er þar upp af. Oft var bátum frá Syðri-Ingveldarstöðum lent við Messuklöpp. Þarna var áður sjóbúð á bakkanum sunnan við bæjarlækinn.“ (Örnefnaskrá Ingveldarstaða, 5).

Ingveldarstaðir 1733- 69

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Mikil hættu vegna landbrots. Minjarnar eru þegar að mestu leyti horfnar í sjó.

Staðhættir

Fremst á sjávarbakka sunnan við Bæjarlækjargilið er hleðsla, leifar sjóbúðartóftar.

Lýsing

Hleðslan er samsíða sjávarbakkanum og snýr nokkurn veginn norður/suður 3m á lengd. Hún er torf- og grjóthlaðin. Til austurs



Mynd 27. Fremst á myndinni eru steinsteyptar leifar af beitugeymslu (1733-71) og á sjávarbakkanum á bakvið eru leifar sjóbúðartóftar (1733-69).

Ingveldarstaðir 1733- 70

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Steinsteyppt gryfja

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots. Minjarnar eru á sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

Staðhættir

Fremst á sjávarbakka sunnan við Bæjarlækjargilið er hleðsla, leifar sjóbúðartóftar (sjá nr. 1733-69) og suðvestan við hana er steinsteyppt lítil gryfja sem notuð var til að geyma beitu.

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni var gryfjan djúp (möguleg mannhæðardjúp) og settur í hana ís og þar geymd beita yfir sumarið. Gryfjan er steinsteyppt og líklega byggð á árunum 1930-1940 (Munnl. heimild: Úlfar Sveinsson 15.12.15). Hún telst því ekki til eiginlegra fornleifa. Hún er þó skráð hérna þar sem hún tengist minjum um sjósókn frá Ingveldarstöðum. Utanmál er um 1x0,7m en ekki var hægt að meta dýptina.

Ingveldarstaðir 1733-71

Hlutverk: Óþekkt, náttúrulegt

Tegund: Hóll

Hættumat: Hætta vegna landbrots. Minjarnar eru um frá sjávarbakka þar sem að landbrots gætir en bakkin niður að sjó er að hluta gróinn.

Staðhættir

Timburhóll nefnist hóll á sjávarbakkanum rúma 300m ANA af íbúðarhúsinu á Syðri-Ingveldarstöðum. Norðan við hólinn tæpa 25m suður af Bæjarlæknum og 20m vestur af sjávarbakkanum er aflangur smá hóll.

Lýsing

Hóllinn er 2,5x7m að ummáli og snýr norður/suður mest 30sm hár. Mögulegt er að hóllinn sé aðeins náttúrufyrirbrigði en mögulega er um einhvers konar mannaverk að ræða s.s. leifar mannvirkis.

Ingveldarstaðir 1733-72

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgroftur

Hættumat: Hætta vegna landbrots. Minjarnar eru 5m frá sjávarbakka þar sem að landbrots gætir.

Staðhættir

Timburhóll nefnist hóll á sjávarbakkanum rúma 300m ANA af íbúðarhúsinu á Syðri-Ingveldarstöðum og samkvæmt örnefnaskrá nefnist bletturinn norðan hans Svunta. Á þessum bletti, eru þrír niðurgreftir.

Lýsing

Niðurgreftirnir eru þrír en hér skráðir sem eitt því líklegt er að þeir heyri saman. Nyrsti niðurgrefturinn er 30-40sm djúpur og 0,8-1,7m að utanmáli, suðvestan við hann er annar stærri 3-3,5m að utanmáli og 50-60sm djúpur og suðvestan við hann þriðji niðurgrefturinn 2x4m að utanmáli og 30-50sm djúpur. Aldur og hlutverk er óþekkt og því óvíst hvort að niðurgreftirnir teljist til fornleifa.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Niður undir sjávarbakka, beint niður af íbúðarhúsi Syðri-Ingveldarstaða, eru fjárhús á hól sem nefndur er Timburhóll. Norðan við Timburhól er lítill greiðfær blettur á bakkanum kallaður Svunta.“ (Örnefnaskrá Ingveldarstaða, 2).



Mynd 28. Ingvaldarleiði (1733-73). Horft er til norðurs og sjást fjárhús frá Ingvaldarstöðum í baksýn.

Ingvaldarstaðir 1733-73

Sérheiti: Ingvaldarleiði

Hlutverk: Legstaður, óþekkt

Tegund: Þúst

Hættumat: Hætta vegna landbrots. Minjarnar eru 7m frá sjávarbakka þar sem að landbrots gætir en bakkinn niður að sjó er að hluta gróinn.

Staðhættir

Timburhóll nefnist hóll á sjávarbakkanum rúma 300m ANA af íbúðarhúsinu á Syðri-Ingveldarstöðum. Efst á hólnum er aflöng lítil þúst sem nefnd er Ingvaldarleiði.

Lýsing

Þústin er 50-60x130sm að utanmáli og 20sm há. Hún er grasi gróin en grjót er með vesturhlið hennar. Þústin snýr nokkurn veginn norður/suður.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Niður undir sjávarbakka, beint niður af íbúðarhúsi Syðri-Ingveldarstaða, eru

fjárhús á hól sem nefndur er Timburhóll.“ (Örnefnaskrá Ingveldarstaða, 2). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Timburhóll er niður á sjávarbakka ofan undan bænum, brotið til háls af sjónum og mun nafnið dregið af því að þar er að finna straumlögótt líparít sem líkist mjög spýtukubbum eða fjöllum með viðarvend og áhringjum. Norðan í Timburhólnum heitir Ingvaldarleiði og þar á fornkonan Ingvaldur að liggja en lítt er leiðið áberandi.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 205).

Horfnað óstaðsettar minjar

Ingveldarstaðir 1733- 74

Hlutverk: Skúr/Fisktökuhús

Tegund: Heimild

Staðættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Gránufélagsverslun lét byggja skúr og fisktökuhús um eða eftir aldamótin og sjást tóftir þess á nesinu (65.51.77/19.42.50) sem nefnist Hjalli og er milli Sveinskotsgils og Bátagils.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 207).

Lýsing

Minjar eru á svonefndum Hjalla við sjóinn norður af fjárhúsunum og um 330m ANA af íbúðarhúsinu á Ytri-Ingveldarstöðum. Þar eru bæði þústir og hleðsla eða garðlag (sjá nr. 1733-61 og 1733-65) en óvíst um hlutverk þeirra en mögulega gætu verið þar leifar af fisktökuskúr Gránufélagsins.

Ingveldarstaðir 1733- 75

Hlutverk: Hjallur

Tegund: Heimild

Staðættir

Í örnefnaskrá segir: „Á sjávarbakkanum sunnan við Sveinskotsgil er móastykki nefnt Hjalli. Á Hjallanum eru tóftir af gömlum fiskhjalli. Upp í sunnanverðan Hjallann gengur lítið gil nefnt Bátagil eða Skipagil. Sandur heitir í fjörunni niður undan Skipagili og þar suður. Þar er lendingin. Á vetrum eru bátarnir settur upp í Skipagilið. Lítið gil gengur upp í bakkann, sunnan við Skipagilið. Hjallinn nær að þessu gili.“ (Örnefnaskrá Ingveldarstaða, 5).

Lýsing

Minjar eru á svonefndum Hjalla við sjóinn norður af fjárhúsunum og um 330m ANA af íbúðarhúsinu á Ytri-Ingveldarstöðum. Þar eru bæði þústir og hleðsla eða garðlag (sjá nr. 1733-61 og 1733-65) en óvíst um hlutverk þeirra en mögulega gætu verið þar leifar af fisktökuskúr Gránufélagsins og hjalli þeim sem að nefndur er í örnefnaskrá.

Ingveldarstaðir 1733-76

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Spölkorn ofan við rústirnar (svo sem 50 m) [Á Ekrutanga], þar sem dregur í smábrekku, virðist mega greina rústir af litlum kofa í þúfunum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 208).

Lýsing

Engin merki fundust um mannvirki á þessu svæði við vettvangsskráningu í október 2015.

Hólkot - söguágrip

Hólkot var upphaflega hjáleiga frá Ingveldarstöðum og var 1709 talinn fimmtungur jarðarinnar metin á 10 hundruð. Jörðin hafði farið í eyði þá um vorið og „brúkar nú enginn, nema presturinn að Fagranesi hefur látið heyja þar nokkuð í sumar, og segir ekki sje ákveðið hvað hann eigir þar fyrir að betala.“ Hún var sögð hafa byggst fyrir 60 árum eða um miðja 17. öld.⁵³ Hólkot kemur ekki fyrir í manntali 1703, árið 1709 er hún í eyði en 1835 eru þar fimm til heimilis.⁵⁴ Í fasteignamati frá 1916 segir að fjörubeit sé lítil og jörðin eigi 1/6 af dúntekju úr Ingveldarstaðarhólma sem er leigt fyrir 26. kr. árlega.⁵⁵ Lendingin var í Búðarvík og þaðan var smábótum róið frá Hólkoti og Daðastöðum allt fram á sjöunda áratug 20. aldar og þá haft spil til léttis við setningu.⁵⁶ Árbakki er húsmannsbýli í landi Hólkots, í Byggðasögu Skagafjarðar segir að ætla megi að býlið hafi verið í ábúð 1865-1879.⁵⁷

Fornleifaskráning



Mynd 29. Sjóbúðatóft (1733-77) sunnan við Mjólkurá. Horft er til norðausturs.

Hólkot 1733-77

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hættu. Þegar hefur brotið af tóftinni til norðausturs.

Staðhættir

Mjólkurá rennur á merkjum Ingveldarstaða og Hólkots við sjóinn. Fram á sjávarbakkanum, sunnan við ána er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr NV/SA og er 3x5m að utanmáli. Tóftin er frekar ógreinileg veggir ekki heillegir hvorki inn- né

útbrúnir og er veggur horfinn á kafla til norðvesturs. Veggirnir eru grasi grónir en sér í nokkur grjót í hleðslum. Þeir eru 10-40sm háir og um metri á breidd. Sjórinn hefur brotið af tóftinni til norðausturs.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Á horninu sunnan við Mjólkurána eru tóftir af sjóbúðum, niður á bakkanum.“ (Örnefnaskrá Hólkots, 2).


⁵³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. bindi, 36.

⁵⁴ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is. Skoðaður 14.12.15.

⁵⁵ Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.myndir.handrit.is. Skoðaður 14.12.15.

⁵⁶ Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 215.

⁵⁷ Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 216.



Hólkot 1733-78

Hlutverk: Óþekkt, girðing

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta vegna landbrots. Minjarnar eru 10m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

Staðhættir

Mjólkurá rennur á merkjum Ingveldarstaða og Hólkots við sjóinn. Fram á sjávarbakkanum, sunnan við ána er tóft sjá nr. 1733-77 og 10m suðvestan við

hana er hleðsla.

Lýsing

Hleðslan er 4,5m á lengd og liggur NV/SA og nær fram á brún árgils Mjólkurár. Hún er 40-70sm breið, 10-30sm há og grasi gróin en sér þó í steinaröð í grunninn. Torfhleðsla gæti hafa verið ofan á. Hlutverk er óvíst en hleðslan gæti verið undan girðingu og aldur því óviss.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Á horninu sunnan við Mjólkurána eru tóftir af sjóbúðum, niður á bakkanum.“ (Örnefnaskrá Hólkots, 2).

Hólkot 1733-79

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta vegna landbrots. Minjarnar eru við sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

Staðhættir

Fram á sjávarbakka 60m suðaustur af merkjum Hólkots og Ingveldarstaða (þ.e. Mjólkurá) er stök hleðsla.

Lýsing

Hleðslan liggur í vinkel og er 4,5m frá NA til SV og nær síðan 2m til NV. Hún er 20-50sm há og mest um 1,5m á breidd. Hleðslan er arfa gróin en gömul útihús eru 25m sunnar og töluverður arfi umhverfis þau. Óvíst er um hlutverk og aldur hleðslunnar.



Mynd 30. Steinninn Grásíða. Upp við steinninn er lág steinhleðsla sjá nr. 1733-80. Myndin er tekin til austurs.

Hæst þar sem lítil þúfa er á hleðslunni. Hleðslan liggur til norðvesturs frá steininum. Hlutverk er óþekkt en hleðslan virðist manngerð.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Á horninu sunnan við Mjólkurána eru tóftir af sjóbúðum, niður á bakkanum. Suður og upp af þeim, skammt fyrir sunnan Mjólkurána, er stór steinn nefndur Grásíða. Suðaustur af Grásíðu standa fjárhús og hlaða.“ (Örnefnaskrá Hólkots, 2).

Hólkot 1733-80

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Steinalögn

Hættumat: Engin hætt.

Staðhættir

Tæplega 60m suðaustur af merkjum Ingveldarstaða og Hólkots er stór steinn sem nefnist Grásíða og liggur hann norðaustur/suðvestur. Um 15m suðaustur af honum eru gömul fjárhús og hlaða (steinsteyp).

Lýsing

Við SV-enda steinsins er einföld grjóthleðsla tæplega 2ja metra löng, 10-30sm há og 30-50sm á breidd.



Mynd 31. Horft af Búðarvíkurnefni ofan í fjöruna þar sem landingin var. Bátarnir voru dregnir upp í lækjargilið sem sést vinstra megin á mynd.

Hólkot 1733-81

Hlutverk: Lending

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið.


Staðhættir

Búðarvík (Búðarvík í örnefnaskrá en Búðavík í Byggðasögu) er í Hólkotslandi beint norðan við merkin við Daðastaði. Samkvæmt heimild var landingin syðst í Búðarvíkinni og var punktur tekin þar samkvæmt loftmynd.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Norðan við Búðanef er Búðavík.

Syðst í henni var landing á stuttri malarfjöru sunnan til undir háum hrunbakka og var bátum ráðið til hlunns upp í lækjargilið sem liggur til norðurs út víkina. Þaðan var róið smábátum frá Hólkoti og Daðastöðum allt fram á sjöunda áratug 20. aldar og þá haft spil til léttis við setningu.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 215). Í örnefnaskrá segir: „Víkin norðan við Skonsuvík heitir Búðarvík. Á milli hennar og Skonsuvíkur er Búðarvíkurnef. Sjóbúðin stóð uppi á því. Landingin var sunnan til í Búðarvík. Norðan við Búðarvík heitir Forvaði.“ (Örnefnaskrá Hólkots, 2).



Hólkot 1733-82

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta vegna rofs.

Staðhættir

Hólkotsbrekka nær til sjávar norðan við merki Hólkot og Daðastaða. Ofarlega í henni (vestan) við Búðarvíkurnef er matjurtagarður.

Lýsing

Matjurtagarðurinn er afmarkaður að austan af garðlagi sem er 20sm hátt að utan en 30-50sm hátt að innan og mest metri á breidd. Til norðurs hefur verið garðlag sem er rofið í burtu en til austurs er 20-40sm niðurgröftur. Neðan við garðinn til suðurs er 40-50sm hár bakki.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Neðst sunnan í Hólkotsbrekkunni, beint upp af Búðarvíkurnefi, hefur verið allstór kartöflugarður frá seinni tíma.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 215).

Hólkot 1733-83

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna landbrots. Tóftin er innan við 20m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

Staðhættir

Vestanvert á Búðarvíkurnefi er tóft. Vestan við tóftina er gildrag sem nær nánast niður í fjöru og eftir því rennur lækur til sjávar. Austan við tóftina er þurr lækjarfarvegur og hefur lækurinn runnið til sjávar fremst á Búðarvíkurnefinu.

Lýsing

Tóftin snýr NA/SV, tvískipt og 6x8m að utanmáli. Innangengt hefur verið á milli húsa og dyr á hafa snúið til suðausturs. Veggir eru grjóthlaðnir og sér í grjót á nokkrum stöðum í hleðslunni. Þeir eru 30-60sm háir og 1-1,5m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Milli Skonsuvíkur í Daðastaðalandi og Búðavíkur í Hólkotslandi er Búðavíkurnef og eru þar a.m.k. ferner rústir sjóbúða. Fremst á nefinu eru þær mjög gamlar en ofar yngri rústir og gleggri.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 215). Í Örnefnaskrá segir: „Víkin norðan við Skonsuvík heitir Búðarvík. Á milli hennar og Skonsuvíkur er Búðarvíkurnef. Sjóbúðin stóð uppi á því. Lendingin var sunnan til í Búðarvík. Norðan við Búðarvík heitir Forvaði.“ (Örnefnaskrá Hólkots, 2).

Hólkot 1733-84

Hlutverk: Óþekkt, naust

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna landbrots. Tóftin er um 30m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

Staðhættir

Austan undir Hólkotsbrekku, næst sjónum og meðfram brekkunni er gildrag sem liggur til sjávar. Í vesturvanga þess er vegslóði niður í fjöru og lækur rennur eftir því til sjávar. Á austurbarmi þess er tóft.

Lýsing

Tóftin er 5x6m að utanmáli og snýr norður/suður. Dyr hafa verið til norðurs. Veggir eru 40-60sm háir og 1-2m á breidd, grónir grasi og mosa en sér í stöku grjót.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Milli Skonsuvíkur í Daðastaðalandi og Búðavíkur í Hólkotslandi er Búðavíkurnef og eru þar a.m.k. ferner rústir sjóbúða. Fremst á nefinu eru þær mjög gamlar en ofar yngri rústir og gleggri.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 215).

Hólkot 1733-85

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna landbrots. Tóftin er fram á sjávarbakka þar sem að landbrots gætir.

Staðhættir

Fremst á Búðarvíkurnefni austanverðu er illgreinanleg tóft. Vestan við tóftina er þurr lækjarfarvegur sem hefur runnið til sjávar fram af Búðarvíkurnefinu.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, 5x9m að utanmáli og snýr austur/vestur. Dyr hafa verið á austur skammvegg og snúið til sjávar. Hún er grasi og mosa gróin en grjót sést í millivegg en að öðru

leyti eru veggir óljósir. Þeir eru 20-50sm háir og 1-2m á breidd. Hlutverk er óvíst en ekki er óvarlegt að áætla út frá staðsetningu að minjarnar tengist sjósókn.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Milli Skonsuvíkur í Daðastaðalandi og Búðavíkur í Hólkotslandi er Búðavíkurnef og eru þar a.m.k. fernar rústir sjóbúða. Fremst á nefinu eru þær mjög gamlar en ofar yngri rústir og gleggri.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 215).

Hólkot 1733-86

Hlutverk: Eyktarmark

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið.

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Miður morgun var talinn yfir mýrarsund eitt milli tveggja holta niðri á sjávarbakka, nefnt Miðmorgunsund; dagmál syðst á Búðarvíkurnefi; hádegi á litlum nafnlausum kletti sem er fyrir sunnan og ofan Daðastaði (...).“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 216).

Lýsing

Punktur var tekinn af loftmynd samkvæmt lýsingu í Byggðasögu. Gera má ráð fyrir allt að 50m skekkju.

Daðastaðir - söguágrip

Daðastaðir koma fyrst fyrir í heimildum 1295 og var ein þeirra jarða sem Jörundur Þorsteinsson biskup á Hólum lét renna til klaustursins við stofnun þess⁵⁸ og síðar koma þeir fyrir þegar Auðunn rauði biskup á Hólum staðfesti stofnskrá klaustursins 1314.⁵⁹ Árið 1393 er jörðin komin í bændaeign en hún kemur fyrir í bréfi þar sem Björn Brynjólfsson gerir jafnaðarskipti milli barna sinna.⁶⁰ Árið 1709 er jörðin metin á 20 hundruð og eigendur hinir sömu og að Ingveldarstöðum. Um hlunnindi segir m.a. að rekavon sé lítil og heppnist sjaldan. Heimræði „má hjer valla telja, því að skipsuppsátur er ekkert, þó bragða menn að fleyta hjer bát, þegar best viðrar á sumur, en ófært þegar að amar.“⁶¹ Lending var í Búðarvík í landi Hólkots og var sjósókn stunduð frá Daðastöðum fram yfir 1960.⁶² Árið 1703 voru fimm til heimilis að Daðastöðum og þar á meðal Guðmundur Þorleifsson búðarsetumaður þar. Á 19. öld er ýmist einbýlt eða tvíbýlt á Daðastöðum og heimilismenn frá fjórum og upp í tólf þegar mest er.⁶³

Daðastaðir hafa ekki verið í byggð síðan jörðin fór í eyði 1967 en hún er nytjuð frá Hólakoti.⁶⁴

Fornleifaskráning



Daðastaðir 1733-87

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna landbrotis. Tóftin er um 10m frá sjávarbakka þar sem landbrotis gætir.

Staðhættir

Syðst á Búðarvíkurnefi á lágum hól í túnjaðri, rétt sunnan við merki Hólkots og Daðastaða er sjóbúðartóft.

Lýsing

Tóftin er 11x11m að utanmáli og skiptist í fjögur hólf. Þrennar dyr hafa verið og snúa tvennar mót norðaustri eða til sjávar en þriðju dyrnar til norðurs (NNV). Tóftin er grasi gróin og töluverður gróður á henni þegar skráning fór fram en þó sér í grjót. Veggir eru 40-60sm háir og 1-2m á breidd.

Aðrar upplýsingar

⁵⁸ Íslenskt Fornbréfasafn II, 301.

⁵⁹ Íslenskt Fornbréfasafn II, 397.

⁶⁰ Íslenskt Fornbréfasafn III, 484-5.

⁶¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. bindi, 38.

⁶² Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 220.

⁶³ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is. Skoðaður 15.12.15.

⁶⁴ Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 217.

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Upphlaðinn vegstubbur hefur legið upp frá víkinni meðfram gilbarminum og sveigir hann síðan milli tóftanna suður á hól rétt sunnan við landamerkin upp af Skonsuvík þar sem hafa verið sjóbúðir frá Daðastöðum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 215).

Horfnar óstaðsettar minjar

Daðastaðir 1733-88

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Heimild

Staðhættir

Mógrafirnar eru horfnar undir tún sem að ná frá sjávarbökkum og upp að þjóðvegi og engin ummerki sáust um þær við vettvangsskráningu 2015.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Mógrafarbakkar heita sunnan við Skonsuvík. Miklar mógrafir voru á þessum bökkum.“ (Örnefnaskrá Daðastaða, 2).

Daðastaðir 1733-89

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Barð gengur suður af Bæjarhólnum og myndast dálítill hvammur neðan þess. Í honum er hringlaga tóftabrot, nefnt Stekkjarbolli. Suður og niður af þessu barði er Kvíavík við sjóinn.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 219).

Lýsing

Engin tóft fannst á þessum slóðum við vettvangsskráningu 2015 en þess ber að geta að mikill gróður var á svæðinu. Nú er komið tún á sjávarbakkanum og gæti stekkjartóftin hafa horfið við túnasléttun.

Daðastaðir 1733-90

Sérheiti: Kvíavík

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Barð gengur suður af Bæjarhólnum og myndast dálítill hvammur neðan þess. Í honum er hringlaga tóftarrot, nefnt Stekkjarbolli. Suður og niður af þessu barði er Kvíavík við sjóinn.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 219).

Lýsing

Engin ummerki um kvíar fundust við skráningu sumarið 2015 en þess ber að geta að hluti svæðisins er kominn undir tún.

Daðastaðir 1733-91

Hlutverk: Naust

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Lendingin frá Daðastöðum var í Búðarvík og líklegt að naustið sem getið er um í heimildinni hér að neðan hafi verið þar og mögulega eitt af þeim tóftum sem þar voru skráðar nr. 1733-82-87.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Sumarið 1944 fauk bátur Daðastaðabónða upp úr nausti niður í fjöru og mölbrotnaði.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 220).

Hólakot - söguágrip

Hólakot eða Hólar eins og jörðin hét fyrrum var ein þeirra jarða sem var í stofngjöf Reynistaðaklausturs árið 1295. Var landskuld þá IX vættir skreiðar.⁶⁵ Í reikningum klaustursins frá 1446 eru kúgildi 6 og afgjald jarðarinnar eitt hundrað og kálfur.⁶⁶ Í reikningum kirkjunnar frá 1525 er jörðin nefnd Hólakot og hefur nafnbreytingin því orðið einhvern tímann í lok 15. eða byrjun 16. aldar.⁶⁷ Árið 1703 voru fimm skráðir til heimilis að Hólakoti.⁶⁸ Árið 1709 var dýrleiki metinn 10 hundruð, rekavon sögð lítil og heppnast sjaldan. „Heimræði er hjer og lending viðsæmandi, og gengur hjer eitt skip, sem ábúandi á; mega hjer ei fleiri skip gánga, því skipsuppsátur er ekki nema eitt.“⁶⁹ Lendingin var við Hólakotsá í landi Fossárteigs og var útræði þaðan fram yfir 1970.⁷⁰

Fornleifaskráning

Hólakot 1733-92

Sérheiti: Merkjaklökk

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Klökk

Hættumat: Ómetið.

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Merki á milli Daðastaða og Hólakots eru um svonefnda Merkjaklökk, norðarlega í Drangsvík. Frá Merkjaklökk er stefnan í stein í barði, ofan vegar, og þaðan í Stólinn þar sem hann er hæstur.“ (Örnefnaskrá Hólakots, 6-7).

Lýsing

Punktur var tekinn af loftmynd á klökkinni sem skagar út í sjó á merkjum jarðanna Daðastaða og Hólakots.

Hólakot 1733-93

Sérheiti: Drangsvíkurnef

Hlutverk: Eyktarmark

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið.

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Frá Daðastöðum var haldið hádegi fremst á Drangsvíkurnefi milli Hólakots og Daðastaða (...).“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 220)

Lýsing

Þarna gætir landbrots af völdum sjávar og landslag gæti því verið breytt af þeim sökum en punktur var tekinn af loftmynd fremst á Drangsvíkurnefinu og má gera ráð fyrir allt að 50m skekkju.

⁶⁵ Íslenskt fornbréfasafn II, 301.

⁶⁶ Íslenskt fornbréfasafn II, 398.

⁶⁷ Íslenskt fornbréfasafn IX, 321.

⁶⁸ Mannaltalshættur Þjóðskjalasafns Íslands. www.mannatal.is. Skoðaður 15.12.15.

⁶⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. bindi, 38.

⁷⁰ Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 223.



Mynd 32. Tóft 1733-94 í túnjaðrinum á Hólakoti. Horft er til austurs.

Hólakot 1733-94

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.


Staðhættir

Austan við jaðar túnsins rúmlega 100m norðaustur af íbúðarhúsinu á Hólakoti í túnjaðrinum austanverðum er tóft. Hún er á sléttu nefi sem skagar örlítið fram á milli gróinna gilja.

Lýsing

Tóftin er 9x12m að utanmáli og hafa dyr eða hlið verið við

suðausturhorn og snúið mót austri í átt til sjávar. Hún snýr norður/suður. Veggir eru 10-30sm háir og 60-150sm breiðir, algrónir grasi og töluverður gróður er á tóftinni. Samkvæmt heimildamanni voru veggir þarna þegar hann fluttist að Hólakoti 1959 en vissi ekki hvaða mannvirki það hefði verið (Munnl. heimild: Pétur Guðvarðarson 16.11.15).



Hólakot 1733-95

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgroftur

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Austan við jaðar túnsins rúmlega 100m norðaustur af íbúðarhúsinu á Hólakoti í túnjaðrinum austanverðum er tóft sjá nr. 1733-94 og 5 metrum austan hennar er niðurgroftur eða hola grafin í mannhæðarháan bakka.

Lýsing

Niðurgrofturinn er hringlaga og opinn til austurs. Hann er 20-120sm djúpur og algróinn grasi og mosa.



Mynd 33. Matjurtagarður nr. 1733-96 í norðurvanga gilsins. Horft er til norðurs.

Hólakot 1733-96

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag, jarðræktarsvæði

Hættumat: Hætta vegna landbrots.

Minjarnar eru skammt frá háum sjávarbakka þar sem landbrots af völdum sjávar gætir.

Staðhættir

Austan við jaðar túnsins rúmlega 100m norðaustur af íbúðarhúsinu er matjurtagarður í bröttum norðan-verðum gilvanga og snýr mót suðaustri.

Lýsing

Garðurinn er um 9x10m að innanmáli og afmarkast af 20sm háu garðlagi að vestan um 50sm háum bakka að neðan eða mót suðaustri og að austan er um 20sm há innbrún.

Hólakot 1733-97

Hlutverk: Óþekkt, túngarður, hleðsla undan girðingu

Tegund: Garðlag, hryggur

Hættumat: Hætta vegna landbrots.

Staðhættir

Í austurjaðri túnsins, neðan (austan) Reykjastrandavegar 65-80m suðaustur af íbúðarhúsinu á Hólakoti er garðlag.

Lýsing

Garðlagið liggur nálega norður/suður en við suðurendann beygir það til VSV. Það er algróið og sést sem óljós hryggur að austan en 40sm hár bakki er til suðurs. Mögulega leifar túngarðs eða hleðslu undan girðingu. Það er um 30sm langt. Á loftmynd sést far í túnjaðrinum áfram frá garðlaginu til norðurs.



Mynd 34. Horft eftir túngarðinum (nr. 1733-98) á Hólakoti til norðausturs.

Hólakot 1733-98

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta vegna landbrots og rasks. Garðlagið nær fram á sjávarbakka þar sem landbrots gætir. Hluti þess er innan hólfs þar sem að skepnum er gefið og verður það fyrir miklum ágangi af þeim sökum.

Staðhættir

Á milli Reykjastrandavegar og sjávarbakkans 220m SSA af íbúðarhúsinu á Hólakoti er garðlag.

Lýsing

Garðurinn liggur SV/NA og er 40m á lengd, 10-40sm hár og um metri á breidd. Garðurinn er að hluta grasi gróinn en sér í grjóthleðslur á milli.

Aðrar upplýsingar

Í Örnefnaskrá segir: „Túnið nær suður að Mel. Hlaðinn túngarður er á því nokkru utar. Þar voru áður takmök gamla túnsins til suðurs.“ (Örnefnaskrá Hólakots, 3). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Annar túngarður var fyrir sunnan og sést enn austan við þjóðveginn norðan við fjárhúsin í Hólakoti. Hann var gerður af Jónasi Jónssyni á árunum eftir 1890, hlaðinn frá kletti sunnan og ofan við túnið niður á sjávarbakka. Síðar var settur vírstrengur ofan á garðinn.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 224).



Mynd 35. Grjóthleðsla nr. 1733-99 á norðurbakka Fossár (Hólakotsár).

Hólakot 1733-99

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Engin hætt.

Garðlagið nær fram á sjávarbakka þar sem landbrots gætir. Hluti þess er innan hólfs þar sem að skepnum er gefið og og verður það fyrir miklum ágangi af þeim sökum.

Staðhættir

Á stórgrýttum norðurbakka Fossár (Hólakotsár), tæpa 80m vestur af fjörunni er hleðsla.

Lýsing

Hleðslan er mest 20sm há, 1-3

steinaraðir milli stórgrýtis og myndar þannig lítið byrgi sem er 1x2m að innanmáli. Grjóthleðslan sjálf er ekki há enn inn í byrginu er hæð stórgrýtisins mest um 130sm.

Horfnar og óstaðsettar minjar

Hólakot 1733-100

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í Örnefnaskrá segir: „Uppi á bakkanum, norðan við ána, var allstór hvammur og voru tóftir í honum. Skammt fyrir norðan þennan hvamm gengur sjávarbakkinn fram í nef. Það heitir Bæjarvíkurnef og víkin þar fyrir norðan Bæjarvík (...). Nú er Undirbakki og hvammurinn við ána komnir í tún.“ (Örnefnaskrá Hólakots, 1).


Lýsing

Þarna fundust engar minjar við vettvangsskráningu 2015 og ekki óvarlegt að áætla að þær hafi horfið við túnasléttun.

Fossárteigur - söguágrip

Fossárteigur átti land milli Hólakots í norðri og Fagraness í suðri.⁷¹ Jörðin kemur fyrst fyrir í heimildum 1421 þegar Pétur Ormsson lýkur klaustrinu á Reynistað Fossárteigsreka fyrir þrjú gildi með samþykki Sigríðar konu sinnar. „Er það rekamark við miðja Fossá og suður til móts við Fagranes. Skyldi Staður eiga bæði viðarreka og hvalreka og allt það er til gagns kann að koma“⁷² Árið 1446 er hún talin með eyðijörðum klaustursins: „Item Fossárteigur. Byggt fyrir V aura.“⁷³ Jörðin var í eyði 1709 og hafði verið frá því um aldamótin.⁷⁴ Í jarðatali frá 1847 segir neðanmáls „A.M. telur hér undir Fossárteig (...)“.⁷⁵ Það er ekki rétt þar sem að Fossárteigur er skráð sem sér jörð í jarðabókinni 1709 og hvergi getið með Steini. Þar kemur aftur á móti fram að presturinn á Fagranesi hafi beitt landið slegið engjar og galdið fyrir 20 álnir í landaurum til Reynistaðaklausturs. Þar kemur einnig fram að munnmæli segir að Fossárteigur og Hólakot hafi að fornu verið ein jörð. Heimræði var og sæmileg lending.⁷⁶ Í Byggðasögu segir að byggð hafi sennilega verið stopul á Fossárteigi og er jörðin t.d. ekki talin með klaustureignum 1525 og um 1700 var hún að fullu farin í eyði.⁷⁷

Fornleifaskráning



Fossárteigur 1733-101

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hættu.

Staðhættir

Í grasgefnum þýfðum móa tæplega 20m suður af árgili Fossár og 60m vestur af sjávarbakkanum er tóft á lágum hól.

Lýsing

Tóftin er 5,5x7,5m að utanmáli og snýr austur/vestur. Hún er tvískipt

og hafa dyr a.m.k. verið á vestara hólfinu og snúið til suðurs. Veggir eru 20-60sm háir og 1,2-2m á breidd, grasi og mosa grónir.

⁷¹ Byggðasaga Skagafjarðar I, 226.

⁷² Íslenskt fornbréfasafn IV, 293-4.

⁷³ Íslenskt fornbréfasafn IV, 702.

⁷⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 38-39.

⁷⁵ Jarðatal J. Johnsen, 255.

⁷⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 39.

⁷⁷ Byggðasaga Skagafjarðar I, 227.

Fossárteigur 1733-102

Hlutverk: Lending

Tegund: Heimild

Hættumat: Ómetið.

Staðhættir

Lendingin frá Hólakoti var sunnan við Fossá (Hólakotsá) í landi Fossárteigs (nú Fagraness). Sjóbúðartóft er á sjávarbakknum og samkvæmt heimild var lendingin fast sunnan við hana.

Lýsing

Hnit voru tekin af loftmynd samkvæmt lýsingu í örnefnaskrá og því má gera ráð fyrir allt að 30m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Lending er við Hólakotsá í landi Fossárteigs. Þar var uppsátur frá Hólakoti í litlum hvammi neðan undir kletti og tvístæð sjóbúð og standa axlarhár grjóttveggir af efri búðinni.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 223). Í örnefnaskrá segir um lendinguna: „Neðan sjávarbakkans, sunnan við Fossá, er sjóbúð í dálitlum grónum hvammi. Hún er í landi Fossárteigs. Hólakot á þarna uppsátur. Lendingin var í fjörunni, fast suður og niður af íbúðinni. Að vetrarlagi var venja að setja bátinn upp á grasstallinn sunnan við búðina. Smá upphlaðinn sléttur bali var þar sunnan við. Þangað var fiskinum fleygt og gert þar að honum.“ (Örnefnaskrá Hólakots, 2).



Mynd 36. Sjóbúðatóft (1733-103) fremst á rofnum sjávarbakka. Horft er inn efir ströndinni til SSV.

Fossárteigur 1733-103

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots. Þegar hefur brotið af tóftinni til austurs.

Staðhættir

Á sjávarbakknum um 5m suður af Fossá (Hólakotsá) er sjóbúðatóft.

Lýsing


Sjórinn hefur brotið af tóftinni til austurs. Vesturveggur sem ekki er skemmdur vegna ágangs sjávar er 5m langur og tóftin er 3m á lengd frá vestri til austurs. Veggir eru

grjóthlaðnir og standa ágætlega, 60-160sm háir og um metri á breidd. Þeir eru grasi grónir að ofan. Dyr hafa verið til suðurs. Samkvæmt heimild var sjóbúðin tvístæð og er aðeins hluti efri búðarinnar eftir.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Lending er við Hólakotsá í landi Fossárteigs. Þar var uppsátur frá Hólakoti í litlum hvammi neðan undir kletti og tvístæð sjóbúð og standa axlarhár grjóttveggir af efri búðinni. Hún var enn uppi um 1960, hin fremri hrunin niður, hafði fallið í miklu brimi. Feðgarnir þeir Jónas Jónsson og Sigurjón Jónasson byggðu hér sjóbúð fyrir aldamótin 1900 og síðar fisktökuhús Gránufélagsverslunar við hliðina. Lendingin var í stuttri

malarfjöru sunnan í smátanga sem gengur fram úr gili Hólakotsár, suður og niður af búðinni. Var venja að setja báta upp á grasstallinn sunnan við sjóbúðina. Þar var einnig lítill upphlaðinn grasbali, þangað sem fiski var fleygt upp og gert að. Tveggja til þriggja metra hár foss er í ánni utan við búðina og voru lagðir plankar yfir ána á brúninni til að brúa heim að bænum. Hér hefur sjór gengið á landið á síðustu áratugum og eru veggir fremri búðarinnar með öllu horfnir.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 223). Í örnefnaskrá segir um lendinguna: „Neðan sjávarbakkans, sunnan við Fossá, er sjóbúð í dálitlum grónum hvammi. Hún er í landi Fossárteigs. Hólakot á þarna uppsátur. Lendingin var í fjörunni, fast suður og niður af íbúðinni. Að vetrarlagi var venja að setja bátinn upp á grasstallinn sunnan við búðina. Smá upphlaðinn sléttur bali var þar sunnan við. Þangað var fiskinum fleygt og gert þar að honum.“ (Örnefnaskrá Hólakots, 2).



Fossárteigur 1733-104

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Neðarlega í valllendisbrekku um 540m suður af Fossá (Hólakotsá) og 60m vestur af sjávarbakkanum er fjárhústóft.


Lýsing

Tóftin er 8,5x8,5m að utanmáli og hafa dyr snúið til austurs. Til vesturs

er heytóft en tvístæð hús til austurs. Garði er í nyrðri húsunum. Veggir eru þýfðir og grasi og mosa grónir, 20-40sm háir og rúmlega metri á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Á að giska 100 metrum sunnar og ofar eru glöggar rústir lítilla fjárhúsa (65.49.46/19.40.98).“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 226).



Mynd 37. Garðlag 1733-105, mögulega túngarður. Horft til vesturs.

Fossárteigur 1733-105

Hlutverk: Óþekkt, túngarður

Tegund: Hryggur, náttúrulegt

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Neðarlega í valllendisbrekku um 540m suður af Fossá (Hólakotsá) og 60m vestur af sjávarbakkanum er fjárhústóft (nr. 1733-104) og tæplega 30m suður af henni er hryggur.

Lýsing

Hryggurinn er algróinn grasi og mosa og liggur í boga frá norðvestri

til austurs. Hann er 60m langur, 2,5m breiður og 30-60sm hár. Hryggurinn er mögulega náttúrulegt fyrirbrigði en mögulega eru um að ræða leifar túngarðsins á Fossárteigi.

Horfnar óstaðsettar minjar

Fossárteigur 1733-106

Hlutverk: Fisktökuhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Feðgarnir þeir Jónas Jónsson og Sigurjón Jónasson byggðu hér sjóbúð fyrir aldamótin 1900 og síðar fisktökuhús Gránufélagsverslunar við hliðina.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 223).

Lýsing

Ekki er vitað nákvæmlega hvar fisktökuhús Gránufélagsins stóð nema að hann var við hliðina á sjóbúðinni. Þarna hefur sjór brotið töluvert land og landslag því ólíkt því sem áður var.

Fossárteigur 1733-107

Hlutverk: Fiskreitir (þar sem gert var að fiski)

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir um lendinguna: „Neðan sjávarbakkans, sunnan við Fossá, er sjóbúð í dálitlum grónum hvammi. Hún er í landi Fossárteigs. Hólakot á þarna uppsátur. Lendingin var í fjörunni, fast suður og niður af íbúðinni. Að vetrarlagi var venja að setja bátinn upp á grasstallinn sunnan við búðina. Smá upphlaðinn sléttur bali var þar sunnan við. Þangað var fiskinum fleygt og gert þar að honum.“ (Örnefnaskrá Hólakots, 2).

Lýsing

Sjóbúðin sem nefnd er í örnefnaskránni hér að ofan stendur aðeins að hluta (sjá nr. 1733-103) og minjar sem hafa verið sunnan við hana eru nú allar horfnar vegna landbrots af völdum sjávar. Þarna er landslag því nokkuð breytt frá því sem áður var.

Fossárteigur 1733-108

Hlutverk: Uppsátur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir um lendinguna: „Neðan sjávarbakkans, sunnan við Fossá, er sjóbúð í dálitlum grónum hvammi. Hún er í landi Fossárteigs. Hólakot á þarna uppsátur. Lendingin var í fjörunni, fast suður og niður af íbúðinni. Að vetrarlagi var venja að setja bátinn upp á grasstallinn sunnan við búðina. Smá upphlaðinn sléttur bali var þar sunnan við. Þangað var fiskinum fleygt og gert þar að honum.“ (Örnefnaskrá Hólakots, 2).

Lýsing

Sjóbúðin sem nefnd er í örnefnaskránni hér að ofan stendur aðeins að hluta (sjá nr. 1733-103) og enginn grasstallur er lengur sunnan við búðina vegna ágangs af völdum sjávar. Þarna er landslag því nokkuð breytt frá því sem áður var.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Til hlunninda telst lítilfjörlegur reki og skipsuppsátur, sem hæfilega virðist metið við hálft hundrað.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 222-223).

Fossárteigur 1733-109

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Rústir bæjarins eru niðri undir sjávarbakka á nefi sem gengur lítið eitt fram í sjóinn. Framan við eru a.m.k. 20m háir klapparlausir sjávarbakkar og sjórinn brýtur stöðugt landið svo að nú eru ekki nema um 20 metrar frá rústum bæjarins fram á sjávarbakka. Það sem kallað er bæjarrúst er þó einna líkast rétt, smápýfðir veggir en slétt að innan og veggjaskil eru ekki glögg. Þetta er um 8 m löng flöt i laginu eins og T, lítið bakhús ofan í.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 226).

Lýsing

Engar tóftir fundust við vettvangsskráningu í október 2015.

Fossárteigur 1733-110

Hlutverk: Lending

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í jarðabók frá 1709 segir: „Heimræði var hjer og lending sæmileg og gekk hjer oftast eitt skip, stundum ekkert; fleiri máttu gánga, hefði ábúandi verið svo megnugur. Inntökuskip var hjer eitt, stundum ekkert og tók ábúandinn einn fisk af hverjum róðri í undirgift skipsins, og var þetta almennilega kallaður lóðarfiskur.“ (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. bindi, 39).

Lýsing

Engar heimildir eru um hvar lendingin á Fossárteigi var en ekki er ólíklegt að hún hafi verið norður undir Fossá (Hólakotsá) þar sem að lendingin frá Hólakoti var. Ekki fundust aðrar sjóminjar þar en sjóbúðatóft (sjá nr. 1733-103) frá Hólakoti en þarna hefur sjór brotið töluvert af landi og landslag því breytt frá því sem áður var. Minjar um útræði fundust hvergi annarsstaðar meðfram strandlínu Fossárteigs.

Fagranes - söguágrip

Fagranes var kirkjustaður og prestsetur til 1894 en kirkjan var aflögð 1892 og fluttist á Sauðárkrók.⁷⁸ Fagranes kemur fyrst fyrir í Sturlungu árið 1254 þar sem segir frá því er Oddur Þórarinnsson ríður út að Fagranesi að hitta Heinrek biskup sem þar var staddur til þess að vígja kirkju. Þá bjó Brandur Þjóðólffson á Fagranesi.⁷⁹ Þetta er jafnframt elsta heimild er getur kirkju að Fagranesi. Í íslensku fornbréfasafni er elsta heimildin í Auðunarmáldaga frá 1318. Átti kirkjan á Fagranesi sem helguð var heilögum Matthíasi „allt heimaland og x kúgildi“ ásamt fleiru.⁸⁰ Kirkjan var aflögð 1892.⁸¹ Jarðardýrleiki var óviss þar sem að jörðin var kirkjújörð og beneficium.⁸² Í jarðabók 1709 segir að rekavon sé í meðallagi en heppnist misjafnt. „Heimræði er hjer og lendíng ein sæmileg, og gánga hjer skip staðarhaldarans eitt eður fleiri, þegar því verður við komið.“⁸³ Fagraneslending var utan við Fagranesá, út og niður frá bænum en á síðari árum var farið að róa úr svokölluðum Bátahvammi.⁸⁴

Í jarðabók 1709 er Skriðukot sögð eyðihjáleiga byggð upp á stekkjarstæði jarðarinnar og hafði þá legið í auðn í 20 ár.⁸⁵ Síðar voru byggð þar beitarhús frá Fagranesi.⁸⁶

⁷⁸ Byggðasaga Skagafjarðar I, 228.

⁷⁹ Sturlunga saga, I. bindi, 507.

⁸⁰ Íslenskt fornbréfasafn II, 468.

⁸¹ Byggðasaga Skagafjarðar I, 228.

⁸² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. bindi, 40; Jarðatal Johnsen, 255.


⁸³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. bindi, 40.

⁸⁴ Byggðasaga Skagafjarðar I, 230.

⁸⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. bindi, 41.

⁸⁶ Byggðasaga Skagafjarðar I, 231.

Fornleifaskráning



Fagranes 1733-111

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Beitarhúsatóft eru á grónum skriðurana upp af Stekkjarvík áður Skriðukotsvík (sjá örnefnaskrá bls. 2) tæplega 1200m norður af íbúðarhúsinu á Fagranesi. Beggja vegna er skriðuranans eru djúp gil.

Lýsing

Tóftin er 6,5x15m að utanmáli og snýr austur/vestur, fjárhús með garða til austurs en heytóft vestan við. Dyr hafa snúið til austurs. Veggir eru 20-70sm háir og 1,5m á breidd. Tóftin er grasi og mosa gróin en sér í grjót í hleðslum. Veggjabrot sem nefnd eru í heimild, sunnan tóftar fundust ekki við skráningu.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Skriðukot (65.49.06/19.40.76) er á svonefndu Stekkjartúni milli tveggja djúpra, nafnlausra gilja á mjóum grónum skriðurana í svo sem 20 m hæð beint upp af Stekkjarvík góðan spöl norður frá Fagranesá. (...) Jarðabókin 1709 telur hjáleigukot þetta hafa farið í eyði um 1690 og mun það trúlega aldrei hafa byggst aftur en löngu síðar hafa verið byggð þarna beitarhús frá Fagranesi. Þau eru skýr að veggjamáli og virðast hafa tekið um 50 kindur en 8 m² heytóft er ofan við húsin. Sunnan við fjárhúsin eru gömul veggjabrot en mun yngri kofatóftir 25-30 metrum utar og ofan við beitarhúsin.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 231).

Fagranes 1733-112

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Beitarhúsatóft eru á grónum skriðurana upp af Stekkjarvík áður Skriðukotsvík (sjá örnefnaskrá bls. 2) tæplega 1200m norður af íbúðarhúsinu á Fagranesi. Um 25m norðvestan við beitarhúsatóftina er minni tóft. Beggja vegna er skriðuranans eru djúp gil.

Lýsing

Tóftin er 5x5m að utanmáli. Hún er grasi gróin en grjót sést á einum stað í hleðslu og jarðfastur steinn er í norðurvegg. Veggir eru 30-40sm háir og 1,5m á breidd. Dyr gætu hafa verið syðst á vesturvegg.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Sunnan við fjárhúsin eru gömul veggjabrot en mun yngri kofatóftir 25-30 metrum utar og ofan við beitarhúsin.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 231).



Mynd 38. Tóft 1733-133 á sjávarbakkanum. Horft er neðan úr fjörunni.

Fagranes 1733-113

Hlutverk: Óþekkt, stekkur, naust?

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots. Stór hluti tóftarinnar er farinn í sjó.

Staðhættir


Fremst á grónum skriðurana upp af Stekkjarvík áður Skriðukotsvík (sjá örnefnaskrá bls. 2) tæplega 1200m norður af íbúðarhúsinu á Fagranesi er tóft. Hún er á mjóum sjávarbakka undir hárri brekku og austan við er grjótfjara.

Lýsing

Tóftin er að brotna í sjó og er hluti suðurveggjar eina hleðslan sem enn stendur. Norðurveggur er alveg hruninn. Veggir eru 10-110sm háir og um metri á breidd. Grjóthleðslur eru greinilegar en suðurveggur er grasi og mosa gróinn að utan. Samkvæmt heimildum er talið að þarna hafi verið stekkur en ekki er hægt að ákvarða hlutverk af útliti tóftar vegna þess hve hún er illa farin. Út frá staðsetningu tóftar og því sem eftir er af minjunum mætti allt eins ætla að þarna hafi verið mannvirki tengd sjósókn s.s. naust.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Skriðukot (65.49.06/19.40.76) er á svonefndu Stekkjartúni milli tveggja djúpra, nafnlausra gilja á mjóum grónum skriðurana í svo sem 20 m hæð beint upp af Stekkjarvík góðan spöl norður frá Fagranesá. Lítill grjótstekkur er fyrir neðan lautarbolla í fjörumáli svo að sjór hefur brotið hluta framan af stekknunum, e.t.v. helming hans. Líklega hefur hann verið notaður síðast þegar fært var frá á Fagranesi. Þá var ánum fremur haldið til beitar úti á Hólakotsdal því þaðan þótti meira smjör í mjólkinni.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 231). Um tóftina segir í örnefnaskrá: „Niðri í víkinni er rétt eða stekkur, hlaðinn úr grjóti; stendur hann rétt ofan við fjöruborð. Mun víkin draga nafn af stekk þessum. Ólíklegt þykir mér, að hann hafi verið notaður frá Fagranesi, því hálf tíma gangur er niður í vík og yfir á að fara, sem illfær getur orðið. Stekknum hefur þó veri haldið við löngu eftir að Skriðukot lagðist í eyði, hefir séð vel fyrir honum fram að þessu.“ (Örnefnaskrá Fagraness, 2-3).



Fagranes 1733-114

Hlutverk: Lending

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fagraneslending var út og niður frá bænum, utan við Fagranesá, niður undan valllendissléttu sem heitir Búðatún. (...) Lending þessi var lengi notuð af Fagranesmönnum, en á seinni árum var farið að róa úr svokölluðum Bátahvammi, en svo nefnist neðsti hluti gilsins sem liggur niður á milli íbúðarhúsanna. Lending þessi er alllangt sunnan Fagranesár og brýtur sjórinn land þarna ótæpilega.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 230).

Lýsing

Punktur var tekinn af loftmynd samkvæmt heimild og því má gera ráð fyrir allt að 50m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Lending þessi var lengi notuð af Fagranesmönnum, en á seinni árum var farið að róa úr svokölluðum Bátahvammi, en svo nefnist neðsti hluti gilsins sem liggur niður á milli íbúðarhúsanna. Lending þessi er alllangt sunnan Fagranesár og brýtur sjórinn land þarna ótæpilega.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 230).

Fagranes 1733-115

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna landbrots. Tóftin er um metra frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

Staðhættir

Á grónum sjávarbakka, tæpa 40m norðan Fagranesár er tóft.

Lýsing

Tóftin er 5x5m að utanmáli og mögulega tvískipt en óljós veggbrott liggur í boga sunnan við tóftina. Veggir eru 10-40sm háir og 0,8-2m á breidd. Þeir eru þýfðir og algrónir grasi og mosa. Dyr eru ekki greinanlegar.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Á árbakkanum sunnan og neðan við búðina sjást minjar um stóra rétt en beggja megin við lítið gildrag eru fornar sjóbúðatóftir.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 230).



Mynd 39. Sjóbúðatóft (1733-116). Horft er til norðausturs.

Fagranes 1733-116

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Tóft

Hættumat: **Hætta vegna landbrots.** Tóftin er um 16m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir. Sjávarbakkinn er þó gróinn og minjarnar því ekki taldar í bráðri hættu. Sunnar virðist landbrotið vera meira.

Staðhættir

Niður undan svonefndu Búðatúni (Búðalón í örnefnaskrá), um 15m norður af Fagranesá og 15m vestur

af sjávarbakkanum er sjóbúðatóft.

Lýsing

Tóftin er grjóthlaðin, 5x7m að utanmáli og snýr nálega norður/suður og hafa dyr snúið til suðurs. Grjóthleðslurnar sjást greinilega, nokkuð er hrúnið úr þeim og þær eru að hluta grónar grasi og mosa. Veggir eru 1,3-2m á breidd og 50-100sm háir.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Utan við Fagranesá standa enn háir grjótveggir af stórri sjóbúð (65.48.79/19.40.50). Timburstafn hefur snúið til suðurs. Búðinni er svo lýst við úttekt 1895: „7 ál. og 3 þuml. að lengd, 4 ál. og 6 þuml. á breidd, 5 ál. á hæð með 8 stoðum, 4 bitum, 4 sperrum, 3 langböndum og áfellum á hlið með þili framan undir og hurð á járnum, hálfstafni að norðan. Veggir eru úr grjóti, sem orðnir eru óþéttir sökum þess að mold hefur blásið úr og sér því sums staðar út um það. Þak er einnig slæmt og á einum stað stórt gat á því.““ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 230). Í örnefnaskrá segir: „Norðan Fagranesár er vallendislétt, heitir hún Búðarlón. Þar stóðu á sjávarbakka sjóbúðir, nú tóftir einar.“ (Örnefnaskrá Reykja, 2).

Fagranes 1733-117

Hlutverk: Óþekkt, sjóbúð

Tegund: Tóft

Hættumat: **Hætta vegna landbrots.** Tóftin er innan við 10m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir. Sjávarbakkinn er þó gróinn og minjarnar því ekki taldar í bráðri hættu. Sunnan virðist landbrotið vera meira.

Staðhættir

Á sjávarbakkaum norðan Fagranesár og beint austur af sjóbúðartóft nr. 1733-116 er önnur tóft, mögulega sjóbúð.

Lýsing

Tóftin er 6x7m að utanmáli. Vesturveggur er vart greinanlegur og aðrir veggir mest 50sm háir og tæpur metri á breidd, algrónir grasi og mosa. Dyr eru ekki greinanlegar.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Á árbakkanum sunnan og neðan við búðina sjást minjar um stóra rétt en beggja megin við lítið gildrag eru fornar sjóbúðatóftir.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 230).



Mynd 40. Stekkjartóft (1733-118) neðst í árgili Fagranesár. Horft er til suðausturs.

Fagranes 1733-118

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna landbrots. Tóftin er innan við 10m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir. Sjávarbakkinn er þó gróinn og minjarnar því ekki taldar í bráðri hættu. Sunnan virðist landbrotið vera meira.

Staðhættir

Í smá bolla neðst í norðanverðu árgili Fagranesár, er tóft, líklega rétt eða stekkur.

Lýsing

Tóftin er grasi gróin 6,5x8,5m að innanmáli. Veggir eru 1-2m á breidd og 20-40sm háir. Til vesturs, suðurs og austurs er gróin torf- og grjóthleðsla en til norðurs er torf og grjóthleðsla upp við bakka. Hugsanlega hefur verið lítið hólf eða kró ofan eða vestan við. Hlið hafa verið á SA horni og til vesturs. Á sjávarbakkanum austan við tóftina er 20sm niðurgroftur.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Á árbakkanum sunnan og neðan við búðina sjást minjar um stóra rétt en beggja megin við lítið gildrag eru fornar sjóbúðatóftir.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 230).



Mynd 41. Grjóthrúga nr. 1733-119 norðan Fagranesár.

Fagranes 1733-119

Hlutverk: Óþekkt, túnahreinsun

Tegund: Grjóthrúga

Hættumat: Engin hættu.

Staðhættir

Á norðurbakka Fagranesár, 90m vestur frá sjávarbakkanum, sunnan við Búðatúna (Búðarlón í örnefnaskrá Fagranes, bls. 2) er grjóthrúga.

Lýsing

Grjóthrúgan er rúmlega 3m í þvermál og 10-30sm há. Hlutverk er óvíst en mögulega er um að ræða leifar af grjóthreinsun úr Búðatúni/-

Búðarlóni. Þó er ekki hægt að útiloka annað hlutverk nema með frekari rannsókn en út frá útliti minjanna og staðsetningu gæti líka verið um heiðna gróf að ræða.

Fagranes 1733-120

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Í þúfnakarga sunnan við Fagranes á, 30m vestur af sjávarbakkanum er tóft.

Lýsing

Tóftin er 5x5m að utanmáli og er afar óljós. Hún stendur svolítið hærra en umhverfið, veggir eru þýfðir og mest 30sm háir. Tóftin er illgreinanleg.



Mynd 42. Niðurgröftur nr. 1733-121 á sjávarbakkanum sunnan við Fagranesá. Horft er til austurs.

Fagranes 1733-121

Hlutverk: Óþekkt, uppsátur

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Mikil hætta.

Minjarnar eru fremst á sjávarbakka sem brýtur af.

Staðhættir

Fremst á sjávarbakkanum sunnan við Fagranesá er niðurgröftur, hugsanlega uppsátur.

Lýsing

Niðurgröfturinn er 30-60sm djúpur með aflíðandi brúnir. Hann 6m langur og V-laga, breiðari til austurs mót sjónum. Miðað við

staðsetningu er ekki ólíklegt að þarna hafi verið uppsátur.

Fagranes 1733-122

Hlutverk: Óþekkt, girðing

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hættu.

Garðlagið er rétt innan við 90m frá sjávarbakka þar sem að landbrot er töluvert en sökum fjarlægðar er það ekki talið vera í hættu í nánustu framtíð.

Staðhættir

Sunnan við Fagranesá er um 1,5 breidd garðlag sem er 10-30sm hátt og 90m langt og liggur nokkurn veginn norður/suður. Þvert á það að norðan er annað garðlag undan girðingu og á loftmynd má sjá varðlag frá þessu til austurs. Líklegt er að garðlagið sé undan girðingu og ekki vitað um aldur þess.



Mynd 43. Horft til norðurs eftir garðlagi 1733-122.

Fagranes 1733-123

Hlutverk: Lending

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt heimild var róið úr Batahvammi neðst í gílinu sem liggur á milli íbúðarhúsanna á Fagranesi. Lendingin er um 650m norðaustur af íbúðarhúsinu á Fagranesi (og gamla bæjarstæðinu). Þar er mikil landbrot og samkvæmt heimildamönnum er mesta landbrotið fyrir Fagraneslandi á nesinu sjálfu (Munnl. heimild: Camilla Munk Sörensen og Björn S. Jónsson 29.10.15).

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Lending þessi var lengi notuð af Fagranesmönnum, en á seinni árum var farið að róa úr svokölluðum Batahvammi, en svo nefnist neðsti hluti gilsins sem liggur niður á milli íbúðarhúsanna. Lending þessi er allan langt sunnan Fagranesár og brýtur sjórinn land þarna ótæpilega.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 230).



Mynd 44. Niðurgröftur, mögulega uppsátur (1733-124) sunnan við Batahvamm. Horft er til norðausturs (NNA).

Fagranes 1733-124

Hlutverk: Óþekkt, uppsátur

Tegund: Niðurgröftur-hleðsla

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots. Niðurgröfturinn er við fjöru þar sem að landbrot er töluvert.

Staðhættir

Batahvammur heitir neðst í gílinu sem rennur milli íbúðarhúsanna á Fagranesi. Sunnan við lækinn sem rennur þar til sjávar, í malar-kambinum er niðurgröftur.

Lýsing

Niðurgröfturinn myndar krappan

vinkil opinn til norðausturs mót sjónum. Hann er tæplega 6m langur, 1,5-6m breiður og 40-80sm djúpur. Grjót sést í innbrúnum og greinileg hleðsla er til vesturs. Niðurgröfturinn er fullur af reka og mól og því erfitt að greina hverskonar mannvirki þetta er, en þarna var áður lending og gæti verið um uppsátur að ræða eða annað tengt útræði af staðnum.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Lending þessi var lengi notuð af Fagranesmönnum, en á seinni árum var farið að róa úr svokölluðum Batahvammi, en svo nefnist neðsti hluti gilsins sem liggur niður á milli íbúðarhúsanna. Lending þessi er allangt sunnan Fagranesár og brýtur sjórinn land þarna ótæpilega.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 230).



Mynd 45. Sjóbúðartóft 1733-125 á sjávarbakka þar sem landbrot er mikið. Horft er til austurs (ASA).

Fagranes 1733-125

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna landbrots. Minjarnar liggja fram á sjávarbakka þar sem landbrots gætir og þegar hefur brotið af þeim til norðurs.

Staðhættir

Á sjávarbakka, syðst í bás sem nefnist Paradís er sjóbúðartóft. Tóftin er um 500m suðaustur af fjárhúsinu sem er neðan við mel-enda sem er austur af bæjarhúsum á Fagranesi.


Lýsing

Tóftin er 6x6m að utanmáli og hafa dyr snúið mót austri. Veggir eru grjóthlaðnir og sér í hleðslur en þeir eru að öðru leyti grasi grónir. Þeir eru 20-40sm háir og 1-2m á breidd, en norður veggur er nánast alveg horfinn í sjó. Svolítið hefur hrunið úr veggjum.

Aðrar upplýsing

Í örnefnaskrá segir: „Upp af Paradís, fornu uppsátri, er stórbýft og nefnt Paradísarmór.“

(Örnefnaskrá Reykja, 1). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Á Skarfasteinum sitja oft skarfar. Nokkru sunnan við steinana er lítill bás sem heitir Paradís. Þar er sjóbúðartóft uppi á bakkanum og eftir sögn Sigurjóns Jónssonar frá Hólakoti, síðar á Skefilsstöðum lágu menn við í sjóbúðinni fyrrum þegar þeir voru í útselnum. Hann kom stundum inn með Ströndinni í stórum stíl.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 229). Samkvæmt heimildamanni var veiddur Vöðuselur við sjóbúðina (Munnl. heimild. Jón Eiríksson 23.09.15).



Horfnar óstaðsettar minjar

Fagranes 1733-126

Sérheiti: Skriðukot

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Skriðukot (65.49.06/19.40.76) er á svonefndu Stekkjartúni milli tveggja djúpra, nafnlausra gilja á mjóum grónum skriðurana í svo sem 20 m hæð beint upp af Stekkjarvík góðan spöl norður frá Fagranesi. Lítill grjótstekkur er fyrir neðan lautarbolla í fjörumáli svo að sjór hefur brotið hluta framan af stekknunum, e.t.v. helming hans. Líklega hefur hann verið notaður síðast þegar fært var frá á Fagranesi. Þá var ánum fremur haldið til beitar úti á Hólakotsdal því þaðan þótti meira smjör í mjólkinni. Jarðabókin 1709 telur hjáleigukot þetta hafa farið í eyði um 1690 og mun það trúlega aldrei hafa byggst aftur en löngu síðar hafa verið byggð þarna beitarhús frá Fagranesi. Þau eru skýr að veggjamáli og virðast hafa tekið um 50 kindur en 8 m² heytóft er ofan við húsin. (...) Engin bæjarrúst er sýnileg, hefur trúlega eyðst af skriðu eða beitarhúsin byggð ofan í bæjartóftirnar.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 231).


Lýsing

Þrennar tóftir eru á grónum skriðurana á milli tveggja gilja en engar líklegar til þess að vera af bænum á Skriðukoti og líklegast að minjarnar séu horfnar, beitarhúsin hafi verið byggð ofan á þær eða að nefnt kot hafi verið annars staðar í landi Fagraness.

Steinn

Steinn var eigu biskupsstólsins á Hólum og kemur fyrst fyrir í skrá um kúgildi með jörðum staðarins frá 1449. Kúgildi voru þá 6.⁸⁷ Steinn er enn í eign Hólastóls 1525⁸⁸ en 1550 er jörðin á skrá yfir þær jarðir sem seldar voru frá Hólum í tíð Jóns Arasonar. Þar var hún metin á 10 hundruð.⁸⁹ Árið 1556 er Steinn kominn í eigu Reynistaðaklausturs, þá voru kúgildi 3, landskuld 3 ær, 2 dagsláttur og 20 álnir.⁹⁰ Í jarðabók 1709 er jarðardýrleiki sagður 20 hundruð.⁹¹ Ekki er getið um lendingu í jarðabókinni 1709 en í Byggðasögu Skagafjarðar segir að lending hafi verið í lítilli vík um 100m utan við merki milli Steins og Meyjarlands en hún þótti slæm.⁹²

Fornleifaskráning



Steinn 1733-127

Hlutverk: Stekkur, rétt

Tegund: Tóft

Hættumat: **Hætta vegna landbrots.** Minjarnar liggja fram á sjávarbakka en þær eru ekki taldar í bráðri hættu þar sem landbrot virðist ekki vera mjög mikið.

Staðhættir

Lambasteinar ytri og syðri heita klettur eða klappir á sjávarbakkanum tæplega 300m norðaustur af íbúðarhúsinu á Steini. Undir Lambasteini ytri að austan er tóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og byggð upp við Lambastein ytri sem gegnir hlutverki vesturveggjar. Hún er 3,5x7,5m að utnmáli og liggur norður/suður. Dyr eða hlið hefur verið til suðurs á syðra hólfi en til

austurs á nyrðra hólfinu og það virðist hafa verið innangengt á milli hólfa. Líklegast virðist sem tóftin sé stekkjartóft með lambakró til suðurs og rétt til norðurs. Sunnan og suðaustan við tóftina er rétt, vinkillaga garður sem með tóftinni afmarkar um 7,5x8,5m svæði. Veggir eru Samkvæmt heimild (sjá að neðan) var réttin aðeins notuð til innrekstrar og rúnings á vorin en það lítur þó út fyrir að þarna hafi bæði verið rétt og stekkur.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Lambasteinar ytri og syðri eru niðri á sjávarbakka út og niður frá Steini með stuttu millibili. Hvorir tveggju steinarnir eru klappir og stendur sá syðri

⁸⁷ Íslenskt fornbréfasafn V, 35.

⁸⁸ Íslenskt fornbréfasafn IX, 301.

⁸⁹ Íslenskt fornbréfasafn XI, 872.

⁹⁰ Íslenskt fornbréfasafn XIII, 143.

⁹¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 41.

⁹² Byggðasaga Skagafjarðar I, 235.

nokkuð upp en ytri steinninn er flöt klöpp, gróin að ofan. Neðan undir henni er gömul rétt sem notuð var til innrekstrar á vorin og rúnings.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 235).

Steinn 1733-128

Hlutverk: Lending

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Um það bil 100 metrum fyrir utan merki Meyjarlands og Steins er lítil vík með sandfjöru og var þar lending frá Steini. Hún þótti slæm og var ekki hægt að geyma þarna bát að vetri til. Jarðabækur telja enda enga nothæfa lendingu að Steini.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 235).

Lýsing

Punktur var tekinn af lofmynd samkvæmt lýsingu í Byggðasögu Skagafjarðar og má gera ráð fyrir allt að 50m skekkju. Punkturinn er í fjöru um 250m ASA af íbúðarhúsinu á Steini.

Horfnar óstaðsettar minjar

Steinn 1733-129

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Steinn á land að Meyjarlandi að sunnan, Skarði að vestan, Fagranesi að norðan, sjó að austan. Voru fyrrum landamerkjagjarðar upp frá sjó bæði að utan og sunnan.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 233).

Lýsing

Landamerkjagjarðarnir eru horfnir að minnsta kosti niður við sjóinn og skurðir eru á merkjum Steins, bæði að norðan við Fagranes og Meyjarland að sunnan. Þar sem að fornleifaskráningin nær aðeins til strandlínunnar og 100m meðfram henni var ekki leitað að garðinum ofar í landinu og því ekki hægt að fullyrða að þeir séu með öllu horfnir.

Steinn 1733-130

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Steinn á land að Meyjarlandi að sunnan, Skarði að vestan, Fagranesi að norðan, sjó að austan. Voru fyrrum landamerkjagjarðar upp frá sjó bæði að utan og sunnan.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 233).

Lýsing

Landamerkjagjarðarnir eru horfnir að minnsta kosti niður við sjóinn og skurðir eru á merkjum Steins, bæði að norðan við Fagranes og Meyjarland að sunnan. Þar sem að fornleifaskráningin nær aðeins til strandlínunnar og 100m meðfram henni var ekki leitað að garðinum ofar í landinu og því ekki hægt að fullyrða að þeir séu með öllu horfnir.

Meyjarland - söguágrip

Meyjarland er talið með Hólastólsjörðum 1550 og voru kúgildi 2.⁹³ Í jarðabókinni 1709 er jarðardýrleiki sagður 10 hundruð og jörðin enn í eigu Hólastóls. „Heimræði er hjer ekki teljandi. Því skipsuppsátur er ekkert, hefur hjer og aldrei skip gengið nema eitt sumar, og brotnaði það um haustið fyrir sjáfargangi.“⁹⁴ Í jarðamati frá 1918 segir að jörðin eigi land til sjávar en landing sé slæm.⁹⁵ Meyjarlandslending er norðan við Stóragil og eru sjóbúðatóftir á bakkanum.⁹⁶ Árið 1907 voru þrír til heimilis að Meyjarlandi en heimilismenn voru 12 þegar flestir eru skráðir þar árið 1901.⁹⁷

Fornleifaskráning



Mynd 46. Uppsátur ofan við landinguna á Meyjarlandi. Horft er til austurs.



Mynd 47. Horft til norðvesturs í átt að uppsátrinu á Meyjarlandi. Greinilega sést hvernig gróðurtorfan er horfin af bökkunum vegna ágangs sjávar.

Meyjarland 1733-131

Hlutverk: Uppsátur

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots. Minjarnar eru á sjávarbakka og þegar hefur brotið af þeim til austurs.

Staðhættir

Á sjávarbakkanum norðan við Stóralæk, beint upp af landingunni, um 340m austur af íbúðarhúsinu er aflangur niðurgröftur, að líkindum uppsátur.

Lýsing

Niðurgröfturinn er 2,5x5m að utanmáli og liggur NA/SV, mjórri til suðaustur enda eða með bátslögum. Hann er grasi gróinn og 30-70sm djúpur. Fast sunnan við er tóft, líklega nausts og ekki virðist ólíklegt að þarna hafi verið uppsátur fyrir báta. Brotið hefur af sjávarbakkanum til austurs.

⁹³ Íslenskt fornbréfasafn V, 35.

⁹⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 42.

⁹⁵ Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://myndir.handrit.is/>. ((39) 0018r). Skoðaður 13.05.2015.

⁹⁶ Byggðasaga Skagafjarðar I, 239.

Meyjarland 1733-132

Hlutverk: Naust

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots. Minjarnar eru fremst á sjávarbakka og þegar hefur brotið af þeim til austurs.

Staðhættir


Á sjávarbakkanum norðan við Stóralæk, beint upp af lendingunni, um 340m austur af íbúðarhúsinu er uppsátur nr. 1733-131 og fast sunnan við það tóft.

Lýsing

Tóftin snýr austur/vestur og hafa dyr snúið til austurs. Veggir eru grjóthlaðnir en nánast algrónir grasi. Þeir eru 10-30sm háir og rúmlega metri á breidd. Vestan við tóftina er tún, sunnan við er lækjargil Stóralækjar og til austurs sjórinn. Um tvo metra vestan við tóftina er 20sm niðurgroftur sem er um 2m í þvermál.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Meyjarlandslending er norðan við Stóragil. Þar gengur fram lítil kletthalein og myndar smáskjól fyrir sunnanátt en norðan við er fjara með smámöl þar sem lent var. Sunnan við gilið á sjávarbakkanum eru rústir af sjóbúð en norðan við gilið, beint upp af lendingunni, virðist tóft af nausti þar sem bátur hefur verið dreginn upp á bakkann sem þarna er 6-8 m hár. Naustið er komið fram á sjávarbakka enda hefur brotið þarna talsvert land á síðustu áratugum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 238).



Mynd 48. Lendingin á Meyjarlandi var framan (neðan á mynd) við kletthaleinina sem skagar úti í rétt ofan við miðja mynd. Horft er til SA.

Meyjarland 1733-133

Hlutverk: Lending

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt heimild var lendingin norðan við Stóralæk þar sem hann rennur til sjávar um 360m austur af íbúðarhúsinu á Meyjarlandi.

Lýsing

Kletthalein gengur út í sjó sunnan við lendinguna á Meyjarlandi og önnur kletthalein er um 50m norðar. Á milli þeirra er malarfjara þar sem bátum var lent. Stóralækur rennur til sjávar norðan við fyrr-

nefnda kletthalein. Þarna gætir landbrots af völdum sjávar og eru bakkarnir upp af fjörunni rofnir.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Meyjarlandslending er norðan við Stóragil. Þar gengur fram lítil kletthalein og myndar smáskjól fyrir sunnanátt en norðan við er fjara með smámöl þar sem lent var. Sunnan við gilið á sjávarbakkanum eru rústir af sjóbúð en norðan við gilið, beint upp af lendingunni, virðist tóft af nausti þar sem bátur hefur verið dreginn upp á bakkann sem þarna er 6-8 m hár. Naustið er komið fram á sjávarbakka enda hefur brotið þarna talsvert land á síðustu áratugum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 238-29).



Meyjarland 1733-134

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots. Minjarnar liggja niður í fjöru þar sem landbrots gætir og þegar brotið af endanum næst fjörunni

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt heimild var lendingin norðan við Stórlæk þar sem hann rennur til sjávar um 360m austur af íbúðarhúsinu á Meyjarlandi. Gata

liggur úr norðanverðu lækjargili Stóralækjar og niður í fjöru. Endi hennar er rofinn vegna ágangs sjávar.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Sniðgata er úr giliinu niður í fjöruna.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 238).

Meyjarland 1733-135

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Hættumat. Hætta vegna landbrots. Minjarnar eru innan við 3m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

Staðhættir

Norðan við Stóralæk, neðst í lækjargilinu er hleðsla.

Lýsing

Hleðslan liggur austur/vestur, 2,5m á lengd, 40sm á breidd og 10-30sm á hæð. Hún er grasi gróin. Norðan við hana er þúst, mögulega leifar veggjar sem snýr þvert á hina, 1m á lengd og 70sm breið.



Mynd 49. Sjóbúðartóft (1733-136) sunnan við Stóralæk. Horft er til norðausturs.

Meyjarland 1733-136

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Tóft

Hættumat: **Hætta vegna landbrots.** Minjarnar eru 3m frá sjávarbakka þar sem að landbrot er greinilegt. Sjávarbakkar eru rofnir og gróðurþekjan farin að slúta fram af þeim.

Staðhættir

Á sjávarbakkanum sunnan við lækjargil Stóralækjar er sjóbúðatóft. Hún er í túnjaðri tæplega 350m austur af íbúðarhúsinu.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, snýr austur/vestur og er 6,5x8,5m að utanmáli. Veggir eru grjóthlaðnir, að mestu grasi grónir en þó sér í hleðslur í veggjum í syðra hólfi. Þeir eru 1-1,5m á breidd og 10-50sm háir. Nyrðra hólfið er tæplega metra hærra en syðra hólfið og veggir þess eru meira hrundir. Engar dyr eru greinanlegar á syðra hólfinu en á því nyrðra eru dyr og snúa mót austri í átt til sjávar. Beint austur af tóftinni er grafin rás eða skurður sem liggur samsíða tóftinni í lækjargil Stóralækjar. Vestan við tóftina er tún, norðan hennar lækjargil Stóralækjar og er girðing á brún þess, austan og sunnan við eru sjávarbakkar.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Meyjarlandslending er norðan við Stóragil. Þar gengur fram lítil kletthalein og myndar smáskjól fyrir sunnanátt en norðan við er fjara með smámöl þar sem lent var. Sunnan við gilið á sjávarbakkanum eru rústir af sjóbúð en norðan við gilið, beint upp af lendingunni, virðist tóft af nausti þar sem bátur hefur verið dreginn upp á bakkann sem þarna er 6-8 m hár. Naustið er komið fram á sjávarbakka enda hefur brotið þarna talsvert land á síðustu áratugum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 238).



Mynd 50. Niðurgroftur á sjávarbakkanum sunnan við Stóralæk. Horft er til austurs.

Meyjarland 1733-137

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgroftur

Hættumat: **Mikil hættu vegna landbrots.** Minjarnar eru á sjávarbakka þar sem að landbrot er greinilegt. Sjávarbakkar rofnir og gróðurþekjan farin að slúta fram af þeim.

Staðhættir

Á sjávarbakkanum sunnan við lækjargil Stóralækjar er sjóbúðatóft (sjá nr. 1733-136) og austan við hann, nær sjávarbakkanum er

niðurgröftur.

Lýsing

Niðurgröfturinn er um 2,5x3m að ummáli og 50-120sm djúpur, dýpri til vesturs. Girt er meðfram norðurbrúninni. Engin útbrún er greinanleg nema mögulega á 2m kafla að sunnan. Hlutverk er óþekkt en ekki er ólíklegt að niðurgröfturinn tengist útræði.



Meyjarland 1733-138

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag, náttúrulegt

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots. Minjarnar eru á sjávarbakka þar sem að landbrot er greinilegt.

Staðhættir

Í aflíðandi halla fram á sjávarbakka um 450m suðaustur af íbúðarhúsinu og sunnan við túnið á Meyjarlandi er mögulega garðlag eða tvö samsíða garðlög.

Lýsing

Garðlagið er 10-30sm hátt og breidd um 30sm. Það afmarkar 7x11m svæði. Erfitt er að átta sig á hlutverki garðlagsins en mögulega er þetta hleðsla undan girðingu en einnig er mögulegt að þetta séu aðeins grónar brúnir eftir rof af einhverju tagi s.s. vind eða vatnsrof.

Meyjarland 1733-139

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.

Minjarnar eru rúma 15m frá sjávarbakka þar sem að landbrots gætir en sjávarbakkinn er það hár að minjunum er ekki talin stafa bráð hætta.


Staðhættir

Beitarhúsavík eða Húsavík er syðst í landi Meyjarlands og upp af henni er Ytri-Húsavíkurlaut. Í

lautinni, um 80m norður af merkjum Meyjarlands og Innstlands er beitarhúsatóft. Sunnan við tóftina er gildrag og liggur tóftin á bakka þess samsíða draginu.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og liggur austur/vestur, 5x16m að utanmáli. Heytóft er til vesturs og til austurs fjárhús með garða. Dyr snúa mót austri. Veggir eru algrónir grasi, mosa og lyngi en sér í grjóthleðslur í garðanum. Þeir eru 20-30sm háir og garðinn um 40sm hár. Veggirnir eru



1-1,5m á breidd nema suðurveggur fjárhúsanna en útbrún hans er nánast horfin og rofið svæði utan með veggnum. Stórt grjót er við enda garðans.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Á merkjum Meyjarlands og Innstalands er Beitarhúsavík. Þar eru rústir af 60 kinda beitarhúsum (65.47.13/19.39.83) niðri á sjávarbakka en framan við þau er stór rétt. Alldjúpt gildrag er sunnan við húsinn og kemur niður í miðja víkina og er réttin að heita má neðst í ytri gilvanga. Lítil heytóft hefur verið ofan við húsinn.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 239). Í örnefnaskrá segir: „Í Meyjarlandslandareign er syðst við sjóinn Húsavík, Húsavíkurnef og Húsavíkurlaut. Í Ytri-Húsavíkurlaut stóðu beitarhús.“ (Örnefnaskrá Meyjarlands (1), 1).

Meyjarland 1733-140

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Hættumat: **Hætta vegna landbrots og rofs.** Minjarnar liggja um 3m frá sjávarbakka sem er rofinn og greinilega eitthvert landbrot að líkindum bæði vegna sjávar, veðurs og vinda.

Staðhættir


Beitarhúsavík eða Húsavík er syðst í landi Meyjarlands og upp af henni er Ytri-Húsavíkurlaut. Í lautinni, um 80m norður af merkjum Meyjarlands og Innstalands er beitarhúsatóft nr. 1733-139 og beint austan við hana en aðeins neðar í landinu, fram á sjávarbakka er rétt.

Lýsing

Réttin er 8x10m að utanmáli, algróin grasi, mosa og lyngi og nokkuð niðurgráfin. Veggir eru því hærri að innan en utan, mest 70sm háir að innan en 30sm að utan. Þeir eru 1-2m á breidd. Frá suðvestur horni tóftar er stuttur veggur til vesturs en óvíst með hlutverk nema hann hafi verið til að auðvelda innrekstur. Hlið hafa mögulega verið nyrst á vesturvegg og/eða vestast á suðurvegg.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Á merkjum Meyjarlands og Innstalands er Beitarhúsavík. Þar eru rústir af 60 kinda beitarhúsum (65.47.13/19.39.83) niðri á sjávarbakka en framan við þau er stór rétt. Alldjúpt gildrag er sunnan við húsinn og kemur niður í miðja víkina og er réttin að heita má neðst í ytri gilvanga. Lítil heytóft hefur verið ofan við húsinn.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 239). Í örnefnaskrá segir: „Í Meyjarlandslandareign er syðst við sjóinn Húsavík, Húsavíkurnef og Húsavíkurlaut. Í Ytri-Húsavíkurlaut stóðu beitarhús.“ (Örnefnaskrá Meyjarlands (1), 1).



Meyjarland 1733-141

Hlutverk: Óþekkt, stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.

Minjarnar eru um 20m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir en bakkarnir eru það háir að minjarnar eru ekki taldar í bráðri hættu.

Staðhættir

Beitarhúsavík eða Húsavík er syðst í landi Meyjarlands og upp af henni Húsavíkurlaut. Í

lautinni sem er í bláhorni Meyjarlands, 20m vestur af sjávarbakkanum og 20m norður af merkjum við Innstaland er tóft.

Lýsing

Tóftin er tví- til fjórskipt, 5x12m að utanmáli og snýr nálega austur/vestur. Til austurs er greinilega tvískipt tóft með dyr eða hlið mót austri og innangengt á milli hólfa. Vestan við eru veggir þýfðari og ógreinilegri, mögulega eldri. Þar virðist vera a.m.k. eitt hólf og mögulega annað á milli sem gæti þó verið hruninn veggur. Enn eitt hólf eða mögulega eldri tóft virðist vera áfast að norðan en veggir þess eru þýfðir og fremur ógreinilegir. Veggir eru 20-40sm háir og 1-1,5m á breidd. Þeir eru algrónir grasi, mosa og lyngi. Tóftin virðist gömul en austur endi mögulega yngri og jafnvel virðist sem að það hafi verið hlaðinn stekkur í eldri minjum og hefur þá króin verið til vesturs en réttin til austurs.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Sunnan við gilið, suður undir merkjagirðingu, sjást enn aðrar húsarústir í þúfnahvammi (65.47.10/19.39.84). Óljóst er hvaða hús hér hefur verið, a.m.k. virðist það hvorki fjárhús né sjóbúð.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 239).

Meyjarland 1733-142

Sérheiti: Huldufólksborg

Hlutverk: Huldufólksbústaður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Huldufólksborg heitir klettur sem gengur fram í sjó um 315m ANA af íbúðarhúsinu á Meyjarlandi.

Lýsing

Hnit voru tekin á klettinum af loftmynd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Nokkru norðar er allstór vangi framan í bakkanum og heitir hann Mógrafarvangi. Næst þar fyrir norðan kemur lendingin, þá kemur klettur sem gengur fram í sjó og heitir Huldufólksborg, og er klettur þessi mjög eftirtektarverður.“ (Örnefnaskrá Meyjarlands (1), 1)

Horfna- óstaðsettar minjar

Meyjarland 1733-143

Sérheiti: Mógrafarvangi

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Nokkru norðar er allstór vangi framan í bakkanum og heitir hann Mógrafarvangi. Næst þar fyrir norðan kemur lendingin, (...)“ (Örnefnaskrá Meyjarlands (1), 1).

Lýsing

Engar mógrafir fundust á vettvangi og eru að líkindum komnar í tún.

Innstaland - söguágrip

Innstalands er fyrst getið 1446, þá í eign Reynistaðaklausturs. Jörðin var þá í eyði og engin kúgildi fylgdu henni en hún var „byggð fyrir V aura“.⁹⁸ Árið 1556 voru kúgildi 4, landskuld var 3 ær, 2 dagsláttur og 20 álnir. Árið 1709 er jarðardýrleiki 12 hundruð og leigukúgildi þá 3. Lending er sögð góð en ekkert skip gekk þá sökum efnaleysis en áður 1-3 eftir efnum ábúanda.⁹⁹ Árið 1703 voru fjórir til heimilis að Innstalandi en 10 þegar flestir eru skráðir þar árið 1890.¹⁰⁰ Innstalandskot var hjáleiga frá Innstalandi, í jarðabókinni 1709 sögð forn eyðihjáleiga sem verið hafði í eyði í 20 ár eða lengur. Leigukúgildi á kotinu var þá eitt. Heimræði var frá Innstalandi og lending sögð góð og skip ábúandi 1-3 eftir efnum en ekkert þegar jarðabókin var skráð.¹⁰¹ Í sóknalýsingu sr. Jóns Reykjalín frá 1840 segir að í Innstalandi sé þrautalending fyrir Reykjaströndina ef „annars nokkurs staðar“ hann segir jafnframt: „á Innstalandi er langbezt að lenda með aðfalli, en með fjöru er vörin alltæp og mjó, verður ei heldur umbætt.“¹⁰² Í örnefnaskrá er heldur jákvæðari lýsing á lendingunni á Innstalandi en þar segir að lendingin sé skammt norðan við læk þann sem rennur niður Innstalandsgil „einstök í sinni röð“. Þar segir enn fremur: „Meðan útræði var á Reykjaströnd Innstalandslending notuð ef ólendandi þótti norðar á ströndinni. Mjög mikið brim þarf til að öldur brotni í sjálfri lendingarrennunni.“¹⁰³

⁹⁸ Íslenskt fornbréfasafn IV, 702.

⁹⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. bindi, 42-43.


¹⁰⁰ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. Skoðaður 03.11.15.

¹⁰¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. bindi, 43.

¹⁰² Sýslu- og sóknalýsingar II. Skagafjarðarsýsla, 26.

¹⁰³ Örnefnaskrá Innstalands, 3.

Fornleifaskráning



Innstaland 1733-144

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots. Minjarnar eru fram á sjávarbrún og þegar hefur brotið af framan af tóftinni til austurs.

Staðhættir

Á sjávarbakkanum norðaustur af túninu á Innstalandi er flatt, smápýft gras- og mólendi. Fremst á bakkanum rúmlega 150m norðaustur af fjárhúsunum

og tæplega 400m norðaustur af íbúðarhúsinu er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr NV/SA og er 4,5x6m að utanmáli. NA-veggur tóftar er nánast allur horfinn vegna ágangs sjávar. Dyr hafa að líkindum snúið til suðausturs. Veggir eru jarðsokknir um 20sm háir og metri á breidd. Þeir eru algrónir grasi.

Innstaland 1733-145

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Á sjávarbakkanum norðaustur af túninu á Innstalandi er flatt, smápýft gras- og mólendi. Fremst á bakkanum er tóft nr. 1733-144 og 13m vestur af henni er önnur tóft. Hún er um 150m norðaustur af fjárhúsunum.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og liggur austur/vestur tæplega 5x9m að utanmáli. Dyr hafa snúið til austurs í átt til sjávar. Veggir eru aðeins þýfðir og algrónir grasi. Þeir eru 20-30sm háir og um metri á breidd. Austara hólfið er stærra og veggir þær hærri en innbrúnir minni tóftar eru nánast ógreinanlegar. Útlit tóftar bendir til að þarna hafi verið gripahús af einhverju tagi með heytóft til vesturs.



Mynd 51. Lendingin á Innstalandi var í fjörunni fyrir miðri mynd, utan við mynni Innstalandsgils. Horft til NA.

sinni röð. Talsvert stórgryti, þaravaxið, er við hana beggja megin, en í sjálfri lendingunni er enginn þari á steini og að mestu leyti sandur eftir henni allri, nema efst er gróf möl. Beint á móti lendingunni er lind í bakkanum, sem vísar rétta leið til lendingar. Ef staðið er á sjávarbakkanum, sést lendingarleiðin greinilega. Meðan útræði var á Reykjaströnd, var Innstalandslending notuð ef ólendandi þótti norðar á ströndinni. Mjög mikið brim þarf til að öldur brotni í sjálfri lendingarrennunni.“ (Örnefnaskrá Innstalands, 3).

Innstaland 1733-146

Hlutverk: Lending

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt heimildum var lendingin í fjörunni norðan við Innstalandsgilið. Upp af fjörunni eru grónir bakka sem byrjað er að brjóta úr vegna ágangs sjávar. Lendingin er tæplega 300m ANA af íbúðarhúsinu.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Skammt norðan við lækinn, þar sem hann rennur í sjó, er lendingin einstök í



Mynd 52. Sjöbúðartóft nr. 1733-147. Horft er til suðausturs.

Innstaland 1733-147

Hlutverk: Sjöbúð

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots. Þegar hefur brotið af suðausturhorni tóftar og það brýtur úr annars grónum sjávarbakkanum austan tóftarinnar.

Staðhættir

Fram á grónum sjávarbakka, norðan og upp af Innstalandsgili er tóft. Tóftin hefur verið utan (austan) túnsins sem kallað var Gerði (sbr. örnefnaskrá bls. 3)


280m norðaustan við íbúðarhúsið. Girt er meðfram tóftinni að norðan og langsum eftir austurvegg hennar.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, 7x9m að utanmáli og snýr VNV/ASA. Stærra hólfið er til austurs og hefur brotið af suðausturhorni þess. Innangengt er yfir í minna hólfið sem er til vesturs en á því eru dyr sem snúa til suðurs. Veggir minna hólfsins eru lægri en stærra hólfsins en veggir eru 20-40sm háir og mest rúmlega metri á breidd. Tóftin er algróin grasi og hafði hrossum nýlega verið beitt á svæðið umhverfis tóftina.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fremst á nefinu norðan við [Innstalands]gilið eru gamlar húsatóftir og tvennar aðrar nokkrum metrum ofar. Úttekt frá 1884 tilgreinir sjóbúð, 6x3 álnir að flatarmáli, veggir stæðilegir úr grjóti og hnausum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 243).



Innstaland 1733-148

Hlutverk: Óþekkt, naust, hjallur, sjóbúð

Tegund: Hleðsla, þúst

Hættumat: Engin hætta.

Minjarnar eru 20m frá sjávarbakka þar sem að landbrots gætir. En minjarnar eru það langt frá sjávarbakka að minjarnar eru ekki taldar í bráðri hættu.

Staðhættir

Fram á grónum sjávarbakka,

norðan og upp af Innstalandsgili er tóft nr. 1733-147 og 8m norðvestan hennar eru hleðslur og þústir að líkindum leifar tóftar. Töluverður gróður á minjunum þegar skráning fór fram í októberlok 2015.

Lýsing

Hleðslan er rúmlega 2m á lengd, metri á breidd og 20sm há. Hún snýr NNA/SSV og er algróin grasi. Utan með henni að suðaustan og suðvestan er 10-15m hár kantur og vestan við er hleðsla eða þúst sem er um 2,5x3,5m á breidd. Hleðslurnar eru líklega hluti af sömu tóft en mikið gras var á minjunum vettvangsskráning fór fram í lok október 2015 og erfitt að greina útlit og samhengi minjanna.

Innstaland 1733-149

Hlutverk: Óþekkt, naust, hjallur, sjóbúð

Tegund: Hleðsla, tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru 25m frá sjávarbakka þar sem að landbrots gætir. En minjarnar eru það langt frá sjávarbakka að minjarnar eru ekki taldar í bráðri hættu.

Staðhættir

Fram á grónum sjávarbakka, norðan og upp af Innstalandsgili er tóft nr. 1733-147 og 15m VNV hennar eru samhliða hleðslur. Töluverður gróður á minjunum þegar skráning fór fram í októberlok 2015.

Lýsing

Hleðslurnar tvær liggja norður/suður og eru rúmlega 2m á milli þeirra en engar hleðslur voru greinanlegar við endana til norðurs og suðurs en þess ber að geta að mikið gras var á minjunum og erfitt að greina samhengi og útlit minjanna. Austari hleðslan er 1,5x3,5m að utanmáli en vestari hleðslan 5-8m löng og metri á breidd. Þær eru 20sm háar. Mögulega eru

hleðslurnar austur og vesturveggur mannvirkis og gæti þá hafa verið timburpil að norðan eða sunnan þar sem veggir eru ekki greinanlegir.

Innstaland 1733-150

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Dældir

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Túnið norðan við gilið á Innstalandi hét Gerði og í austur jaðri þess um 280m norðaustur af íbúðarhúsinu og 80m SA af fjárhúsinu eru dældir í túninu sem virðast vera leifar byggingar.

Lýsing

Dældirnar eru tvær hlið við hlið og virðast vera ein bygging sem legið hefur austur/vestur u.þ.b. 6x14m að utanmáli. Þær eru 15-20sm djúpar og skera sig úr umhverfi þar sem grasið í þeim er grænna og gróskumeira en umhverfis. Mögulega hefur verið þarna fjárhús sem getið er um í örnefnaskrá sem „neðri fjárhúsin“ en önnur fjárhúsbygging er um 80m norðvestar.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Á Gerðinu norðan við Innstalandsgilið standa tvenn fjárhús með stuttu millibil, -önnur ofar, hin neðar.“ (Örnefnaskrá, 1).



Mynd 53. Lækurinn (1733-151) vísaði mönnum rétta leið til lendingar. Horft er til suðurs.

Innstaland 1733-151

Hlutverk: Lind, mið

Tegund: Uppspretta

Staðhættir

Í norðurvanga Innstalandsgils er uppspretta og frá henni lítill lækur sem rennur til suðausturs og niður í fjöruna. Mun þetta samkvæmt heimild vera mið af sjó á lendinguna.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Framan í bakkanum í norðurvanga gilsins er lind sem vísar rétta leið til lendingar.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 243).

Í örnefnaskrá er eftirfarandi lýsing: „Beint á móti lendingunni er lind í bakkanum, sem vísar rétta leið til lendingar.“ (Örnefnaskrá Innstalands, 3).



Mynd 54. Neðst í heimatúninu á Innstalandi er tóft 1733-152. Horft er til norðausturs.

Innstaland 1733-152

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna jarðræktar.

Tóftin er í túni og því í almennri hættu vegna jarðræktar eins og túnasléttunar.

Staðhættir

Neðst í Heimatúninu, næst sjónum um 160m beint austur af íbúðarhúsinu er tóft. Tóftin hefur verið rétt austan við gamla túnið.

Lýsing

Tóftin er vel greinileg þrátt fyrir að búið sé að slétta þarna tún. Veggir eru ávalir og breiðir 2-3m en mest um 10-20sm háir. Hún er hringlaga og um 13m í þvermál. Það virðist vera gamall lækjarfarvegurinn sem liggur niður túnið nokkurn veginn í stefnu frá íbúðarhúsinu og meðfram tóftinni að vestan.

Tóftin er vel greinileg þrátt fyrir að



Mynd 55. Horft er eftir túngarðinum (nr. 1733-153) til vesturs.

Innstaland 1733-153

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætt.

Staðhættir

Innstalandsgilið skiptir túninu í tvennt og heitir syðri hlutinn Heimatún en nyrðri Gerði (sbr. Örnefnaskrá, 1). Túngarður er um túnið sunnanvert og að hluta að norðan beggja vegna fjárhúsanna.

Lýsing

Aðeins lítill hluti túngarðsins er innan þeirra 100m marka sem að sett eru við skráningu strandminja í þessu verkefni. Hann sést þó greinilega á loftmynd og var allur teiknaður upp. Mesta hæð garðsins þar sem hann er skráður var 70sm og breidd tæplega metri. Hann er gróinn og girt er ofan á honum að stórum hluta sunnan Heimatúnsins. Nyrðri hluti garðsins sem er á Gerðinu var eingöngu mældur af loftmynd. Heildarlengd garðsins er um 270m. Sunnan við túnið liggur hann á bakka lækjargils frá austri til vesturs og nær upp eða vestur fyrir íbúðarhúsið. Norðan við túnið liggur hann í boga að fjárhúsinu að vestan og frá því til austurs. Miðað við legu túngarðsins virðist túnið hafa verið stækkað örlítið til norðurs og Heimatúnið aðeins til vesturs í átt að veginum og til vesturs í átt til sjávar.

Aðeins lítill hluti túngarðsins er innan þeirra 100m marka sem að

Innstaland 1733-154

Hlutverk: Óþekkt, túngarður

Tegund: Garðlag


Hættumat: **Hætta vegna landbrots.** Minjarnar liggja fram á sjávarbakka þar sem að landbrots gætir að einhverju leyti. Sjávarbakinn er þarna brattur en að hluta gróinn en lítill gróður neðst.

Staðhættir

Á sjávarbakkanum sunnan við Heimatúnið og lækinn sem rennur í litlu gili til sjávar sunnan túnsins er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er 26m langt og liggur frá vestri til austurs og endar fram á sjávarbakka. Það hefur að öllum líkindum náð lengra til vesturs en nýlega er búið að brjóta tún í móanum sunnan Heimatúnsins og hefur þá verið sléttað yfir garðlagið. Það virðist mjög gamalt, hrúnið og smáþýft, allt að 3m á breidd og mest um 30sm hátt. Girðing liggur yfir garðlagið u.þ.b. fyrir miðju þessu og þar er það rofið.



Innstaland 1733-155

Sérheiti: Stekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: **Mikil hættu vegna landbrots.** Minjarnar liggja fram á sjávarbakka þar sem að landbrots gætir.

Staðhættir

Í grasgefnum en blautum hvammi á sjávarbakka sunnan undir Innstalandsmelum um 420 m suður af Heimatúninu á

Innstalandi eru tvennar tóftir.

Lýsing

Nyrðri tóftin snýr norður/suður og er 5-7x7m að utanmáli. Hlið hefur snúið mót suðri. Tóftin er tvískipt rétt til vesturs en kró til austurs en veggir hennar eru óverulegir. Veggir eru 30-60sm háir og 70-200sm á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Innstalandsmelar svokallaðir eru suður og niður frá bænum. Syðst neðan undir þeim á sjávarbakka heitir Stekkur (65.46.49/19.39.85) og eru þar tvennar rústir.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 242).

Innstaland 1733-156

Sérheiti: Stekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots. Minjarnar liggja fram á sjávarbakka þar sem að landbrots gætir.

Staðhættir


Í grasgefnum en blautum hvammi á sjávarbakka sunnan undir Innstalandsmelum um 420 m suður af Heimatúninu á Innstalandi eru tvennar tóftir.

Lýsing

Syðri tóftin snýr norður/suður og er byggð upp við brekku til norðurs. Hún er 5x7m að utanmáli og hefur hlið snúið til austurs í átt til sjávar. Veggir eru grasi og mosa grónir, 20-40sm háir og 80-150sm breiðir.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Innstalandsmelar svokallaðir eru suður og niður frá bænum. Syðst neðan undir þeim á sjávarbakka heitir Stekkur (65.46.49/19.39.85) og eru þar tvennar rústir.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 242).



Innstaland 1733-157

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Á svolitlum hávaða í aflíðandi mólendi sem nær niður að sjávarbakka um 100m vestur frá sjávarbakkanum er tóft.

Lýsing

Tóftin virðist tvískipt, 7x8m að utanmáli og snýr hún austur/vestur. Hlið eða dyr hafa

snúið til austurs í átt til sjávar. Veggir eru algrónir og mjög þýfðir en tóftin engu að síður greinanleg. Í I. bindi Byggðasögu Skagafjarðar er talið að um stekk sé að ræða og sé svo hefur króin verið til austurs en réttin til vesturs.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Innstalandsmelar svokallaðir eru suður og niður frá bænum. Syðst neðan undir þeim á sjávarbakka heitir Stekkur (65.46.49/19.39.85) og eru þar tvennar rústir. Annar stekkur (65.46.30/19.39.92) er um 300 metrum sunnar á litlum hól í graslendi, 80 m upp frá sjávarborði.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 242).

Innstaland 1733-158

Hlutverk: Óþekkt, landamerki

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Í grasgefnu og ósléttu landi um 10m norður af landamerkjum Innstalands og Skarðs er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er um 45sm langt og liggur frá veginum og beint til austurs. Það er mjög þýft og á kafi í grasi og sinu, 30-40sm hátt og um 2m á breidd.

Innstaland 1733-159

Hlutverk: Móþurrkun

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Í Innstalandslandareign er Leirdalur syðstur á sjávarströndinni, þar norðan við er nef, sem heitir Mónef. Þar mun hafa verið þurrkaður mór til eldsneytis fyrr á tímum, því mógrafir gamlar eru þar skammt frá.“ (Örnefnaskrá Innstalands, 3).

Lýsing

Á þessum slóðum fundust engin mannvirki eins og mótóftir né mógrafir en punktur var tekinn á Mónefi miðað við lýsingar í örnefnaskrá og því má gera ráð fyrir allt að 100m skekkju.

Innstaland 1733-160

Sérheiti: Stekkur

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Sunnan í svokölluðum Innstalandsmelum á sjávarbakkanum eru veggjarústir mjög gamlar, sem heita Stekkur. Í fjörunni þar niður undan er sérkennilegur bás, er einnig heitir Stekkur. Var básinn notaður sem rétt, því þegar féll að, var sjó að bakka beggja vegna.“ (Örnefnaskrá Innstalands, 3).

Lýsing

Aðrar heimildir eru ekki um þennan bás. Básinn beint framan við tóftirnar er víður og ekki líklegt að hann hafi lokast á aðfalli en þar rétt norðan við er minni bás og klettur beggja vegna hans. Virðist sá bás líklegri til að hafa verið notaður sem rétt. Punktur var tekinn af loftmynd en þar sem að heimildir skortir fyrir nákvæmri staðsetningu má gera ráð fyrir allt að 50m skekkju.

Skarð – söguágrip

Skarðs er fyrst getið árið 1295 þegar jörðin var gefin Reynistaðaklaustri við stofnun þess.¹⁰⁴ Gönguskarðsárós er nefndur á nokkrum stöðum í Landnámu. Þar er meðal annars sagt frá landnámsmanninum Skefli, sá kom í Gönguskarðsárós í sömu viku og Sæmundur hinn suðureyski, sá er nam Sæmundarhlíð. Segir í Landnámu að Skefill hafi numið allt land fyrir utan Sauðá. Síðar er getið um Arnór Skefilsson í Gönguskarði.¹⁰⁵ Í Byggðasögu Skagafjarðar er talið að Skefill hafi numið Gönguskörð og Reykjaströnd og að Skarð hafi áður heitið Gönguskarð (et) og nafnið hafi síðar færst yfir alla sveitina, þ.e. Gönguskörð (ft). Því hefur Arnór þá setið á jörð föður síns og Skarð þannig verið landnámsjörð.¹⁰⁶

Hraksíða er fornt býli í landi Skarðs. Um það segir í jarðabók frá 1709: „Hraksijda heitir eitt örnefni í Skarðslandi skamt eitt frá landamerkjum milli Veðramóts og Skarðs. Þar ætla menn að fornu hafi bygð verið, eftir sem líklegt sýnist af tóttarrústum og garðaleifum, en enginn kann hjer um neitt víst að segja. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi.“¹⁰⁷

Í jarðabók frá 1709 er jörðin metin á 25¹⁰⁸ hundruð og sömuleiðis í jarðabók Johnsen frá 1847.¹⁰⁹ Í jarðabók Árna og Páls segir: „Rekavon í meðallagi, heppnast misjafnt og lítt, í nokkur ár valla til húsa. Engjatak á jörðin í afgirtu landi í Veðramóts landi, þar sem heitir Skarðsteigur mót skipsstöðu í Skarðsfjöru. Þetta engjatak hefur brúakast átölulaust um lánagan aldur, en spillist þó mjög af grjóti og leir, sem lækir bera úr brattlendi. [...] Heimræði er hjer og lending sæmileg, hefur hjer áður gengið eitt skip, sem heimabóndi hefur átt, ekki fleiri.“¹¹⁰

¹⁰⁴ Íslenzkt fornbréfasafn II, 310.

¹⁰⁵ <http://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>, kafli 60-65.

¹⁰⁶ Byggðasaga Skagafjarðar (1999), 245-246.

¹⁰⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín (1930), 9. bindi, 45.

¹⁰⁸ Sama, 43.

¹⁰⁹ Jarðatal Johnsen (1847), 255.

¹¹⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 9. bindi, 44.

Fornleifaskráning

Skarð 1733-161 (145958 39 – 25)

Sérheiti: Skipagil

Hlutverk: Lending

Tegund: Heimild

Hættumat: Mikil hættu. Hætta vegna landbrots og framkvæmda. Þarna er landbrot af völdum sjávar auk þess sem að framkvæmdir hafa verið á svæðinu á undanförunum árum vegna urðunarsvæðis sem er á bökkunum ofan við gilið.

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Skipagil er um miðjan Skarðskrók milli Leirdals og Gönguskarðsáróss en Leirdalslækur markaði norðurlandamerki Skarðs. Þar þótti lending sæmileg í mjórri malarfjöru og voru bátar dregnir í sátur upp í gilið sem er þröngt og fremur lítið. Mannvirki eru lítt greinanleg í Skipagili.” (Byggðasaga Skagafjarðar I, 247). Í örnefnaskrá segir: „U.þ.b. miðja vegu milli Gönguskarðsár og Leirdals gengur Skipagil upp í Nafirnar. Var þar uppsátur fyrr á tímum og voru bátar settir upp í gilið, þá er mikið brimaði, því fjaran er mjó, og hefur sjór því gengið upp í bakka.“ (Örnefnaskrá Skarðs, 2).

Lýsing

Þegar skráning fór fram voru vegaframkvæmdir í gangi og verið var að leggja veg til Sauðárkróks ofan við gilið. Samkvæmt heimildamanni voru tóftir í Skipagili og sá hann síðustu veggjaleifarnar vorið 2006 (Munnl. heimild. Ingólfur Jón Sveinsson, 2006). Nú liggur skriða ofan í gilið og var ekki hægt að sjá þar neinar tóftir þegar skráð var þar á vettvangi.

Sauðá og Sauðárkrókur – söguágrip

Land jarðarinnar Sauðár tilheyrir í dag sveitarfélaginu Skagafirði og er kaupstaðurinn Sauðárkrókurinn byggður í landi jarðarinnar.

Sauðá er forn þingstaður og var hreppurinn kenndur við jörðina.¹¹¹ Þar var hálfkirkja til forna og samkvæmt Sjávarborgarmáldaga skyldi syngja þar messur annan hvern helgan dag, páskadag, krossmessu og Nikulásarmessu.¹¹²

Sauðár er fyrst getið í Sturlungu í tengslum við liðsafnað fyrir Haugsnesbardaga 1246.¹¹³ Litlu fyrir siðaskiptin var jörðin orðin eign Reynistaðaklausturs en 1525 er hún ekki talin með jörðum klaustursins en 1556 er hún komin í þess eign.¹¹⁴ Árið 1871 hófst föst búseta á Sauðárkróki sem markaði upphaf stofnunar kaupþúns og síðar kaupstaðar.¹¹⁵ Árið 1907 var Sauðárhreppi skipt í Skarðshrepp og Sauðárkrókshrepp og landamerki Sauðár urðu þá hreppamörk hins nýja Sauðárkrókshrepps.¹¹⁶

Af fornsögum má ráða að Gönguskarðsárós hafi verið skipgengur og þar skipalægi en í Landnámu segir frá því að landnámsmennirnir Sæmundur hinn suðureyski og Skefill hafi komið á skipum sínum í Gönguskarðsárós.¹¹⁷ Í Byggðasögu Skagafjarðar segir að trúlega hafi verið þar verslunarhöfn á öndverðri landnámsöld (bls. 291). Um aldaraðir var Sauðárkrókur aðalverstöð íbúa í Skörðum og Borgarsveit.¹¹⁸ Um aldamótin 1900 gerðu að minnsta kosti 20 manns út frá Sauðárkróki. Bátarnir voru sumir litlir og var ekki haldið út að staðaldri en eigendur fóru á sjó þegar tóm gafst.¹¹⁹ Í jarðabók frá 1709 eru hlunnindi meðal annars sæmileg rekavon, en selveiðivon sögð í minna langi. Heimræði er og lending í betra lagi. Ábúandi var með eitt skip þegar því er við komið en „fleiri mætti ganga, ef fólk væri til.“¹²⁰

¹¹¹ Byggðasaga Skagafjarðar I, 290.

¹¹² Íslenskt fornbréfasafn III, 530.

¹¹³ Sturlunga saga II, 74.

¹¹⁴ Byggðasaga Skagafjarðar I, 291.

¹¹⁵ Byggðasaga Skagafjarðar I, 290.

¹¹⁶ Byggðasaga Skagafjarðar I, 290-291.

¹¹⁷ Íslendingasögur I. Landssaga og landnám, 142.

¹¹⁸ Byggðasaga Skagafjarðar I, 294.

¹¹⁹ Kristmundur Bjarnason, 161.

¹²⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. bindi, 50-51.

Fornleifaskráning

Sauðá/Sauðárkrókur 1733-162 (181763 48 – 137)

Sérheiti: Lárubrunnur

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Brunnurinn var þar sem nú heitir Sandeyri, á uppfyllingu upp af syðri bryggjunni.

Aðrar upplýsingar

Í Sögu Sauðárkróks segir: „Lárubrunnur [... var] snertispöl frá veginum, sem áður lá út með brekkunni milli Króks og Eyrar.“ (Kristmundur Bjarnason, 217). Lesa má um brunnana á Sauðárkróki m.a. í grein Kristjáns C. Magnússonar í „Ýmsir pistlar um félagslíf á Sauðárkróki um og eftir 1900“. Þar segir m.a.: „Brunnar þessir voru vanalega á aðra mannhæð að dýpt eftir atvikum hringmyndaðir og vafalaust notað vel lagað fjörugrjót í hleðsluna, þegar til þess náðist. Svo þegar upp úr jörðu kom var bæði grjót og torf notað til að hækka brunninn frá jörðu og þá ýmist settur góður tréhleri yfir eða búið til svokallað brunnhús sem var á mismunandi mikið og þegar best gegndi búin til brunnvinda, sem var tré ás og inní hann var rekinn járnfleinn og á honum var sveif, en á tréásinn var vafinn kaðalspotti sem var það langur að hann náði vel til botns brunnsins. En eins og áður er getið voru ekki alltaf brunnhús bara hleðslur og þá var fest við eina fötuna band og fötunni síðan fleygt niður í brunninn og þurfti þá oft að skaka fötunum til svo hún fylltist, því hún gat komist niður á botninn.“ (Hsk. KB. 47,4 to).

Sauðá/Sauðárkrókur 1733-163 (181763 48 – 98)

Sérheiti: Gamla bryggja

Hlutverk: Bryggja

Tegund: Heimild, tréstaumar

Staðhættir

Við Strandveg, vestan Aðalgötu 21.

Lýsing

Bryggjan er horfin, eftir standa tveir tréstaumar með um 8 m millibili.

Aðrar upplýsingar

Í ferðabók Olavíusar frá 1777 segir um hafnaraðstæður, á Sauðárkróki að þar sé allörugg lending, og nægjanleg möl. Annars þykja lendingar ekki góðar við vestanverðan Skagafjörð. Fyrsta bryggjan var byggð á Sauðárkróki árið 1916, hún er nú kominn á þurrt eftir að höfnin var dýpkuð og efninu dælt upp á land. Lesa má nánar um bryggjuna og aðdraganda hennar í Sögu Sauðárkróks (Kristmundur Bjarnason, 256-257 og Kristmundur Bjarnason, 241-252).

Sauðá/Sauðárkrókur 1733-164 (181763 48 – 149)

Sérheiti: Skóarabær/ Freyjugata 10b

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Bærinn stóð þar sem nú er Freyjugata 10b.

Lýsing

Engin lýsing er til af bænum.

Aðrar upplýsingar

Bærinn var byggður um 1876. Í Sögu Sauðárkróks segir Kristmundur Bjarnason: „Torfbær þessi stóð utan Syðrilindar, austan við Eggertshús svonefnt (sjá síðar). Skórabær reisti Guðmundur Bergþórsson járnsmiður, sem áður er nefndur. Er hann fór til Vesturheims, seldi hann Guðmundi Jónssyni skóara bæ sinn. Guðmundur druknaði í Sauðárkrókshöfn árið 1891, og eignaðist þá bæinn Jón bróðir hans, sem kallaður var skóarabróðir. Hann varð holdsveikur og lézt á hæli í Reykjavík. Kona hans var Sólborg Sigurðardóttir frá Kjartansstöðum. Hún seldi Guðmundi Sigvaldasyni bæinn. Bjó hann þar lengi. – Skórabær er nú horfinn af sjónarsviðinu.“ (Kristmundur Bjarnason 176-7).

Sauðá/Sauðárkrókur 1733-165 (181763 48 – 82)

Sérheiti: Fornós

Hlutverk: Lending

Tegund: Heimild

Staðhættir

Norðan Strandvegar, skammt austur af gatnamótum Sauðárkróksbrautar og Þverárfjallsvegar sem liggur meðfram sjónum. Gera má ráð fyrir allt að 100m skekkju.

Lýsing

Það sést ekkert af skipalæginu, þarna er nú sandur og melgresi.

Aðrar upplýsingar

Kristmundur Bjarnason segir í Sögu Sauðárkróks: „Við Fornósinn var sjóbúð framundir miðbik 19. aldar og fleiri en eitt bátanaust. Til skamms tíma var og vik í sjávarkambinn á þessum slóðum, en er nú horfð.“ (Kristmundur Bjarnason, 23) Enn fremur telur hann ekki ósennilegt að átt sé við Fornós þegar segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um Sjávarborg „Heimræði er hér og lending góð“ (Sbr. Kristmundur Bjarnason, 23-24), en Sjávarborg á landræmuna (Borgarsand) norðan Strandvegar frá Fornós og austur fyrir flugvöll.

Horfnar óstaðsettar minjar**Sauðá/Sauðárkrókur 1733-166 (181763 48 – 78)**

Sérheiti: Holtsbúð

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt heimildum var sjóbúð á Gönguskarðsáreyrum sem nefndist Holtsbúð en nánari staðsetning er ekki þekkt og er búðin horfin.

Aðrar upplýsingar

Í sögu Sauðárkróks segir: „Áður en byggð hófst á Sauðárkróki, voru þar nokkrar sjóbúðir. Elst og mest þeirra var Holtsbúð úti á Gönguskarðsáreyrum, frá þeim tíma er Jón Bjarnason í

Eyhildarholti hugðist hefja þar stórútgerð, en skjótur endi var á bundinn þegar Eyhildarholtsduggan fórst. Um 1870 var búð þessi úr sögunni, og rústirnar einar til marks um framtak Jóns bónda.“ (Kristmundur Bjarnason, 141).

Sauðá/Sauðárkrókur 1733-167 1(81763 48 – 79)

Sérheiti: Bræðrabúð

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt heimildum var sjóbúð syðst á Gönguskarðsáreyri sem nefnd var Bræðrabúð. Lóðin fór undir sjó 1912 og er nákvæm staðsetning ekki þekkt.

Aðrar upplýsingar

Bræðrabúð reistu þeir bræður Stefán Bjarnason (bóndi á Geirmundarstöðum, síðar Ingveldarstöðum) og Sigurður Bjarnason (bjó á Glæsibæ, síðast í Vatnsskarði). Uppúr sjóbúðinni var reistur bær og í síðasta lagi 1883 voru flutt í hann hjónin Þorvaldur Einarsson og Lára Sigfúsdóttir, bærinn fékk nafnið Lárubær. Þessi lóð fór undir sjó árið 1912. Bærinn var byggður upp ofar í brekkunni af Gísla Magnússyni organista (Sbr. Kristmundur Bjarnason 142; 181-2).

Sauðá/Sauðárkrókur 1733-168 (181763 48 – 80)

Sérheiti: Borgarbúð

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Heimild

Staðhættir

Borgarbúð var sjóbúð sem stóð einhversstaðar á Gönguskarðsáreyrum. Námkvæmari staðsetning er ekki þekkt.

Aðrar upplýsingar

Borgarbúð var hlaðin úr torfi árið 1851, eigandi Sölvi hreppstjóri Guðmundsson á Sjávarborg (Sbr. Kristmundur Bjarnason, 24).

Sjávarborg - söguágrip

Sjávarborgar er fyrst getið í Auðunarmáldaga frá 1318 þar sem taldar eru eignir Borgarkirkju en kirkjan var helguð heilögum Andrésí.¹²¹ Jörðin var metin á 80 hundruð 1709 en hundruð hundruð þegar Björn Þorleifsson keypti hana 1439. Hún var snemma orðin stærst jarða í Sauðárhreppi og höfuðból á 13. eða 14. öld.¹²² Í jarðabók frá 1709 eru hlunnindi af nábyli við sjó talin selveiðivon í Héraðsvötnum, rekavon góð og auk þess átti jörðin rekaítak í Sauðárósi á móti engjatak í Borgarlandi. Heimræði er og lending sögð góð og hefur ábúandi haft eitt eða fleiri skip eftir getu en „(n)ú gengur ekkert, því bæði er fólk fátt og aflalítið“.¹²³

Fornleifaskráning

Horfnar óstaðsettar minjar

Sjávarborg 1733-169 (181763 48 – 84)

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt heimildum stóð sjóbúð á Borgarsandi sem lögð var niður og endurbyggð á Króknum. Nánari upplýsingar um staðsetningu eru ekki þekktar.

Aðrar upplýsingar

Í Sögu Sauðárkróks segir: „Sjóbúð þessi stóð upphaflega á Borgarsandi. Þar var hún lögð niður og endurbyggð á Króknum, af Jón Guðmundssyni í Brennigerði árið 1878, og þá var vel til hennar vandað, loft uppi yfir henni og þilstafn að framan. Hún stóð lítið austar en Sæborg (Aðalgötu 8) stendur nú og mun hafa brunnið laust fyrir heimsstyrjöld. Ábúendur Brennigerðis og Sjávarborgar notuðu hana í félagi.“ (Kristmundur Bjarnason, 141).

¹²¹ Íslenzkt fornbréfasafn III, 467.

¹²² Byggðasaga Skagafjarðar I, 323.

¹²³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. bindi, 53-54.

Samantekt

Á árunum 2012-2014 fór fram fornleifaskráning á strandminjum við austanverðan Skagafjörð og 2015 fékkst styrkur úr Fornminjasjóði til samskonar verkefnis við vestanverðan fjörðinn. Á haustmánuðum var strandlínan frá Gauksstöðum á Skaga að vesturósi Héraðsvatna skráð nema þar sem eldri fornleifaskráningar lágu fyrir. Unnið var úr eldri skráningum og minjar sem eru innan rannsóknarsvæðisins felldar inn í skýrsluna. Samtals voru skráðar 169 minjar og þar af fundust eða var hægt að staðsetja 144 með viðunandi nákvæmni (sjá 1. töflu).

Tafla 1.

Heildarfjöldi minja*	169
Horfna minjar**	25
Horfna staðsettar***	8
Minjar sem hægt var að staðsetja	144

*Heildarfjöldi minja er sá fjöldi sem skráður er upp úr heimildum, eftir heimildamönnum og á vettvangi.

**Horfna minjar eru þær sem ekki fundust á vettvangi eða sem heimildamenn mundu eftir og eru horfna í sjó. Það er ljóst að þessi tala er í raun mun hærri þar sem að heimildir eru á engan hátt tæmandi um þær minjar sem farnar eru í sjó, sem dæmi má nefna að sums staðar eru nefndar horfna sjóbúðir en fjöldi þeirra er ekki getið.

***Horfna en staðsettar minjar eru þær sem hægt var að staðsetja með fullnægjandi nákvæmni út frá heimildum eða með aðstoð heimildamanna. Áætluð möguleg skekkja er gefin upp í texta.

Þegar fornleifar eru skráðar á vettvangi er lagt mat á þá hættu sem að minjunum kann að steðja s.s. af landbroti eða rofi. Hættumat er unnið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands frá 2008 en þar er hættumat flokkað í þrjár flokka: engin hætta, hætta og mikil hætta. Minjar eru taldar í hættu sé röskun á þeim fyrirsjáanleg en í mikilli hættu séu þær þegar farnar að skemmast (sjá heimasíðu Minjastofnunar Íslands: http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf. Skoðuð 04.01.15). Alls voru skráðar á vettvangi 136 minjar eins og sjá má í 2. töflu. Af þeim eru 30 eða 22% talin vera í mikilli hættu, 33% í hættu en 30% eru ekki taldar í hættu. Þess ber að geta að hættumatið miðast við það ástand sem varir þegar minjarnar eru skráðar en það getur breyst, jafnvel á skömmum tíma. Af minjum sem skráðar voru á vettvangi eru 20 þar sem hættumat er ómetið eða 15% af heildinni. En hættumat er ekki skráð þar sem ekki er hægt að meta ástand s.s. á lendingum og miðum af sjó. Það er því rúmlega helmingur (55%) skráðra minja sem er í hættu af einhverri orsök. Flestar minjanna eru í hættu vegna landbrots eða 65 af 136, 7 eru í hættu vegna rofs og 3 minjar eru í hættu af fleiri en einni orsök (hættumat og orsök er að finna í hnitatöflu í viðauka skýrslu).

Tafla 2. Hættumat.

Hættumat	Fjöldi minja	Hlutfall af minjum sem skráðar voru á vettvangi 2015 (%)
Mikil hætta	30	22
Hætta	45	33
Engin hætta	41	30
Ómetið*	20	15
Minjar skráðar á vettvangi	136	100%

*Hættumat er skráð ómetið á minjum þar sem að ástand var ekki kannað svo sem á lendingum.

Auk hættumats er ástand minja metið út frá áður nefndum stöðum Minjastofnunar og má sjá samantekt í 3. töflu. Af 144 minjum eru 8 horfnar eða 6%, heillegar minjar eru að öllu jöfnu sjaldgæfar og er aðeins ein hér skráð heilleg eða 1%. Vel greinanlegar minjar eru 38, greinanlegar 52 og illgreinanlegar 26.

Tafla 3. Ástand minja.

Heillegar	Vel greinanleg	Greinanleg	Illgreinanleg	Sést ekki	Ómetið	Samtals
1	38	52	26	8	19	144
1%	26%	36%	18%	6%	13%	100%

Áhugaverðar minjar

Aðeins ein tóft (**1733-1**) er meðfram strandlengju Gauksstaða og liggur hún við merkin milli Gauksstaða og Foss. Tóftin virðist mjög gömul og engar heimildir eru um hlutverk hennar eða aldur. Taka mætti borkjarna í og umhverfis tóftina til að kanna aldur hennar og mögulega einnig hlutverk.

Atlahaugur (**1733-3**) heitir í landi Skefilsstaða en þar á Atli hinn rammi frá Atlastöðum að vera heygður. Um hlutverk minjanna er ekki hægt að fullyrða nema með frekari rannsókn.

Ingveldarleiði (**1733-73**) heitir í landi Ingveldarstaða á svonefndum Timburhóli niður við sjóinn. Er það aflöng þúst sem liggur frá norðri til suðurs og á þar að vera heygð kona að nafni Ingveldur. Um hlutverk minjanna er ekki hægt að fullyrða nema með frekari rannsókn.

Gamalleg tóft (**1733-141**) er í landi Meyjarlands rétt norðan við merkin við Innstaland. Hlutverk og aldur er óvíst mögulega mætti komast að því með að taka borkjarna í og við tóftina.

Neðst í túninu á Innstalandi er nokkuð umfangsmikil jarðsokkin tóft (**1733-152**) og sunnan við túnið gamalt garðlag (**1733-154**) en hvorugt kemur fyrir í heimildum. Mögulega væri hægt að ákvarða aldur og hlutverk minjanna með því að taka borkjarna.

Híbyli og kot

Í heimildum er getið um býlin Skriðukot (**1733-126 (horfið) 112, 113**), Fossárteig (**1733-105 og 109**) og einnig talið að kot hafi verið á Ekrutanga (**1733-56, 57, 59**). Engar bæjartóftir fundust á þessum meintu kotum og væri áhugavert að gera þar frekari rannsóknir.

Sjóminjar

Útræði var frá vel flestum jörðum á Reykjaströnd og Skaga þar sem því var við komið og því töluvert af minjum tengdum sjósókn. Áhugavert væri að rannsaka þessar minjar í samhengi m.a. með því að reyna að aldursgreina þær. Áhugaverðar minjar (**1733-12, 13 og 14**) eru m.a.

upp af Sævarlandsvík eða Víkinni í landi Bakka eða Bakkakots sem nú tilheyrir Þorbjargarstöðum. Minjar nr. 13 og 14 eru á sjávarbakkanum og hefur sjórinn brotið af þeim og í rofi sést í mannvistarlög allt frá því fyrir árið 1300. Þetta svæði er kallað Naust og er getið um naust á þessum slóðum í vitnisburðarbréfi frá 1476. Hægt væri að taka borkjarna og rannsaka betur snið og fá frekari aldursgreiningar og upplýsingar um umfang og mögulega hlutverk minjanna. Jafnframt eru minjar á Búðarvíkurnefi (**1733-83-85** og **87**), stök tóft (**1733-101**) er nyrst í landi í Fossárteigs, á Fagranesi eru gamlar minjar (**1733-115, 117 og 120**) á sjávarbakkanum. Á Meyjarlandi eru sjóbúðir og uppsátur við sjóinn (**1733-131-132, 136**) og á Innstalandi eru nokkrar tóftir (**1733-144, 147-149**). Minjar eru við lendingarnar á Innstalandi (**sjá t.d. 1733-61, 63, 65-66, 70 og 77**) Þó nokkur uppbygging hefur verið á minjum við lendinguna á Reykjum en þar er þó að finna minjar (**1733-43, 44**) sem rannsaka mætti m.t.t. aldurs.

Niðurlag

Nú er lokið fornleifaskráningu á um helmingi jarða sem liggja með strandlínu Skagafjarðar að vestanverðu. Niðurstöður eru þær að rúmlega helmingur þeirra minja sem liggja innan við 100m frá sjávarbakka eru í hættu og er yfirgnæfandi meirihluti í hættu vegna landbrots af völdum sjávar. Hlutfall minja í hættu var heldur hærra austanmegin í firðinum og getur það skýrst að einhverju leyti af því að ströndin er klettótttri að vestanverðu. Þó kom það bersýnilega í ljós í samtölum við heimildamenn að víða er töluvert mikið landbrot og sumstaðar mjög mikið. Mest er landbrotið þar sem land liggur lágt og jörð er auðgræf en einnig brýtur úr klettum og stórar fyllur hafa sprungið fram. Haldi landbrotið fram með sama hætti mun fjöldi minja fara í sjó á næstu árum og áratugum og þar með merkilegar heimildir um nábýli við hafið; útræði og gamla búskaparhætti.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja sem enn sjást á yfirboði eða þar sem staðsetning jarðlægra eða horfinna minja er þekkt. Þess ber að gæta að minja geta einnig leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunnar.

Heimildaskrá

Byggðasaga Skagafjarðar, I. bindi, Skefilsstaðahreppur-Skarðshreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 1999.

Guðmundur St. Sigurðarson o.fl. Sauða í Borgarsveit. Fornleifaskráning vegna aðalskipulags. Byggðasafn Skagfirðinga: 2005/42.

Íslendinga sögur. 1. bindi. Landssaga og Landnám. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan. Reykjavík, 1946.

Íslenzkt Fornbréfasafn III 1269-1415. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1896.

Íslenzkt Fornbréfasafn IV 1265-1449. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1897.

Íslenzkt Fornbréfasafn IX 1262-1536. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1909-1913.

Íslenzkt Fornbréfasafn V 1330-1476. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1899-1902.

Íslenzkt Fornbréfasafn VIII 834-1264. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1857-1876.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX. Hið íslenska fræðafélag. Kaupmannahöfn, 1930.

Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. J. Johnsen. Kaupmannahöfn, 1847.

Katrín Gunnarsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sjárvarborg. Byggðasafn Skagfirðinga: 2003-2004/23.

Kristmundur Bjarnason. *Saga Sauðárkróks, fyrsti hluti.* Skagfirzsk fræði. Sauðárkrókskaupstaður. Sauðárkrókur, 1969.

Sturlunga saga. Fyrri bindi. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Sturlungaútgáfa. Reykjavík, 1946.

Sýslu- og Sóknaýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 II – Skagafjarðarsýsla. Hið íslenska bókmenntafélag. Bókaútgáfan Norðri. Akureyri, 1954.

Örnefnaskrár

Daðastaðir á Reykjaströnd. Kristján Eiríksson skráði eftir Halldóri Jónssyni og Lárusi Sveinssyni, 1974. Örnefnastofnun Íslands.

Fagranes. Gunnar Helgason skráði eftir ýmsum heimildum. Örnefnastofnun Íslands.

Gauksstaðir. Margeir Jónsson skráði, líklega 1933. Örnefnastofnun Íslands.

Hólakot á Reykjaströnd. Kristján Eiríksson skráði eftir Sigurlaugu Eiríksdóttur og Lárusi Sveinssyni, 1974. Örnefnastofnun Íslands.

Hólkot á Reykjaströnd. Kristján Eiríksson skráði eftir Sveini Sveinssyni ofl., 1974. Örnefnastofnun Íslands.

Ingveldarstaðir á Reykjaströnd. Kristján Eiríksson skráði eftir Sveini Sveinssyni ofl., 1974. Örnefnastofnun Íslands.

Meyjarland (1). Gunnar Helgason skráði eftir Skafta J. Sigurfinnssyni. Örnefnastofnun Íslands.

Meyjarland á Reykjaströnd (2). Kristján Eiríksson skráði, 1974. Örnefnastofnun Íslands.

Reykir á Reykjaströnd. Kristján Eiríksson skráði eftir Gunnari Guðmundssyni ofl. Örnefnastofnun Íslands.

Skarð í Gönguskörðum. Kristján Eiríksson skráði eftir Ólafi Lárussyni. Örnefnastofnun Íslands.

Skefilsstaðir. Margeir Jónsson skráði eftir Sigurði Jónassyni. Örnefnastofnun Íslands.

Sævarland í Laxárdal. Kristján Eiríksson skráði eftir Sigurði Vilhelmssyni, 1974. Örnefnastofnun Íslands.

Óútgefnar heimildir

Kristján C. Magnússon. HSk. KB. 47,4 to: „Ýmsir pistlar um félagslíf á Sauðárkróki um og eftir 1900”.

Heimasíður

Heimasíða Alþingis. <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>.

Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://myndir.handrit.is/>.

Fasteignamat 1916-1918 – undirnat; Skagafjarðarsýsla. Reykir ((42) 0019v).

Fasteignamat 1916-1918 – undirnat; Skagafjarðarsýsla. Gauksstaðir ((242) 0119v).

Fasteignamat 1916-1918 – undirnat; Skagafjarðarsýsla. Skefilsstaðir ((241) 0119r).

Fasteignamat 1916-1918 – undirnat; Skagafjarðarsýsla. Sævarland ((240) 0118v).

Fasteignamat 1916-1918 – undirnat; Skagafjarðarsýsla. Hólkot ((41) 0019r).

Fasteignamat 1916-1918 – undirnat; Skagafjarðarsýsla. Hólkot ((40) 0018v).

Fasteignamat 1916-1918 – undirnat; Skagafjarðarsýsla. Meyjarland ((39) 0018r).

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is

Þjóðskrá Íslands. www.skra.is.

Heimildamenn

Jón Eiríksson f. 1929

Jón Stefánsson f. 1931

Jósefína Erlendsdóttir f. 1956.

Pétur Guðvarðarson f. 1931

Regína Vilhelmsdóttir f. 1931

Úlfar Sveinsson f. 1943

Fylgiskjöl

Hnitaskrá strandminjar 2015

Verk-nr	Nr	eldra númer	sérheiti	tegund	annað	hlutverk	annað	aldur frá	aldur til	ástand	orsök	hættumat	hættu-orsök	Austun	Norðun
1733	1			tóft	dæld	óþekkt		800	1700	greinanleg		hætta	rof	458862	605406
1733	3		Atlahaugur	hóll		legstaður	torf- eða móstabbi	800	1900	greinanleg		engin hætta		460280	602557
1733	4			tóft		stekkur		1700	1900	vel greinanleg		hætta	rof	460429	601389
1733	5			hóll		óþekkt		1000	1700	greinanleg		hætta	rof	460438	601384
1733	6			garðlag		stekkur		1700	1900	vel greinanleg		hætta	rof	460415	601388
1733	7			tóft		óþekkt		1000	1900	vel greinanleg		hætta	rof	460436	601362
1733	8			garðlag		matjurtagarður		1800	1900	vel greinanleg		mikil hætta	rof	460367	601428
1733	9			hleðsla		girðing		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		460325	601427
1733	10			gata		leið		800	1930	vel greinanleg		hætta	rof, landbrot	460462	600768
1733	11			tóft		búð		1600	1900	vel greinanleg		hætta	landbrot	460847	600149
1733	12			tóft		óþekkt	naust, hjallur	800	1800	greinanleg		hætta	landbrot	460846	600158
1733	13			dæld		óþekkt		800	1800	illgreinanleg		mikil hætta	landbrot	460854	600164
1733	14			mannvistar-leifar		óþekkt		800	1800	illgreinanleg		mikil hætta	landbrot	460864	600160
1733	15			tóft		rétt		1900	1950	vel greinanleg		mikil hætta	landbrot	461049	600095
1733	17			heimild		lending		800	1950	ómetið		ómetið		461640	600240
1733	18			frásögn		skúr, geymsla		1890	1940	illgreinanleg		hætta	landbrot	461638	600202
1733	19			tóft		uppsátur		1890	1940	greinanleg		hætta	landbrot	461641	600207
1733	20			garðlag	hleðsla	óþekkt		800	2000	greinanleg		engin hætta		461229	600049
1733	21			stallur, dæld		óþekkt	náttúrulegt, sjóbúð	800	1900	illgreinanleg		engin hætta		461297	600038
1733	22			stallur		óþekkt	náttúrulegt	800	1900	illgreinanleg		engin hætta		461332	600018
1733	23			tóft		stekkur		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		462282	600873
1733	26			tóft		stekkur		1750	1950	vel greinanleg		mikil hætta	landbrot	465571	598557
1733	27			tóft		stekkur		1600	1900	greinanleg		hætta	landbrot	465532	598558
1733	28			tóft		óþekkt	sjóbúð?	800	1900	greinanleg		engin hætta		465486	598547
1733	29			tóft		óþekkt	sjóbúð	800	1800	greinanleg		engin hætta		465454	598546
1733	30			tóft		óþekkt		800	1900	greinanleg		ómetið		465415	598538
1733	31			garðlag		túngarður		800	1900	greinanleg		mikil hætta	landbrot	466051	598489
1733	32			hleðsla		óþekkt	rétt?	800	1900	greinanleg		mikil hætta	landbrot	466267	598829

Hnitaskrá strandminjar 2015

Verk-nr	Nr	eldra númer	sérheiti	tegund	annað	hlutverk	annað	aldur frá	aldur til	ástand	orsök	hættumat	hættu-orsök	Austun	Norðun
1733	33			garðlag		matjurtagarður		800	1900	greinanleg		engin hætta		466327	598729
1733	34			garðlag		matjurtagarður		1900	1950	vel greinanleg		engin hætta		466355	598714
1733	35			hólmar		óþekkt	varpstaður	1894	1924	vel greinanleg		hætta	landbrot	466400	598643
1733	36		Reykjalaug	uppspretta	heimild	þvottalaug		1000	1934	sést ekki		horfið		466409	598558
1733	37		Jarlslaug	uppspretta	heimild	þvottalaug		1000	1934	sést ekki		horfið		466421	598554
1733	38			tóft		búð	naust	1600	1900	vel greinanleg		hætta	landbrot	466403	598401
1733	39			hús		sjóbúð		800	2000	illgreinanleg		hætta	landbrot	466399	598428
1733	40			hús		hjallur		1700	2000	illgreinanleg		hætta	landbrot	466391	598406
1733	41			heimild		spil		1800	1950	sést ekki		horfið		466402	598419
1733	42			heimild		óþekkt		1700	1950	sést ekki	byggingar	horfið		466405	598393
1733	43			hleðsla		óþekkt	sjóbúð naust	800	1900	greinanleg	landbrot	mikil hætta	landbrot	466413	598382
1733	44			þúst		óþekkt		1100	1900	illgreinanleg		mikil hætta	landbrot	466458	598317
1733	45			tóft		fjánhús		1900	1950	vel greinanleg		hætta	landbrot	466417	598209
1733	46		Bessakot	tóft	náttúrulegt	óþekkt		800	1800	illgreinanleg		hætta	landbrot	466410	598203
1733	47		Bessakot	heimild		híbýli		1785	1904	sést ekki		horfið		466416	598211
1733	48			heimild		hesthús		1904	1950	sést ekki		horfið		466415	598206
1733	49		Húkkandi	steinn		mið		1000	1950	illgreinanleg		ómetið		466520	598055
1733	50		Litlaborg	heimild		huldufólks-bústaður		800	0	ómetið		ómetið		466519	597722
1733	51			tóft		óþekkt		800	1800	illgreinanleg		engin hætta		466531	597738
1733	52			tóft		óþekkt		800	1900	illgreinanleg		mikil hætta	landbrot	466683	597697
1733	53			niðurgröftur		óþekkt	mógrafir	800	1900	greinanleg		mikil hætta	landbrot	466651	597719
1733	54			niðurgröftur		mógrafir		1500	1900	vel greinanleg		hætta	landbrot	467379	596850
1733	55			tóft		mókofi		1500	1900	vel greinanleg		engin hætta		467361	596837
1733	56			tóft		óþekkt	útihús	1800	1950	vel greinanleg		hætta	landbrot	467533	596683
1733	57			tóft		óþekkt		800	1900	greinanleg		mikil hætta	landbrot	467564	596689
1733	58			garðlag		æðarvarp		1800	1950	greinanleg		mikil hætta	landbrot	467577	596651
1733	59			garðlag		óþekkt	túngarður	800	1900	vel greinanleg		hætta	landbrot	467529	596650
1733	60			tóft		sjóbúð		1600	1900	vel greinanleg		engin hætta		467651	596396
1733	61			þúst		óþekkt		800	1900	illgreinanleg		hætta	landbrot	467670	596410
1733	62			heimild		lending		800	1950	ómetið		ómetið		467690	596417

Hnitaskrá strandminjar 2015

Verk-nr	Nr	eldra númer	sérheiti	tegund	annað	hlutverk	annað	aldur frá	aldur til	ástand	orsök	hættumat	hættu-orsök	Austun	Norðun
1733	63			tóft		óþekkt	uppsátur?	1600	1900	vel greinanleg		hætta	landbrot	467696	596399
1733	64			garðlag		óþekkt	brú	1600	1900	vel greinanleg		engin hætta		467682	596389
1733	65			garðlag		óþekkt, fisktökuskúr	matjurtagarður, hjalli	1800	1950	vel greinanleg		engin hætta		467698	596384
1733	66			hleðsla		sjóbúð	fjárhús	1800	1950	illgreinanleg		hætta	landbrot	467717	596372
1733	67		Messuklökk	heimild		lending		800	1950	ómetið		ómetið		467846	596305
1733	68		Gvendar-brunnur	uppspretta		vatnsból		800	1900	vel greinanleg		engin hætta		467763	596238
1733	69			tóft		búð		1600	1900	greinanleg	landbrot	mikil hætta	landbrot	467804	596267
1733	70			steinsteypa		geymsla		1930	1960	greinanleg		mikil hætta	landbrot	467804	596267
1733	71			púst		óþekkt		800	1900	illgreinanleg		hætta	landbrot	467771	596215
1733	72			niðurgröftur		óþekkt		800	2000	greinanleg		hætta	landbrot	467797	596251
1733	73			púst		legstaður	óþekkt	800	1900	vel greinanleg		hætta	landbrot	467780	596176
1733	77			tóft		sjóbúð		1500	1900	greinanleg	landbrot	mikil hætta	landbrot	467830	595882
1733	78			hleðsla		óþekkt	girðing	1800	1930	greinanleg		hætta	landbrot	467823	595879
1733	79			hleðsla		óþekkt		1800	1950	illgreinanleg		hætta	landbrot	467859	595840
1733	80			steinalögn		óþekkt		1800	1950	greinanleg		engin hætta		467830	595826
1733	81			heimild		lending		800	1960	ómetið		ómetið		468060	595408
1733	82			garðlag		matjurtagarður		1800	1950	greinanleg		hætta	rof	468022	595356
1733	83			tóft		sjóbúð		1600	1900	vel greinanleg		hætta	landbrot	468071	595372
1733	84			tóft		óþekkt	naust	800	1900	greinanleg		hætta	landbrot	468055	595361
1733	85			tóft		óþekkt		800	1800	illgreinanleg		hætta	landbrot	468097	595371
1733	86			heimild		eyktarmark		800	1930	ómetið		ómetið		468083	595358
1733	87			tóft		sjóbúð		1750	1950	greinanleg		hætta	landbrot	468078	595326
1733	92		Merkja-klökk	klökk		landamerki		800	0	ómetið		ómetið		468428	594264
1733	93		Drangs-víkurnef	heimild		eyktarmark		800	0	ómetið		ómetið		468561	594174
1733	94			tóft		óþekkt		1600	1900	greinanleg		engin hætta		468544	593152
1733	95			niðurgröftur		óþekkt	kartöflugeymsla	1700	1900	greinanleg		engin hætta		468557	593149
1733	96			garðlag		matjurtagarður		1700	1900	greinanleg		hætta	landbrot	468569	593143

Hnitaskrá strandminjar 2015

Verk-nr	Nr	eldra númer	sérheiti	tegund	annað	hlutverk	annað	aldur frá	aldur til	ástand	orsök	hættumat	hættu-orsök	Austun	Norðun
1733	97			garðlag	hryggur	óþekkt	túngarður, girðing	800	1900	illgreinanleg		hætta	landbrot	468570	593000
1733	98			garðlag		túngarður		1890	1950	vel greinanleg		hætta	landbrot	468637	592871
1733	99			hleðsla	gullabú, fiskbyrgi	óþekkt	leikstaður barna?	800	1900	greinanleg		engin hætta		468702	592605
1733	101			tóft		sjóbúð		1850	1940	vel greinanleg		mikil hætta	landbrot	468777	592585
1733	101			tóft		óþekkt		800	1800	greinanleg		engin hætta		468685	592554
1733	102			heimild		lending		800	1970	ómetið		ómetið		468786	592578
1733	104			tóft		beitarhús		1600	1850	greinanleg		engin hætta		468758	592048
1733	105			hryggur, náttúrulegt		óþekkt	túngarður	800	1900	greinanleg		engin hætta		468768	591999
1733	111		Skriðukot	tóft		beitarhús		1800	1950	vel greinanleg		engin hætta		468930	591349
1733	112			tóft		óþekkt		800	1900	greinanleg		engin hætta		468902	591371
1733	113			tóft		óþekkt	stekkur, naust	1600	1900	greinanleg		mikil hætta	landbrot	469023	591347
1733	114			heimild		lending		800	1900	ómetið		ómetið		469152	590829
1733	115			tóft		óþekkt		800	1800	illgreinanleg		hætta	landbrot	469138	590830
1733	116			tóft		sjóbúð		1850	1950	vel greinanleg		hætta	landbrot	469140	590806
1733	117			tóft		óþekkt	sjóbúð	800	1800	illgreinanleg		hætta	landbrot	469147	590807
1733	118			tóft		stekkur		1600	1900	greinanleg		hætta	landbrot	469152	590796
1733	119			steinalögn		óþekkt	túnahreinsun	800	1900	vel greinanleg		engin hætta		469082	590769
1733	120			tóft		óþekkt		800	1800	illgreinanleg		engin hætta		469139	590757
1733	121			niðurgröftur		óþekkt	uppsátur	800	1900	greinanleg		mikil hætta	landbrot	469166	590772
1733	123			garðlag		óþekkt, girðing		800	1800	greinanleg		engin hætta		469130	590616
1733	123			heimild		lending		1900	1940	ómetið		ómetið		469347	590576
1733	124			niðurgröftu r-hleðsla		óþekkt	uppsátur	800	1900	illgreinanleg		mikil hætta	landbrot	469342	590564
1733	125			tóft		óþekkt	sjóbúð	1600	1920	greinanleg	landbrot	mikil hætta	landbrot	469755	589961
1733	127			tóft		stekkur		1600	1900	vel greinanleg		engin hætta		469650	588986
1733	128			heimild		lending		800	1900	ómetið		ómetið		469637	588767
1733	131			niðurgröftur		uppsátur		800	1900	greinanleg	landbrot	mikil hætta	landbrot	469691	588486
1733	132			tóft		naust		1500	1900	greinanleg	landbrot	mikil hætta	landbrot	469693	588483

Hnitaskrá strandminjar 2015

Verk-nr	Nr	eldra númer	sérheiti	tegund	annað	hlutverk	annað	aldur frá	aldur til	ástand	orsök	hættumat	hættu-orsök	Austun	Norðun
1733	133			heimild		lending		800	1930	ómetið		ómetið		469712	588490
1733	134			gata		leið		800	1930	greinanleg		mikil hætta	landbrot	469698	588482
1733	135			hleðsla		óþekkt		1500	1900	greinanleg		hætta	landbrot	469697	588478
1733	136			tóft		búð		1600	1900	vel greinanleg		hætta	landbrot	469695	588462
1733	137			niðurgröftur		óþekkt		1600	1900	vel greinanleg		mikil hætta	landbrot	469701	588468
1733	138			garðlag		óþekkt	undan girðingu	800	1950	greinanleg		hætta	landbrot	469610	588152
1733	139			tóft		beitarhús		1600	1900	vel greinanleg		engin hætta		469561	587744
1733	140			tóft		rétt		1600	1900	vel greinanleg		hætta	landbrot	469582	587736
1733	141			tóft		óþekkt	stekkur	800	1800	vel greinanleg		engin hætta		469581	587676
1733	143		Huldufólks-borg	heimild		huldufólks-bústaður		800	0	ómetið		ómetið		469652	588616
1733	144			tóft		óþekkt		800	1800	greinanleg	landbrot	mikil hætta	landbrot	469695	587255
1733	145			tóft		óþekkt	útihús m. heytóft	1600	1930	vel greinanleg		engin hætta		469672	587252
1733	146			heimild		lending		800	1930	ómetið		ómetið		469635	587081
1733	147			tóft		sjóbúð		800	1900	greinanleg		mikil hætta	landbrot	469627	587113
1733	148			hleðsla, þúst		óþekkt	naust, hjallur, sjóbúð	800	1900	greinanleg		engin hætta		469612	587126
1733	149			hleðsla		óþekkt	naust, hjallur, sjóbúð	800	1900	greinanleg		engin hætta		469603	587123
1733	150			dældir		óþekkt	útihús	800	1980	illgreinanleg	niðurrifs, sléttunar	engin hætta		469607	587149
1733	151			uppspretta		lind, mið		800	1900	heilleg		engin hætta		469602	587101
1733	152			tóft		óþekkt		800	1900	greinanleg		engin hætta		469535	586994
1733	153			garðlag		túngarður		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		469510	586956
1733	154			garðlag		óþekkt	túngarður	800	1800	greinanleg		hætta	landbrot, jarðrækt	469520	586917
1733	155		Stekkur	tóft		stekkur		800	1900	illgreinanleg		mikil hætta	landbrot	469572	586539
1733	156			tóft		stekkur		800	1900	illgreinanleg		mikil hætta	landbrot	469573	586527
1733	157			tóft		óþekkt		800	1800	greinanleg		engin hætta		469514	586217
1733	158			garðlag		óþekkt	landamerki	800	1900	greinanleg		engin hætta		469466	585678
1733	159		Mónef	heimild		mópurrrkun		800	1900	ómetið		ómetið		469502	585843

Hnitaskrá strandminjar 2015

Verk-nr	Nr	eldra númer	sérheiti	tegund	annað	hlutverk	annað	aldur frá	aldur til	ástand	orsök	hættumat	hættu-orsök	Austun	Norðun
1733	160		Stekkur	náttúrulegt		rétt		800	1950	ómetið		ómetið		469601	586562
1733	161	145958 39-25	Skipagil	heimild		lending		800	1950	ómetið		mikil hættu	landbrot, fram-kvæmd	469717	585346
1733	162	181763 48-137	Láru-brunnur	heimild		brunnur		1880	0	sést ekki		horfið		470211	584505
1733	163	181763 48-98	Gamla bryggja	heimild	tréstaumar	bryggja		1916	0	illgreinanleg		engin hættu		470225	584004
1733	164	181763 48-149	Skórabær	heimild		bústaður		1876	0	sést ekki		horfið		470213	584006
1733	165	181763 48-82	Fornós	heimild		lending		800	1920	ómetið		ómetið		471622	583080

Gauksstaðir-Sævarland



Gauksstaðir

Skefilsstaðir

(Bakkakot)

4-9

- mikil hætta
- hætta
- engin hætta
- ómetið
- horfið

0 500 1000 1500 m

Sævarlandsvík

11-14

15

20-22

18-19

23

Sævarland



Reykir að Hólkoti

N



Reykir

Ytri-Ingveldarstaðir

Syðri-Ingveldarstaðir

Búðarvík


Hólkot

- mikil hættu
- hættu
- engin hættu
- ómetið
- horfið

0 500 1000 1500 m



Hólakot-Fagranes



- mikil hætta
- hætta
- engin hætta
- ómetið
- horfið

0 500 1000 1500 m



Steinn að Borgarsandi

Steinn

Meyjarland

Innstaland

Gönguskarðsá

Sauðárkrókur

- mikil hætta
- hætta
- engin hætta
- ómetið
- horfið

0 500 1000 1500 m

N



127

128

143

131-137

138

139-140

141

144-145

146-151

152-154

155-56, 160

157

159

158

161

162

163-164

165